SKOÐUN Kosningaloforð mega ekki verða af sama tagi og megrun, skrifa Ari, Auður og Rannveig Jónsbörn. **19**

MENNING Nýjustu fréttir eru síðasta leiksýning í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. **28**

SPORT Aaron Broussard, leikmaður Grindavíkur, lætur verkin tala sínu máli. **36**



FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
19. apríl 2013
91. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012

LÍFIÐ

Prífst á því að skapa

Fatahönnuðurinn Birta Björnsdóttir ákvað að breyta til fyrir átta mánuðum og flutti með fjölskyldunni til Barcelona þar sem lífið gengur dásamlega vel.

FRÉTTIR

Reiðir dvergar Sjáendur segja dverga í hulduheimum reiða vegna lagningu nýs Álftanesvegar. **2**

ESB viðræður Meirihluti landsmanna vill ljúka aðildarviðræðum við ESB samkvæmt nýrri könnun. **4**

Föst á 7. hæð Par með tvö börn, annað mikið fatlað, er í klípu þar sem þau búa á 7. hæð. **8**

18

Bolungarvík	3°	SA	9
Akureyri	3°	SSA	6
Egilsstaðir	3°	SSA	7
Kirkjubæjarkl.	6°	SA	7
Reykjavík	4°	SA	12

Vaxandi vindur með rigningu sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðaustanlands fram eftir degi. Hlýnar í dag. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Hamborgarar | Fólk

Einstök manndrápsrannsókn

Rannsókn á andláti fangans Sigurðar Hólm Sigurðssonar er ein sú flóknasta og viðamesta sem íslensk lögregla hefur ráðist í. Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur ryndi í atferli fanga út frá upptökum úr öryggismyndavélum.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi hefur lokið rannsókn sinni á andláti Sigurðar Hólm Sigurðssonar, sem grunur er um að hafi verið ráðinn bani í fangaklefa á Litla-Hrauni 17. maí í fyrra. Málið er nú komið til ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um útgáfu ákæru.

Tæknilega er rannsóknin sú flóknasta sem embættið hefur ráðist í og lögreglumenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að sjaldan eða aldrei hafi verið lagt í viðlíka vinnu við rannsókn á sakamáli af þessu tagi á Íslandi.

Tveir margdæmdir ofbeldismenn, Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson, sátu í gæsluvarðhaldi um skeið, grunaðir um að hafa orðið Sigurði að bana.

„Við höfum aldrei lagst í eins mikla og flókna tæknivinnu og við þurftum að gera í þessu máli, vegna þess að samvinna hefur ekki verið fyrir hendi við sakborningana," segir Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi.

Nákvæm eftirmynd klefans þar sem Sigurður fannst látinn var byggð í húsakynnum Lögregluskólans. Þar var möguleg atburðarás sviðsett og þeim Annþóri og Berki gefinn kostur á að lýsa atvikum í klefanum. Allt var þetta kvikmyndað og eru upptökurnar á meðal málsgagna.

Íslensk lögregla hefur áður endurskapað brotavettvang en aldrei með eins fullkomnum hætti og í þessu máli.

Sálfræðingarnir Gísli Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson voru fengnir til að fara yfir upptökur úr öryggismyndavélum á fangelsisganginum og greina atferli fanga í leit að vísbendingum um það sem fram hafði farið. Þetta mun vera einsdæmi á Íslandi.

Enn fremur voru sérfræðingar fengnir til að mæla hljómburð í fangelsinu og meta möguleikana á að vitni hefði heyrt það sem fram fór í klefa Sigurðar. Að auki var verkfræðiprófessor látinn rannsaka þá krafta sem hefði þurft til að rjúfa milta Sigurðar.

ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON



BÖRKUR BIRGISSON

Samkvæmt heimildum blaðsins liggja auk þess krufningarskýrslur tveggja réttarmeinafræðinga fyrir í málinu og mun önnur þeirra vera öllu afdráttarlausari en hin um að Sigurði hafi verið veittir áverkar af mannavöldum.

Síðasta atriðið sem gerir þetta mál einstakt er að nokkrir samfangar hinna grunuðu hafa þegar borið vitni fyrir héraðsdómi og fengið að njóta nafnleyndar af ótta við þá.

stigur@frettabladid.is

MÖRG NÝMÆLI

- Nákvæm eftirmynd fangaklefans byggð.
- Sálfræðingar ryndu í atferli fanga á upptökum úr öryggismyndavélum.
- Sérfræðingar mældu hljómburð í fangelsinu.
- Verkfræðiprófessor lagði mat á krafta sem þarf til að rjúfa milta manns.
- Tveir réttarmeinafræðingar rannsökuðu áverkana.
- Vitni gáfu skýrslu fyrir dómi einslega og njóta nafnleyndar.

HREIN TORG – FÖGUR BORG Það er því til staðfestingar að vorið sé á næsta leiti þegar byrjað er að hreinsa götur og torg eftir veturinn. Örn Karlsson, starfsmaður fyrirtækisins Hrein torg, er einn þeirra sem bera hitann og þungann af þessu mikla verki. Örn vann að því í gær að snurfusa við Ráðhús Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ræðumaður Íslands:

Þriðja stúlkan sem vinnur á síðustu 29 árum

FÓLK „Mig langaði virkilega til fá þennan titil en það er ekki hægt að segja að ég hafi búist við þessu," segir Verslunarskólaneminn Sigríður María Egilsdóttir. Hún hlaut titilinn Ræðumaður Íslands á úrslitakvöldi Morfís fyrir viku.

SIGRÍÐUR MARÍA EGILSDÓTTIR

Sigríður er þriðja stúlkan sem hlýtur þennan titil í 29 ára sögu keppninnar en fjórtán ár eru síðan stúlka var valin Ræðumaður Íslands. „Það var löngu orðið tímabært að kona hlyti þennan titil."

- áp / sjá síðu 42

Danska hagfræðingnum Lars Christensen líst illa á stóra kosningamálið:

Upptaka eigna þrotabúa skaðleg

EFNAHAGSMÁL Íslandsvinurinn Lars Christensen, forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank, varar sterklega við því að íslensk stjórnvöld beiti löggjafarvaldinu til að komast yfir eignir þrotabúa bankanna. Christensen segir að slík aðgerð myndi gera afnám gjaldeyrishafta mun erfiðara auk þess sem traust erlendra fjárfesta á Íslandi myndi minnka til muna.

„Ég hef verið að fylgjast með kosningabaráttunni og ef ég set mig í spor erlends fjárfestis hefði ég miklar áhyggjur af umræðunni um gjaldeyrishöftin og sérstaklega tillögu sem kynnt hefur verið um í raun upptöku ríkisins á eignum þrotabúa gömlu bankanna," segir Christensen og bætir við að slík aðgerð myndi hafa verulega neikvæð áhrif á fjárfestingu hér á landi.

- mþl / sjá síðu 4

GERÐI ALLT VITLAUST ÁRIÐ 2006

Lars Christensen hefur komið reglulega til Íslands síðustu ár til að kynna greiningar Danske Bank á íslensku efnahagslífi. Sú fyrsta þeirra, sem kom út árið 2006, vakti mikla athygli hér á landi því þar var dregin upp dökk mynd af stöðu mála í efnahagslífinu. Brugðust innlendir aðilar, þar á meðal stjórnmálamenn, illa við skýrslunni sem var harðlega gagnrýnd. Fjallað var um viðbrögðin við henni í rannsóknarskýrslu Alþingis.

SPURNING DAGSINS

Guðrún, færðirðu barninu víxil?

„Ég færði því lykil að bjartri framtíð í formi hálsmens sem er falleg hafnfirsk hönnun og klassíkina Dimmalimm.“

Hafnfirðingar urðu 27 þúsund talsins þegar stúlkubarn fæddist í mars. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri færði barninu gjöf. Hafnfirðingar berjast við erfiða skuldastöðu í kjölfar hrunsins.

Mikil óánægja ríkir meðal framhaldsskólakennara um kjör og samningar losna í lok janúar 2014:

Kennarar undirbúa enn eitt verkfallið

KJARAMÁL Félag framhaldsskólakennara er í fullum gangi með kjarabaráttu sína og undirbýr allsherjarverkfall í febrúar, náist ekki að semja fyrir þann tíma. Samningar við stéttina verða lausir í lok janúar, en kjarasamningum við ríkið var hafnað seinnihluta síðasta árs.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að ljóst sé að þau stefni í mjög erfiða kjarasamninga. „Það má vera staurblindur maður sem sér ekki þegar hann skoðar málin að það eru hörð átök fram undan,“ segir hún. Spurð hvort það stefni hraðbyri í verkfall framhaldsskólakennara, segist Aðalheiður ekki vera bjartsýn miðað við framvindu mála hingað til.

„Það er morgunljóst. Hver sá sem skoðar kjaramál og launaþróun í framhaldsskólum áttar sig á því að þarna er stórkostlegur vandi á ferðinni,“ segir hún. Það sé ekkert launungarmál að ef engar úrlausnir komi áður en kjarasamningar losni í lok janúar verði staðan vond. „Það er mjög ámælisvert að stjórnvöld ætli að sitja með hendur í skauti og ekkert að aðhafast til að afstýra vondum málum,“ segir hún.

Nokkrir kennarar sem Fréttablaðið ræddi við taka í sama streng og segja allt stefna í langt og strangt verkfall í febrúar.

Félag framhaldsskólakennara er eitt af sjö aðildarfélögum Kennarasambands Íslands með um 1.700 félagsmenn. Alls eru starfræktir 34 framhaldsskólar á landinu. - sv

„Það má vera að staurblindur maður sem sér ekki þegar hann skoðar málin að það eru hörð átök fram undan“

Aðalheiður Steingrímsdóttir formaður Félags framhaldsskólakennara

TILBÚINN MEÐ KAJAKINN Guðni Páll Viktorsson ætlar að sigla í kringum landið á sextíu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Styrkir Samhjálp með lífróðri:

Á kajak í kringum landið

SAMFÉLAGSMÁL Vinir og stuðningsmenn Samhjálpar komu saman í samkomusal Samhjálpar í gær til að kveðja Guðna Pál Viktorsson áður en hann heldur í kajakróður í kringum Ísland til styrktar Samhjálp.

Verkefnið heitir Around Iceland 2013 en þá mun Guðni Páll sigla á kajak sínum í kringum landið á 60 dögum. Ferðin mun hefjast á Höfn í Hornafirði þann 1. maí en hægt verður að fylgjast með róðrinum og heita á verkefnið á vefsíðunni www.aroundiceland2013.com. - hó

Ný könnun Fréttablaðsins:

Fáir vilja lögleiða kannabis

KÖNNUN Tæplega 83 prósent landsmanna eru því andvíg að lögleiða neyslu kannabisefna samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 12 prósent vilja lögleiða efnin en fimm prósent segjast hlutlaus.

Um 78 prósent karla sögðust ekki vilja lögleiða kannabis samanborið við 87 prósent kvenna.

Úrtakið í könnuninni var 1.899 manns en hringt var þar til náðist í 1.200 samkvæmt lagskiptu úrtaki 15. apríl og 16. apríl. Svarhlutfallið var 63,2 prósent. Alls tóku 97,6 prósent afstöðu til spurningar um kannabis. - bj

Umboðsskrifstofa í Svíþjóð:

Elta stúlkur með lotugræðgi

SVÍÞJÓÐ Fulltrúar frá umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur í Stokkhólmi hafa reynt að tæla til sín sjúklinga með lystarstol og lotugræðgi.

Í viðtali á fréttavefnum metro.se segir yfirlæknir móttökunnar að þetta sé forkastanlegt og sendi röng skilaboð til sjúklinganna sem eru að reyna að ná bata. Læknirinn segir að vitað sé að þarna séu afar grannar og veikar 14 til 15 ára stúlkur á ferð. Umboðsmennirnir leituðu til stúlkna sem voru á leið til og frá móttökunni. Ein þeirra var í hjólastól vegna ástands síns. - ibs

Sjáendur óttast slys vegna reiðra dverga

Félagsskapurinn Hraunavinir berst gegn lagningu nýs Álftanesvegar um Gálgahraun. Sjáandinn og pínókennarinn Erla Stefánsdóttir segir álfaklettinn Ófeigskirkju fara undir veginn. Erla óttast slys vegna reiði dverganna í hulduheimum.

UMHVERFISMÁL Hraunavinir hyggjast kæra fyrirhugaða lagningu nýs Álftanesvegar sem liggja á frá Engidal í Garðabæ, yfir Gálgahraun og að hringtorgi á móts við Bessastaði.

Ganga á frá verksamningi vegna nýja vegarins síðar í þessum mánuði. Reynir Ingibjartsson, formaður Hraunavina, tekur fram að áhyggjur félagsmanna séu bundnar við þann spotta vegarins sem mun liggja yfir Gálgahraun. „Við gerum engar athugasemdir við þennan veg annars staðar, síður en svo,“ segir hann.

Að sögn Reynis tókst Hraunavinum fyrir nokkrum árum að bjarga klettum í hrauninu þar sem Kjarval málaði mörg sín frægustu verk. „Þá fengum við áheyrn hjá bæjaryfirvöldum og menn hrukku við. Þessar íbúðarlóðir sem þar áttu að vera hurfu þegjandi og hljóðalaust,“ segir hann.

Reynir nefnir ýmsar fornminjar og fornar gönguleiðir sem muni glatast. Sérstaklega tiltekur hann álagaklettinn Ófeigskirkju. Þangað fóru nokkrir félagar úr Hraunavinum á miðvikudag, ásamt Erlu Stefánsdóttur pínóleikara, öðrum tveggja sjáenda sem lagst hafa sveif með Hraunavinum á síðustu dögum.

Fréttablaðið náði ekki tali af Erlu en Reynir segir henni líða mjög illa vegna yfirvofandi vegaframkvæmda.

„Erla óttast að þarna verði slys. Hún segir að í hulduheimunum í hrauninu, sem hún sér en við sjáum ekki, séu sumir mjög reiðir, sérstaklega dvergarnir,“ segir Reynir. Við þetta tækifæri gerði Erla blýantsteikningu af Ófeigskirkju eins og hún sér hana.

REYNIR INGIBJARTSSON Formaður Hraunavina segir margvísleg verðmæti glatast verði af lagningu nýs Álftanesvegar. Meðal annars muni kletturinn Ófeigskirkja hverfa og það vekja reiði í hulduheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hún segir að í hulduheimunum í hrauninu, sem hún sér en við sjáum ekki, séu sumir mjög reiðir, sérstaklega dvergarnir.“

ÁLAGAKLETTUR Erla Stefánsdóttir og uppdrátturhennar af Ófeigskirkju.

Reynir bætir við að annar sjáandi, Ragnhildur Jónsdóttir, hafi skoðað aðstæður í gærmorgun. „Hún segir að það hafi komið ákall úr hrauninu.“

Aðspurður hvort taka beri mark á vitnisburði sjáandanna bendir Reynir á að kannanir sýni að meirihluti Íslendinga trúi því að það geti búið líf í landslaginu. Til séu ótal sögur af því að Vegagerðin – það veraldlega fyrirtæki – hafi hopað fyrir álagatrúnni.

„Þú þarft ekki annað en að sjá framan í hana Erlu Stefánsdóttur til að verða sannfærður um að þessi kona sér í gegnum stokka og steina,“ segir Reynir Ingibjartsson. gar@frettabladid.is

KOSNINGAMIÐSTÖÐVAR
Í NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

ALLIR VELKOMNIR

Opnunartímar á Akureyri og Húsavík

Akureyri, Brekkukot (Brekkugata 7a) – opnunartími kl. 16-18.
Húsavík, Hlöðufell (Héðinsbraut 3) – opnunartími kl. 17-19.

Opnum á Egilsstöðum og í Neskaupstað

Laugardaginn 20. apríl opnum við kosningamiðstöðvar okkar á **Egilsstöðum,** Kaupvangi 5, kl. 17, og í **Neskaupstað,** Mýrinni, kl. 20. Frambjóðendur verða á staðnum.

Egilsstaðir, Kaupvangur 5 – opnunartími kl. 17-19
Neskaupstaður, Mýrin – opnunartími kl. 17-21

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

VINSTRI GRÆN

Rapparinn Móri játaði hótun og vopnaburð og fékk 50 þúsund króna sekt:

Móri sektaður fyrir að elta Erp

DÓMSMÁL Rapparinn Móri var í gær dæmdur til að greiða 50 þúsund króna sekt í ríkissjóð fyrir að hóta öðrum rappara, Erpi Eyvindarsyni, með hníf í febrúar 2010.

Rappararnir tveir voru þá mættir á útvarpssvið 365 miðla til að jafna í beinni útsendingu í þættinum Harmageddon langvinnan ágreining sinn um hvor væri meiri frumkvöðull í rappi.

Það fór ekki betur en svo að Móri, réttu nafni Magnús Ómarsson, veittist að Erpi með hnífi og elti hann um gólfið.

Ákæra á hendur Móra var gefin út nýverið, eftir að málið hafði velkst í réttarkerfinu í heil þrjú ár. Hann var ákærður fyrir að hóta Erpi með hnífnum og vekja þannig hjá honum ótta um líf sitt og heilbrigði. Þá var hann ákærður fyrir vopnalagabrot vegna rafbyssu sem hann hafði þar meðferðis.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og þar játaði Móri sök. Héraðsdómarinn Arngrímur Ísberg beið ekki boðanna heldur lauk málinu á staðnum með sektargerð.

Saksóknari fór fram á að Móri yrði sektaður um 100 þúsund krónur, en gegn mótmælum Móra sjálfs féllst hann á að lækka kröfuna í 50 þúsund krónur og á það féllst Arngrímur. Rafbyssan, af gerðinni Muzzle Man, var gerð upptæk. - sh

JÁTAÐI Móri vildi ekki fá 100 þúsund króna sekt þannig að hún var lækkuð í 50 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VERKÍS

Verkís og Almenna verkfræðistofan hafa sameinast undir nafni Verkís

Bæði Verkís og Almenna eiga sér langa sögu á verkfræðimarkaðnum, Verkís rekur uppruna sinn til ársins 1932 og er því elsta verkfræðistofa landsins en Almenna verkfræðistofan var stofnuð árið 1971.

Sameiningin er tækifæri til sóknar og mun auka faglega breidd og styrkja fagþekkingu stofunnar. Samskipti og þjónusta við viðskiptavini verður ennfremur styrkt með fjölbreyttari lausnum og víðtækari ráðgjöf.

Hið sameinaða fyrirtæki verður eitt öflugasta verkfræðifyrirtæki landsins.

Verkís hf | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

GENGIÐ
18.04.2013

Bandaríkjadalur	117,76	118,32
Sterlingspund	179,58	180,46
Evra	153,67	154,53
Dönsk króna	20,61	20,73
Norsk króna	20,307	20,427
Sænsk króna	18,087	18,193
Japanskt jen	1,1968	1,2038
SDR	177,07	178,13

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
209,5885

Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 um afstöðu til aðildarviðræðna við ESB:

Meirihlutinn vill klára viðræður

KÖNNUN Meirihluti landsmanna vill að aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið (ESB) verði lokið og aðildarsamningurinn settur í þjóðaratkvæðagreiðslu, samkvæmt niðurstöðu skoðunarkönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls vilja 55,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni, sem gerð var 15. og 16. apríl, ljúka viðræðunum. Það er talsverð aukning frá því að Fréttablaðið og Stöð 2 könnuðu afstöðu fólks til viðræðnanna síðast, um miðjan janúar síðastliðinn. Þá vildu 48,5 prósent ljúka viðræðunum.

Rúmur þriðjungur landsmanna, 33,9 prósent, vill draga aðildarumsókn Íslands til baka. Það er heldur lægra hlutfall en í janúar, þegar 36,4 prósent sögðust þeirrar skoðunar.

Nú vilja 10,9 prósent fara þá leið sem formaður Sjálfstæðisflokksins og fleiri hafa talað fyrir, að gera hlé á viðræðum og hefja þær ekki aftur fyrr en að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Um 15,2 prósent vildu fara þessa leið í janúar.

Úrtakið í könnuninni var 1.899 manns en hringt var þar til náðist í 1.200 samkvæmt lagskiptu úrtaki 15. apríl og 16. apríl. Svarhlutfallið var 63,2 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvernig vilt þú að framhaldi aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði háttað? Alls tóku 84,7 prósent þátttakenda í könnuninni afstöðu til spurningarinnar. - bj

AFSTAÐA TIL VIÐRÆÐNA



Aðildarv. verði kláraðar og aðildarsamningurinn settur í þjóðaratkv.g. Umsókn um aðild verði dregin til baka Hlé verði gert á aðildarv. og þær ekki hafnar aftur nema þjóðin ákveði það í þjóðaratkv.g.

4,5 milljónir tonna 2011:

Minni losun vegna hrunsins

UMHVERFISMÁL Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi hefur dregist saman um 13% frá árinu 2008. Minni losun skýrist helst af betri framleiðslustýringu í álverum og samdrætti í hagkerfinu frá hruni.

Þetta kemur fram í skýrslu Umhverfisstofnunar til Sameinuðu þjóðanna.

Árið 1990 var losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi 3,5 milljónir tonna. Árið 2011 var losunin 4,5 milljónir tonna og hefur losun því aukist um 26% frá árinu 1990. Losunin drósthins vegar saman um 4% frá árinu 2010, einkum vegna minni losunar frá álframleiðslu og fiskiskipum. - shá

Íslandsbanki greiðir út arð:

Hluthafar fá þrjá milljarða

VIÐSKIPTI Íslandsbanki greiðir hluthöfum sínum þriggja milljarða króna arð vegna rekstrarársins 2012.

FRIÐRIK SOPHUSSON

Á aðalfundi bankans, sem fram fór í gær, kom fram í máli Friðriks Sophussonar, stjórnarformanns bankans, að eignarhald bankans hefði haldist óbreytt frá því í október 2009 og að á þeim tíma hefði þeim aldrei verið greiddur arður. Benti hann á að á sama tíma hefði bankinn lagt um 23 milljarða til samfélagsins í formi skatta og opinberra gjalda. Því hefði stjórnin ákveðið að leggja til við aðalfund að greiddur yrði hóflegur arður í íslenskum krónum. - óká

Varar sterklega við upptöku á eignum þrotabúa bankanna

Hagfræðingurinn Lars Christensen segir að erlendir fjárfestar yrðu lítt hrifnir ef hugmyndir um upptöku ríkisins á hluta eigna þrotabúa bankanna raungerðust. Gæti seinkað afnámi hafta og eyðilagt fyrir fjárfestingu.

EFNAHAGSMÁL Danski hagfræðingurinn Lars Christensen varar sterklega við því að stjórnvöld beiti löggjafarvaldinu til að komast yfir eignir þrotabúa bankanna. Segir hann að slík aðgerð myndi festa gjaldeyrishöftin í sessi til lengri tíma, auk þess sem tiltrú erlendra fjárfesta á íslensku hagkerfi myndi tapast.

„Ég hef verið að fylgjast með kosningabaráttunni og ef ég set mig í spor erlends fjárfestis hefði ég miklar áhyggjur af umræðunni um gjaldeyrishöftin og sérstaklega tillögu sem kynnt hefur verið um í raun upptöku ríkisins á eignum þrotabúa gömlu bankanna," segir Christensen, sem starfar sem forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank.

Christensen segir að slík aðgerð myndi þýða að ekki væri mögulegt að afnema gjaldeyrishöftin í náinni framtíð. „Það eitt og sér myndi valda því að ímynd Íslands hjá erlendum fjárfestum myndi bera skaða af því fjárfestum var sagt að höftunum yrði hægt og rólega aflétt," segir Christensen og heldur áfram: „En svo leggja sumir flokkar til að ríkið taki upp eignir þrotabúanna. Mér finnst líklegt að viðbrögð alþjóðlegra fjárfesta við því yrðu mjög neikvæð og sömuleiðis viðbrögð alþjóðlegra stofnana."

Christensen leggur áherslu á að hann telji það ekki sitt hlutverk að gefa íslenskum stjórnmálamönnum ráð eða að skipta sér af stjórnmálaumræðunni hér á landi. En sé hann spurður að því hvers konar áhrif þessar hugmyndir séu líklegar til að hafa á fjárfestingu hér á landi þá hafi hann skoðun á því sem hagfræðingur. Þá ítrekar hann að þau áhrif séu líkleg til að vera verulega neikvæð.

> **Mér finnst líklegt að viðbrögð alþjóðlegra fjárfesta við því yrðu mjög neikvæð og sömuleiðis viðbrögð alþjóðlegra stofnana.**
>
> *Lars Christensen, forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank*

„Það er vitaskuld vandi á Íslandi að skuldir heimilanna eru mjög háar og stjórnmálamenn þurfa að bregðast við því. Þeir hafa að vísu gert ýmislegt en það þarf meira til. Ég sýni því fullan skilning. En að reyna að leysa þann vanda með upptöku á eignum erlendra fjárfesta er slæm leið," segir Christensen og bætir við að ekki sé verið að ræða um gjaldþrot eða endurskipulagningu á skuldum heldur beinlínis eignaupptöku.

Þá segir Christensen að í umræðunni hér á landi sé rætt um eigendur þessara fjármuna eins og þeir séu á einhvern hátt óvinveittir. „Þetta eru ekki bara vogunarsjóðir heldur einnig til dæmis norrænir lífeyrissjóðir. Þá stöndum við frammi fyrir því að kannski sparnaður dansks lífeyrisþega var notaður til að kaupa íslensk ríkisskuldabréf sem svo voru fest innan hafta. Og nú á að taka þessa eign af honum. Ég get ekki ímyndað mér að Íslendingum finnist það sanngjarnt," segir Christensen.

Loks segist Christensen ekki vera viss um hvernig standi til að framkvæma þessar hugmyndir. Hann efist hins vegar um lögmæti þess að taka upp eignir þrotabúanna í þeim mæli sem rætt hafi verið um. magnusl@frettabladid.is

LARS CHRISTENSEN Christensen hefur verið tíður gestur á Íslandi síðustu ár en greiningardeild Danske Bank hefur gefið út þrjár skýrslur um íslenska hagkerfið á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslendingum að góðu kunnur

Lars Christensen hefur verið tíður gestur á Íslandi síðustu ár en hann er forstöðumaður greiningardeildar Danske Bank. Hefur Danske Bank á síðustu árum gefið út þrjár skýrslur um efnahagsástandið á Íslandi en sú fyrsta þeirra, sem kom út árið 2006, vakti mikla athygli. Í skýrslunni dró Danske Bank upp dökka mynd af stöðu íslenska þjóðarbúskapsins, sem var sagður einkennast af ójafnvægi og ofhitnun. Skýrslan féll í grýttan jarðveg hjá flestum íslenskum greiningaraðilum og stjórnmálamönnum, sem mótmæltu niðurstöðum hennar. Fjallað er um viðbrögðin við skýrslunni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



SKAMMGÓÐUR VERMIR. Það hlýnar á landinu i dag og verður þokkalega hlýtt til morguns en svo kólnar aftur á sunnudag. Talsverð rigning verður sunnan og vestan til í dag og austanlands í kvöld. Vindasamt verður fram á morgundaginn.

Á morgun
Strekkingur nokkuð víða en dregur úr vindi þegar líður á daginn.

Sunnudagur
Hæg breytileg átt.

Alicante	23°	Berlín	XX°	Friedrichshafen	11°	Las Palmas	24°	New York	19°	París	13°
Aþena	17°	Billund	10°	Gautaborg	9°	London	12°	Orlando	30°	San Francisco	19°
Basel	22°	Frankfurt	XX°	Kaupmannahöfn	9°	Mallorca	22°	Ósló	10°	Stokkhólmur	10°

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda frá 19.04 til 24.04

FRÁBÆR VERÐ!

SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 89.950

59.950

HOUSTON TUNGUSÓFI
Stílhreinn og flottur tungusófi með PU áklæði. Sessur úr góðum kaldsvampi sem eykur þægindi. Hægt að fá með tungu hægra eða vinstra megin.
Stærð: B242 x H76 x D80/161 sm.

MYRKVUNARGARDÍNA

VERÐ FRÁ: **2.495**

DARK MYRKVUNARGARDÍNA
Þykk og góð myrkvunargardína.
Litur: Hvítt. Stærðir:

60 x 170 sm.	**2.495**	80 x 170 sm.	**2.995**
100 x 170 sm.	**3.495**	110 x 170 sm.	**3.995**
120 x 170 sm.	**4.295**	140 x 170 sm.	**4.695**
150 x 170 sm.	**4.995**	160 x 170 sm.	**5.495**
180 x 170 sm.	**5.995**	200 x170 sm.	**6.495**
90 x 250 sm.	**4.495**	150 x 250 sm.	**5.995**

ALSTAD 150 x 200 sm. **1.695**
SYLVIE 150 x 200 sm. **1.495**
LERUM 180 x 200 sm. **2.495**
PRICE STAR 150 x 200 sm. **695**
ARVIKA 150 x 200 sm. **1.295**

MIKIÐ ÚRVAL AF STURTUHENGJUM

Price Star OKKAR BESTA VERÐ

VERÐ FRÁ: **695**

NÝTT

SANDES INNISKÓR
Stærðir: 38-47.

INNISKÓR: **1.295**

6 STK.

FULLT VERÐ: 1.695

1.295

24% AFSLÁTTUR

COCA COLA GLÖS
Flott COCA COLA glös. 6 stk. í pakka.

KAUPTU 2 SPARAÐU

1 STK. **2.495**

SPARIÐ 1.000

37 LTR. PLASTKASSI
Stór og góður 37 ltr. plastkassi. 2 stk. **3.990**

7 PÖR: **1.695**

VIKUDAGASOKKAR 7 PÖR
Flottir sokkar fyrir stelpur og stráka merktir með öllum vikudögunum.

SPARIÐ 2.000

SÆNG OG KODDI

SÆNG OG KODDI FULLT VERÐ: 7.995

5.995

THERMO LUX SÆNG OG KODDI
Góð sæng, fyllt með 2 x 550 gr. af sílikon-meðhöndluðum holtrefjum. Má þvo á 90°C.
Sæng: 140 x 200 sm.
Koddi: 50 x 70 sm.

ÞVOTTAPOKI **149**

LIFESTYLE ÞVOTTAPOKAR
Þykkir og góðir. Fást í nokkrum litum.

1 STK. **695**

HANDSÁPA
1000 ml. hand-sápuáfylling. Frábært verð!
1 stk. **695**
nú 2 stk. **995**

KAUPTU 2 OG SPARAÐU **395**

NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT

FRÁBÆRT ÚRVAL AF PRJÓNAGARNI

2013 Reykjavíkurkjördæmi suður: Efstu menn á lista

Róbert Marshall
alþingismaður
- Pingmaður frá 2009, kjörinn á þing fyrir Samfylkinguna.
- Var fréttamaður og síðar forstöðumaður fréttasviðs á Stöð 2.

Vigdís Hauksdóttir
alþingismaður
- Pingmaður frá 2009.
- Menntuð garðyrkjufræðingur 1984 en söðlaði um og lauk námi í lögfræði 2008.

Hanna Birna Kristjánsdóttir
varaformaður Sjálfstæðisflokksins og borgarfulltrúi í Reykjavík
- Borgarfulltrúi frá 2002.
- Aðstoðarframkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins 1999 til 2006.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
alþingismaður
- Pingmaður frá 2009.
- Sat í bankaráði Seðlabanka Íslands 2007 til 2008.

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra
- Pingmaður og umhverfisráðherra frá 2009.
- Borgarfulltrúi Vinstri grænna 2006 til 2009.

Jón Þór Ólafsson
aðstoðarmaður Birgittu Jónsdóttur þingmanns
- Nemi í viðskiptafræði við HÍ.
- Framkvæmdastjóri Borgarahreyfingarinnar að kosningum 2009.

Íbúafjöldi:
59.600

Fjöldi á kjörskrá:
45.204

Kjörsókn í síðustu kosningum: **84,4%**



Jón E. Árnason
aðalvarðstjóri

Júlíus Valdimarsson
talsmaður Húmanistaflokksins og ráðgjafi

Halldór Gunnarsson
fyrrverandi prestur og bóndi

Friðrik Atlason
háskólanemi

Sturla Jónsson
formaður Sturlu Jónssonar



Þórhildur Þorleifsdóttir
leikstjóri og fyrrverandi stjórnlagaráðsfulltrúi

Vésteinn Valgarðsson
varaformaður Alþýðufylkingarinnar og stuðningsfulltrúi

Þórður Björn Sigurðsson
aðstoðarmaður formanns Hreyfingarinnar og varabæjarf.

KANNANIR GALLUP OG MMR



Könnun Gallup sem gerð var 10.-17. apríl 2013.
Könnun MMR sem gerð var dagana 10.-17. apríl 2013.

Tvær nýjar kannanir sýna Framsóknarflokkinn tapa fylgi:

Sjálfstæðisflokkurinn á töluverðri siglingu

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti flokkur landsins í nýrri könnun MMR, sem birt var í gær. Fylgið við flokkinn er nú 27,5 prósent, en var 22,9 prósent í síðustu könnun MMR. MMR mælir Framsóknarflokkinn með 25,6% fylgi, borið saman við 32,7% í síðustu mælingu. MMR spyr úrtak úr álitsgjafahópi sínum, sem er á aldrinum 18 til 67 ára.

Framsóknarflokkurinn mælist hins vegar enn stærsti flokkurinn í nýrri könnun Capacents, sem einnig var birt í gær. Þar er Framsókn með 26,7 prósent en Sjálfstæðisflokkurinn með 24,1 prósent.

Báðar kannanir sýna stjórnarflokkana tvo bæta við sig fylgi milli kannana. Björt framtíð tapar fylgi milli kannana bæði MMR og Capacents, en Píratar hækka hins vegar hjá Capacent en lækka hjá MMR. - sh

Ný vitneskja
Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey
Leyndardómur æðingarinnar
Þriðjudaginn 23. apríl 2013 - kl. 20:00
Í Norræna húsinu
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr.

Samtal á ensku:
Christopher Vasey og Christof Leuze
Hvers vegna við erum hér á jörð
Fimmtudaginn 25. apríl 2013 – kl. 20:00
Í Norræna húsinu
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr.
Skipuleggjandi: Stiftung Gralsbotschaft / www.gral-norden.net
Vasey-leuze@gral-norden.net / Sími: 842 2552

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆNÝR HUMAR
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
OPIÐ LAUGARDAGA
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

BEITTAR SPURNINGAR Menntamálaráðherra hafði vart undan við að svara spurningum kennara MR. Mörg hitamál brunnu á fólki auk menntamála, en VG var meðal annars gagnrýnt fyrir linkind í umhverfismálum og velferðarmálum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Átti í vök að verjast á kennarafundi í MR

Kennarar í MR spurðu menntamálaráðherra beittra spurninga á hádegisfundi með VG í gær. Helst var rætt um lyf, samgöngumál, umhverfismál og mikla óánægju með menntamál. Fréttablaðið var á fundinum og lagði við hlustir.

2013

„Ég veit að ég verð spurð um skuldamál heimilanna hér á eftir, svo ég ætla að tala örstutt um það líka," sagði Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, á hádegisfundi með kennurum Menntaskólans í Reykjavík í gær.

Enginn bar þó upp spurningu varðandi skuldamálin en ráðherra var samt sem áður grillaður af fundargestum, þar sem hún var meðal annars krafin svara um nýlega breytingu ríkisstjórnarinnar á lyfjalögum.

„Svaraðu já eða nei. Viljið þið kenna ykkur við svona aðgerðir?" spurði einn kennarinn Katrínu, sem gat ekki svarað eins og um var beðið. Var þá spurningin ítrekuð en svar ráðherra var loks að eðlilegt væri að endurskoða kerfið ef kjör sjúklinga skerðast. Flokkurinn var einnig gagnrýndur harðlega fyrir linkind í umhverfismálum, fáar aðgerðir í samgöngumálum og hægagang í lagabreytingum varðandi jafnrétti foreldra.

„Nú leggur VG áherslu á umhverfisvernd. Hvernig gat það gerst að þið samþykktuð Bjarnarflag?" spurði Kolbrún Elfa Sigurðardóttir meðal annars.

Það sem stóð þó hæst voru vitanlega menntamálin, þá sér í lagi bág fjárhagsstaða MR og laun framhaldsskólakennara almennt.

„MR er illa settur skóli. Við erum með ódýrustu nemendurna ár eftir ár og fáum langminnst framlög," sagði Guðjón Ragnar Jónasson íslenskukennari. „Á ég að dæmast fyrir að búa í 101 í stað þess að vera austan Snorrabrautar? Á skólinn minn ekki að njóta sömu réttinda og aðrir skólar?"

Eins og bent var á eru þetta ekki spurningar sem menntamálaráðherra var að heyra í fyrsta sinn, en þeir fundargestir sem þurftu ekki að rjúka til kennslu eftir að fulltrúar VG fóru af svæðinu voru allir á einu máli um að ekki hefði nóg verið að gert á síðasta kjörtímabili fyrir menntakerfið í landinu.

„Menntamálin eru alltaf með í öllum hátíðarræðum, en þegar kemur til framkvæmda gerist ekkert," sagði Þyrí Árnadóttir áður en hún hélt aftur til vinnu.
sunna@frettabladid.is

> **Menntamálin eru alltaf með í öllum hátíðarræðum, en þegar kemur til framkvæmda gerist ekkert**
> *Þyrí Árnadóttir, kennari við MR*

Menntamálin hornreka í kosningabaráttunni

→ „Mér fannst hún vera í mikilli vörn"

„Svona fundir virka vel. Maður kemst sjaldnast annars í návígi við frambjóðandann en þetta er auðvitað óvenjulegt í dag þar sem menntamálaráðherra talar í þessari stofnun," segir **Trausti Þorgeirsson**, tölvunarfræði- og stærðfræðikennari við MR, að loknum fundi. „Svo finnst mér gott að hafa skemmtiefni á matmálstímum." Trausti hefur enn ekki gert upp hug sinn varðandi komandi kosningar.

„Svona heimsóknir hafa klárlega mikil áhrif og geta hjálpað fólki að ákveða sig. Það munar miklu að sjá fólkið í návígi en ekki bara á sjónvarpsskjánum," segir hann. Spurður hvort þessi tiltekni fundur hafi haft áhrif á hans pólitísku afstöðu, vill hann lítið svara, en taldi ráðherra hafa verið í varnargír.

„Mér fannst hún vera í mikilli vörn. Flokkurinn mælist með mjög lítið fylgi og ég skil ekki af hverju hún er ekki agressívari og reynir að selja sig betur," segir hann.

→ „Það verður verkfall í febrúar. Það verður langt og það verður strangt"

Kennarar kolfelldu samkomulag við ríkið á seinni hluta síðasta árs og starfsmenn MR voru ekki að fela óánægju sína með kjör sín á fundinum. „Við erum að undirbúa verkfall og það er vinna í undirbúningi á vegum stéttarfélagsins," sagði Bragi Halldórsson við Katrínu. „Við ætlum í verkfall og ætlum ekki að vinna eftir þessari námskrá."

Katrín sagðist sjálf hafa mundu tekið samkomulaginu sem ríkið bauð fram væri hún kennari, en skildi aðstöðu stéttarinnar og svaraði gagnrýnisröddunum eftir bestu getu.

Kolbrún Elfa Sigurðardóttir tók undir með kollega sínum. „Það verður verkfall í febrúar. Það verður langt og það verður strangt," sagði hún. Eftir fundinn spjallaði blaðakona við nokkra kennara, sem allir tóku í sama streng. Allir sammæltust um að menntamálin hefðu orðið út undan í kosningabaráttunni undanfarið.

www.volkswagen.is

Evrópu- og heimsmeistari

Það er óhætt að segja að skammt sé stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki eru nema nokkrar vikur síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og á dögunum bættist enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva úr heiminum útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 39 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

Volkswagen Golf kostar frá

3.390.000 kr.*

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

OPIÐ FYRIR
INNRITUN
Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í þremur deildum:

- Hjúkrunarfræði**
- Iðjuþjálfunarfræði*
- Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði; félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- Félagsvísindi*
- Fjölmiðlafræði*
- Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði*
- Sálfræði*
- Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- Nám til kennsluréttinda
- Menntunarfræði
  - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - M.A. í menntunarfræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- Líftækni*
- Sjávarútvegsfræði*
- Náttúru- og auðlindafræði*
- Viðskiptafræði*
- M.S. í auðlindafræði
- M.S. í viðskiptafræði

*Einnig í boði í fjarnámi
**Í boði á Selfossi og Reyðarfirði

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 60 þúsund.

Sjálfstæði - Traust - Framsækni - Jafnrétti

www.unak.is

Umsóknarfrestur til 5. júní

Landlæknir segir alla ábyrgð á ráðningu ómenntaðs starfsmanns hjá LSH:

Alvarlegt mál segir landlæknir

HEILBRIGÐISMÁL Geir Gunnlaugsson landlæknir segir það grafalvarlegt mál að starfsmaður hafi verið ráðinn til starfa á krabbameinsdeild Landspítalans án tilskilinnar menntunar. Hann segir að málinu hafi verið vísað til embættisins til að veita upplýsingar um málavöxtu, en ábyrgð mála sem þessara hvíli alfarið hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun og í þessu tilfelli Landspítalanum.

Eins og greint hefur verið frá var íslensk kona, 28 ára að aldri, ráðin til starfa á krabbameinsdeild LSH þrátt fyrir að hún hefði aðeins tveggja ára hjúkrunarnám að baki. Hún starfaði á deildinni í tvö ár áður en upp komst að hún sigldi undir fölsku flaggi.

GEIR GUNNLAUGSSON

„Við höfum til skoðunar hvernig við getum komið að máli eins og þessu. Við höfum lagt sérstaka áherslu á það við starfsmenn heilbrigðisstofnana að þessir pappírar séu í lagi við ráðningu starfsfólks," segir Geir.

Geir getur ekki fullyrt að málið sem kom upp í síðasta mánuði sé einsdæmi, en að þetta sé nær óþekkt. Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir enn til skoðunar hvort málið verði kært til lögreglu. Eins er til umfjöllunar hvernig ráðningu starfsmannsins bar að og hvernig farið verður með mál þeirra sem ábyrgð bera á ráðningunni. - shá

Par með fatlað barn fast í íbúð á 7. hæð

Par með tvö börn og annað mikið fatlað verður að skilja annað barnið eitt eftir til að komast úr húsi ef annað er í vinnu. „Kemur ekki til greina," segir faðirinn. Eldra barnið dó nærri vöggudauða. „Erum orðin mjög áhyggjufull."

SAMFÉLAGSMÁL „Við erum komin í hálfgerða pattstöðu. Við fáum ekki húsnæði og sjáum ekki fram á að finna neitt í náinni framtíð," segir Magnús Tindri Sigurðsson, tveggja barna faðir sem leitar að húsnæði sem hentar sérstökum aðstæðum fjölskyldunnar. Eldri sonur Magnúsar, þriggja ára drengur að nafni Xavier, er alveg hreyfihamlaður eftir að hafa verið nærri dáinn vöggudauða fjögurra mánaða gamall.

Fjölskyldan býr nú í íbúð á sjöundu hæð í Engihjalla en eftir að yngra barnið kom í heiminn eru þau algjörlega háð því að vera tvö saman þegar fara skal með börnin út úr húsi. „Það er ekki hægt að koma þeim niður af sjöundu hæð einsamall án þess að skilja annan þeirra eftir þar sem mikill búnaður fylgir Xavi. Þetta var allt í lagi á meðan ég var í fæðingarorlofi en nú styttist í að ég byrja að vinna og við erum orðin mjög áhyggjufull."

Magnús segist hafa sótt um húsnæði á vegum Kópavogsbæjar í fyrra þegar þau vissu að von var á öðru barni og einnig leitað að húsnæði á hinum almenna markaði. Þau hafi fengið þau svör frá bænum að þau væri efst á biðlista en lítið hafi þokast áfram og þau sjái ekki fram á að finna íbúð áður en hann hættir í fæðingarorlofi. Magnús segir ekki koma til greina að þau skilji annað barnið eftirlitslaust eftir, sérstaklega eftir að hafa næstum misst barn úr vöggudauða.

„Það kemur ekki til greina að skilja annað barnið eitt eftir uppi á sjöundu hæð, sérstaklega ekki eftir okkar reynslu. Það tók ekki nema örfáar mínútur fyrir Xavi að snúa sér yfir á magann í vöggunni. Konan mín kom að honum nánast dánum og það er í raun ótrúlegt að hann hafi lifað þetta af."

FJÖLSKYLDAN Hjónin hafa leitað til Kópavogsbæjar ásamt því að reyna að finna íbúð á almennum leigumarkaði sem hentar þeirra þörfum, en án árangurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Magnús segir fjölskylduna ekki vera í aðstöðu til að kaupa sér húsnæði en mikil útgjöld hafa fylgt veikindum Xaviers. Til að mynda keypti fjölskyldan nýverið níu manna bíl til koma öllum búnaði fatlaða drengsins fyrir.

Þrátt fyrir að búa í Kópavogi segir Magnús fjölskylduna vera opna fyrir að búa hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu. „Við gerum ekki miklar kröfur, bara að hún sé fjögurra herbergja og á jarðhæð. Þannig að hægt sé að rúlla öðrum drengnum út og hinum strax á eftir."

hanna@frettabladid.is

> **Það kemur ekki til greina að skilja annað barnið eitt eftir uppi á sjöundu hæð, sérstaklega ekki eftir okkar reynslu**
>
> *Magnús Tindri Sigurðsson*

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 22. apríl, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Karólína Lárusdóttir

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

netto
Kræsingar & kostakjör

SKEMMTILEGIR
SUMARSKÓR Í NETTÓ !

3498 KR PARIÐ
STÆRÐIR 25-35

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

2013

HVERT FER FYLGIÐ?

A - Björt framtíð B - Framsóknarflokkur D - Sjálfstæðisflokkur G - Hægri grænir H - Húmanistaflokkurinn I - Flokkur heimilanna J - Regnboginn
K - Sturla Jónsson L - Lýðræðisvaktin M - Landsbyggðarflokkurinn S - Samfylkingin T - Dögun V - Vinstri græn Þ - Pírataflokkurinn



Týndu sauðirnir að skila sér heim

Fleiri kjósendur Samfylkingar og Vinstri grænna í síðustu kosningum ætla að kjósa flokkana aftur nú en fyrir tveimur vikum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Hlutfall þeirra sem ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn aftur fer úr 54 prósentum í 72 prósent.

Mun fleiri kjósendur Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna í síðustu kosningum ætla að kjósa sömu flokka í komandi kosningum en fyrir tveimur vikum, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var dagana 15. og 16. apríl, ætla 72,3 prósent þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kosningum að kjósa flokkinn aftur í kosningunum annan laugardag. Í könnun sem gerð var dagana 3. og 4. apríl sögðust 53,4 prósent ætla að kjósa flokkinn aftur.

Um 40,5 prósent þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kosningum hefðu kosið Framsóknarflokkinn í byrjun apríl. Hlutfallið er nú komið í 16 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn hefur beint spjótum sínum að Framsókn síðustu daga. Þá virðist Bjarna Benediktssyni, formanni flokksins, hafa tekist að lægja óánægjuraddir um persónu sína með þeim afleiðingum að týndu sauðirnir skila sér heim.

Sams konar þróun má sjá hjá stjórnarflokkunum. Nú ætla 43,2 prósent þeirra sem kusu Samfylkinguna í síðustu kosningum að kjósa flokkinn aftur, samanborið við 32,6 prósent fyrir tveimur vikum.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar í síðustu kosningum dreifast á talsvert marga flokka nú. Svipað hlutfall þeirra ætlar að kjósa Framsókn og fyrir tveimur vikum. Færri ætla að kjósa Bjarta framtíð, 7,4 prósent samanborið við 13,5 prósent fyrir tveimur vikum, og almennt ætla færri að kjósa smærri framboðin.

Í dag segist 41,1 prósent þeirra sem studdu Vinstri græn í kosningunum 2009 ætla að kjósa flokkinn aftur. Það er talsverð breyting, því fyrir tveimur vikum var hlutfallið 30 prósent.

Eins og stuðningsmenn Samfylkingarinnar dreifast þeir sem kusu Vinstri græna í síðustu kosningum á marga flokka. Nú ætla áberandi færri úr þeirra flokki að kjósa Bjarta framtíð og Pírata en fyrir tveimur vikum.

Þótt stjórnarflokkarnir nái nú að krafsa til sín aftur eitthvað af fastafylginu er þetta afar lágt hlutfall kjósenda sem ætlar að kjósa þessa flokka aftur. Algengt er að 30 til 40 prósent kjósenda færi sig milli flokka milli kosninga, og stjórnarflokkarnir því enn í augljósum vanda.

Litlar breytingar hafa orðið hjá þeim hópi sem kaus Framsóknarflokkinn í síðustu kosningum. 84,9 prósent þeirra ætluðu að kjósa flokkinn aftur fyrir tveimur vikum og 84,2 prósent ætla að kjósa flokkinn í dag.

Úrtakið í könnuninni var 1.899 manns en hringt var þar til náðist í 1.200 samkvæmt lagskiptu úrtaki 15. og 16. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Alls tóku 67,8 prósent afstöðu til spurningar um fylgi við flokka en 61,4 prósent þátttakenda gáfu upp hvað þau kusu síðast.

brjann@frettabladid.is

72,3%

þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn í kosningunum 2009 ætla að kjósa flokkinn aftur núna.

Ákall

til fjölmiðla og frambjóðenda

Augljóst er að umræður í aðdraganda kosninganna snúast um fjárhagslegan vanda heimilanna og leiðir til skyndilausna. Hagur heimilanna grundvallast þó ekki á skyndiplástrum, til lengri tíma litið, heldur verðmætasköpun. Hornsteinn hennar er mannauður og menntun. Það er auðlindin sem eflir þjóðina og eykur velferð hennar og samkeppnishæfni.

Allir eiga rétt til þroska, menntunar, menningar og lista án tillits til þjóðfélagsstöðu, búsetu, aldurs eða efnahags. Í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum er lögð rækt við alla þessa þætti.

Kennarinn er í lykilhlutverki í skólunum. Hann miðlar þekkingu, vekur áhuga og örvar nemendur til dáða. Við vitum öll að mennt er máttur. Hún er lykill að farsælu samfélagi sem byggir upp og hlúir að atgervi sínu. Kennarar halda á þessu fjöreggi þjóðarinnar.

Við köllum á athygli fjölmiðla og umræðu frambjóðenda um menntamál. Við köllum eftir stefnu stjórnmálaflokkanna og metnaðarfullri framtíðarsýn. Við spyrjum:

MENNT ER MÁTTUR

Er vilji...
...til að líta á útgjöld til menntamála sem fjárfestingu en ekki kostnað
?

Er vilji...
...til að snúa frá niðurskurði undanfarinna ára og fara að lögum sem gilda um skólastarf
?

Er vilji...
...til að bæta umgjörð skólastarfs og kjör til að laða ungt fólk í kennaranám
?

Er vilji...
...til að bjóða kennurum sambærileg laun við aðra sérfræðinga með sambærilega menntun
?

Er vilji...
...til að tryggja jafnrétti til náms með því að afnema skólagjöld og annan kostnað nemenda og foreldra
?

Þegar öllu er á botninn hvolft eru það nemendur, nám þeirra og velferð, sem allt snýst um. Börn og ungmenni eiga það skilið að menntamál séu ávallt í öndvegi.

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

KRÖFUGANGA Á KVENNAFRÍDEGI Jafnlaunavottunin ÍST85 nær ekki bara til kynbundinnar mismununar heldur einnig til mismununar eftir þjóðerni og öðrum þáttum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirtækin samþykkja að undirgangast eftirlit:

Dóttirin njóti sama réttar og sonurinn

VIÐSKIPTI „Ég vil að dóttir mín njóti sama réttar og sonur minn," segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins. Fyrirtækið, ásamt IKEA og ISS, er það fyrsta sem hlotið hefur Jafnlaunavottun VR.

Aukinheldur segir Jón Þórir mikilvægt að tryggja að starfsfólk þurfi ekki að velkjast í vafa um hvort fyrirtæki mismuni á einhvern hátt eftir kyni eða þjóðerni. Vottunin nái til hvers konar mismununar. Núna hafi Íslenska gámafélagið undirgengist að fá utanaðkomandi aðila til þess að sannreyna að jafnlaunastefnunni sé fylgt í raun. „Maður sér víða að erfiðlega hefur gengið að fylgja markmiðum um að útrýma kynbundnum launamun, jafnvel hjá hinu opinbera," bætir hann við.

JÓN PÓRIR FRANTZSON

Núna fylgja fyrirtækin þrjú jafnlaunastaðlinum ÍST85, sem gefinn var út í desember, en sérfræðingar BSI, British Standards Institution á Íslandi, fylgjast svo með framvindunni.

„Þeir koma og kanna hvort við erum ekki örugglega að borga sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu þannig að allir sitji við sama borð," segir Jón Þórir, en bætir um leið við að vitanlega sé samt ekki verið að loka á möguleika fólks til að vera duglegt í vinnunni og fá sérstaka umbun fyrir. - óká

Lög binda hendur Bankasýslu ríkisins

Fráfarandi formaður bankaráðs Landsbankans kvartaði í kveðjuræðu undan afskiptum Bankasýslu ríkisins. Sömu reglur og sjónarmið hafi átt að gilda um banka í ríkiseigu og banka í einkaeigu. Forstjóri Bankasýslunnar segir farið að lögum.

VIÐSKIPTI Afskipti Bankasýslu ríkisins síðustu mánuði drógu úr skilvirkni bankaráðs Landsbankans, samkvæmt því sem fráfarandi formaður bankaráðsins hélt fram í ræðu sinni á nýafstöðnum aðalfundi Landsbankans.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, segist ekki átta sig á því til hvers sé verið að vísa. „Hjá fyrrum bankaráðsformanni kemur fram almenn gagnrýni sem ég get ekki svarað þar sem hann nefnir engin sérstök tilvik," segir hann.

Jón Gunnar bendir á að lög um hlutafélög og fjármálafyrirtæki setji skýr ábyrgðarskil milli hlutverka stjórna, framkvæmdastjóra og eigenda fyrirtækja um leið og þeim séu mörkuð ákveðin réttindi. „Og ég veit ekki til annars en að bæði Bankasýslan og Landsbankinn hafi farið að lögum í störfum sínum."

Gunnar Helgi Hálfdanarson, fráfarandi formaður bankaráðs Landsbankans, sagði fráfarandi bankaráði hafa þótt sem Bankasýslan færi inn á valdsvið þess þegar líða tók á síðasta starfsár bankans. Varaði hann við því að mál fengju að þróast aftur „með gamalkunnum hætti" þar sem vald og ábyrgð bankaráðsins yrðu smám saman viðskila. Ljóst væri að ríkið yrði líklega um langa framtíð stór eigandi í Landsbankanum. „Í því sambandi er rétt að minna á það sem lagt var upp með við stofnun Bankasýslunnar og mótun eigendastefnunnar að þótt ríkið yrði stór eigandi ættu að gilda sömu reglur og sjónarmið og gilda um fjármálafyrirtæki í einkaeigu og þannig beri að virða stjórnkerfi bankans," segir í ræðu Gunnars Helga.

Jón Gunnar bendir hins vegar á að sérstök lög gildi um Bankasýslu ríkisins, ólíkt öðrum hluthöfum í fjármálafyrirtækjum. „Og okkur ber samkvæmt þeim að fara með eignarhluti ríkisins í samræmi við góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins. Þar á meðal er að gæta jafnræðis í samskiptum okkar við fjármálafyrirtæki sem við förum með eignarhlut í og tryggja að jafnræði sé á milli hluthafa. Við förum í einu og öllu eftir þessum lögum," segir hann. olikr@frettabladid.is

JÓN GUNNAR JÓNSSON

GUNNAR HELGI HÁLFDANARSON

Nýtt bankaráð Landsbankans hf.

Á aðalfundi Landsbankans fyrir árið 2012, sem haldinn var í Hörpu á miðvikudag, var kjörið nýtt bankaráð. Formaður nýs bankaráðs er Tryggvi Pálsson. Með honum eru aðalmenn í stjórn Danielle Pamela Neben, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Helga Björk Eiríksdóttir, Jón Sigurðsson, Kristján Davíðsson og Þórdís Ingadóttir. Varamenn eru Helga Loftsdóttir og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir. Úr bankaráðinu gengu Gunnar Helgi Hálfdanarson, Sigríður Hrólfsdóttir, Ólafur H. Ólafsson og Andri Geir Arinbjarnarson.

VISSIR ÞÚ AÐ

16" WILSONS PIZZAN

ER 40% STÆRRI

EN STÓR DOMINOS PIZZA

samkvæmt mælingum DV þann 23.jan þar sem Dominos pizzan mældist 13,5" uppgefin stærð er 14,5" sem gerir pizzuna 22% stærri

af því tilefni verðum við með 40% afslátt af öllum pizzum af matseðli yfir helgina!

16" Rambo

Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2750~~

1674 kr.

16" Hawaiian

Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2050~~

1254 kr.

16" Double pepp

Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litið)

~~2350~~

1434 kr.

581 15 15 **wilsons.is**

Ánanaustum Gnoðavogi 44 Eddufelli 6 Vesturlandsvegi Brekkuhúsum 1

LANDIÐ

Lóan er komin

1 NÁTTÚRA Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða voru á ferð í Dýrafirði á miðvikudaginn og sáu heiðlóu á vappi á túnunum í Hvammi í Dýrafirði. Frá þessu er sagt á bb.is. „Þetta er nú í fyrra lagi," segir Hilmar Pálsson, fuglaáhugamaður á Ísafirði. Einnig sást grágæs á svæðinu. „Þar með er staðfest að vorboðinn ljúfi er kominn á svæðið og hugsanlegt er að henni takist að kveða burt snjóinn sem enn liggur yfir láði víða á Vestfjörðum," segir í frétt bb.is.

Tregt á kolmunnamiðunum

2 SJÁVARÚTVEGUR Sigurbergur Hauksson, skipstjóri á Berki NK frá Neskaupstað, segir að enginn kraftur sé enn kominn í kolmunnaveiðarnar á miðunum við Færeyjar. Mun betri veiði hafi verið á sama tíma í fyrra og engu líkara en kolmunninn sé seinna á ferðinni nú. Sigurbergur segir að skipin séu að toga 12-14 tíma og aflinn í hverju holi sé gjarnan á bilinu 200-400 tonn.

Varnargarðar Markarfljóts hækkaðir

3 FRAMKVÆMDIR Unnið er að því að hækka varnargarðinn við Markarfljót sem liggur frá Stóra-Dímoni niður að gömlu Markarfljótsbrúnni. Garðurinn var byggður árið 1933. Sunnlenska.is segir frá. Eftir flóðin í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli var lagt fjármagn til viðgerða á svæðinu; um er að ræða að hækka og styrkja níu varnargarða, auk bakkavarna og byggingar nýs garðs.

Sprenging í áburðarverksmiðju í bænum West í Texas

MÆLDIST Á JARÐSKJÁLFTAMÆLUM Allt að fimmtán manns eru taldir af og um 160 sárir eftir að gríðaröflug sprenging í áburðarverksmiðju í smábænum West í Texas jafnaði tugi húsa við jörðu. Sprengingin varð um klukkan átta á miðvikudagskvöld og var svo öflug að hún mældist á jarðskjálftamælum. Meðal þeirra látnu eru slökkviliðs- og lögreglumenn, en hundruð manna voru flutt í burtu eða vöruð við því að vera utandyra, af ótta við að eiturefni hefðu dreift sér um nágrennið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Nr. 3 fyrir 4-9 kg. 60 | **Nr. 4** fyrir 7-14 kg. 52 stk. | **Nr. 4+** fyrir 9-16 kg. 48 stk. | **Nr. 5** fyrir 11-19 kg. 44 stk.

Blautklútar 64 stk.

KJÖRFUGLS FERSKIR **KJÚKLINGAVÆNGIR**

KJÖRFUGLS FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á

KF FERSKT KRYDDAÐ HEIÐA-LAMBALÆRI

BÓNUS ÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI-VANILLU-JARÐARBERJA

KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR

BÓNUS KORNBRAUÐ
1 KG. / 26 BRAUÐSNEIÐAR

Ali ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

BÓNUS MÖNDLUKAKA 420 gr

BÓNUS GRILL **GRÍSAKÓTILETTUR**

BÓNUS GRILL ÚRB. **GRÍSAHNAKKI**

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Alls konar fyrir atvinnulífið

Finna má ágætan samhljóm í atvinnustefnu flokkanna þegar kemur að ferðaþjónustu og skapandi greinum. Fiskveiðar og virkjanir eru þó enn bitbein. Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur leggja meiri áherslu á atvinnumál fyrir þessar kosningar en aðrir flokkar.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is
Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is

Það er ekki auðvelt að lesa stóru línurnar út úr stefnu flokkanna í atvinnumálum. Raunar má segja að samhljóm sé að finna hjá flestum flokkanna, þó Píratar skeri sig úr, en áhersla þeirra er eingöngu á verðmætasköpun í gegnum internetið.

Þessi mikli samhljómur skýrist kannski af því að stefna flokkanna er að þessu sinni ekki uppfull af útreiknuðum tillögum um sértækar aðgerðir í atvinnumálum. Vissulega er þar að finna tillögur um ákveðnar aðgerðir, en meiri líkur eru á að finna þar nokkuð almennt orðaða frasa sem erfitt er að vera á móti.

Allir eru flokkarnir, með þeim fyrirvörum sem gerðir voru um Pírata, til að mynda sammála því að efla nýsköpun í atvinnulífinu. En hver er ekki fylgjandi því? Leiðin að því markmiði er kannski óljósari en samhljómur er um að efla stuðning við nýsköpun.

Skapandi greinar fá meira pláss í stefnumálum flokkanna en virkjanir – og má kannski segja að í því séu fólgin nokkur tíðindi.

Þá eru allir flokkarnir á því að efla þurfi ferðaþjónustuna enn frekar, en, enn og aftur, óljóst er hvernig það á að gera.

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur skera sig hins vegar nokkuð úr, þar sem tillögur þeirra í atvinnumálum virðast fá meira vægi en hjá hinum flokkunum.

Samfylkingin er reyndar með ítarlega stefnu í málaflokknum, en hana er að finna í umfangsmiklu plaggi sem samþykkt var á landsfundi í febrúar 2012.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð bætir um betur og vísar á heimasíðu sinni í stefnu sem samþykkt var árið 2009, skömmu eftir hrun.

Mikil vinna hefur verið lögð í báðar samþykktirnar, en ætla verður að ýmislegt hafi breyst í atvinnumálum frá því á vordögum 2009.

Stjórnarflokkarnir vísa mikið til þess sem ríkisstjórnin hefur þegar áorkað, halda skuli áfram á sömu braut.

Vilja sátt í sjávarútvegi

Allir flokkarnir tala fyrir því að sátt verði að nást í sjávarútvegi. Saga síðustu áratuga hefur hins vegar sýnt að um slíka sátt er auðveldara að ræða en í að komast.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að auka arðsemi greinarinnar, en tillögur hinna flokkanna eru nánar útfærðar eftir því hvaða leiðir þeir vilja fara. Vinstri grænn vilja til að mynda takmarka frjálst framsal aflaheimilda og Björt framtíð tryggja að arðurinn renni til þjóðarinnar, svo dæmi séu tekin.

Framsóknarflokkurinn hefur það á stefnuskrá sinni að tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum með ákvæði í stjórnarskrá, nokkuð sem reynt var, án árangurs, að fá samþykkt á síðustu dögum Alþingis.

Athyglisvert er að flokkarnir eru nánast allir með það á stefnuskrá sinni að auka fjölbreytni í innlendri matvælaframleiðslu og nýsköpun í landbúnaði. Það er kosningamál sem ekki margir sáu fyrir.

Hvar eru virkjanamálin?

Það er einnig áhugavert að skoða hvað er ekki að finna í helstu áhersluatriðum flokkanna í atvinnumálum. Þar ber virkjanamálin hæst.

Björt framtíð vill tryggja meira fé fyrir orkuauðlindirnar en telur ekki skynsamlegt að fara í frekari uppbyggingu álvera. Sjálfstæðisflokkurinn vill nýta auðlindir með arðsömum og ábyrgum hætti og Samfylkingin tryggja heildstæða auðlindastefnu. Virkjanamál ber hins vegar ekki hátt í stefnumálum Framsóknarflokksins og það kemur kannski ekki á óvart að þau eru ekki áberandi í stefnu Vinstri grænna.

Atvinnumál eru víðfeðmt hugtak og vissulega hefði mátt tína fleira til úr stefnu flokkanna undir þann hatt. Í þeim er til að mynda að finna mál tengd vinnumarkaði, styttri starfsviku hjá Pírötum svo eitthvað sé nefnt, og ýmislegt fleira. Hér var sjónum hins vegar fyrst og fremst beint að því hvernig flokkarnir vilja haga uppbyggingu atvinnutækifæra.

Líkt og með mörg önnur mál sem brenna á kjósendum hafa atvinnumálin fallið í skugga skuldamála heimilanna; en segja má að kosningabaráttan sé eins máls barátta þetta árið.

Allir flokkarnir vilja hins vegar gera alls konar fyrir atvinnulífið, efla hitt og þetta og ná sátt um almennar línur. Þetta ætti því að vera létt verk.

xA GRÆNAR GREINAR OG SKAPANDI

- Áframhaldandi uppbygging skapandi greina, græns iðnaðar, tækni- og hugverkageirans, ferðaþjónustu, rannsókna og þróunar.
- Auka fjölbreytni í matvælaframleiðslu.
- Bæta skilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja um land allt með hnitmiðuðum aðgerðum.
- Tryggja meira fé fyrir orkuauðlindir, án þess að virkja óhóflega. Frekari uppbygging álvera er ekki skynsamleg.
- Skapa opið markaðs- og samkeppnisumhverfi á Íslandi.
- Skapa varanlega sátt um sjávarútveg á grundvelli fjögurra stoða: 1) Arður renni til þjóðarinnar. 2) Sjálfbær nýting fiskimiðanna. 3) Tryggja greininni skilyrði til hagnaðar. 4) Tryggja nýliðun í sjávarútvegi.

xB STÖÐUGLEIKI TIL LENGRI TÍMA

- Einfalda skattkerfið til að skapa jákvæða hvata fyrir atvinnurekstur.
- Einfalda regluverk um stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.
- Skapa stöðugleika með mótun skýrrar stefnu til lengri tíma.
- Auka innlenda matvælaframleiðslu og styðja við nýsköpun og fullnýtingu innlends hráefnis.
- Nýta ný sóknarfæri í landbúnaði sem skapast með hlýnandi loftslagi.
- Efla nýsköpun á öllum sviðum atvinnulífs í gegnum skattkerfið og rannsóknar- og þróunarstyrki.
- Efla ferðaþjónustu sem grunnatvinnugrein.
- Tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum með ákvæði í stjórnarskrá.
- Ná víðtækri sátt um stjórnun fiskveiða með blandaðri leið á grunni aflahlutdeildar á skip og úthlutun veiðileyfa, sem taki meðal annars mið af byggðaaðgerðum.

xD LÆGRI SKATTAR OG GJÖLD

- Lækka tryggingagjald til að auka svigrúmið til að fjölga starfsmönnum og hækka laun.
- Lækka skatta og vörugjöld.
- Nýta auðlindir með arðsömum og ábyrgum hætti.
- Nýta sóknarfæri í landbúnaði.
- Auka arðsemi sjávarútvegsins.
- Auka verðmætasköpun í ferðaþjónustu.
- Tryggja vaxtarmöguleika skapandi greina.
- Einfalda stoðkerfi nýsköpunarfyrirtækja og draga úr hindrunum við stofnun og rekstur fyrirtækja.
- Auka samkeppni á fjármálamarkaði.
- Skapa skilyrði til að auka erlenda fjárfestingu.

xS OPNA FYRIR FJÁRFESTINGUM

- Stuðla að heilbrigðri samkeppni í þágu verðmætasköpunar og hagsmuna neytenda.
- Tryggja að sem mest af arði atvinnulífsins verði til á grundvelli viðskiptahugmynda sem standast alþjóðlega samkeppni, en ekki í skjóli úthlutaðrar aðstöðu eða fákeppni.
- Opna samfélagið fyrir fjárfestingum og samkeppni. Viðræður um aðild að ESB eru nauðsynlegur liður í að tryggja íslensku atvinnulífi betra starfsumhverfi.
- Tryggja heildstæða auðlindastefnu og skapa sátt og betra starfsumhverfi fyrir auðlindagreinar. Þjóðin á tilkall til hluta auðlindaarðsins.
- Auka fjárfestingu og bæta samkeppnisumhverfi.
- Styðja við nýsköpun og virkjun hugvits.

xV NÝSKÖPUN OG SKAPANDI GREINAR

- Bæta skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja enn frekar og tryggja gott starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- Stuðla að rannsóknum og þróun í hefðbundnum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og landbúnaði.
- Efla vöxt ferðaþjónustunnar og tryggja að náttúruperlur láti ekki á sjá undan aðgangi með því að byggja aðstöðu ferðamanna markvisst upp. Bæta skipulag ferðaþjónustunnar.
- Móta áfram stefnu fyrir skapandi greinar. Samræma stuðningskerfi og tryggja jafnvægi frumsköpunar, vöruþróunar og markaðssetningar.
- Takmarka frjálst framsal aflaheimilda þannig að aflaaukning til handhafa verði óframseljanleg. Lögbinda að hluti afla fari ávallt á fiskmarkað.

xP VERÐMÆTI Í GEGNUM INTERNETIÐ

- Internetið er grunnþáttur hagvaxtar sem þarf að virkja markvisst til að auka fjárfestingu, styrkja fyrirtæki og skapa störf.
- Ísland skapi sér afgerandi sérstöðu sem „netvænt land“ svo fyrirtæki og fólk um allan heim leiti þjónustu á Íslandi þegar kemur að ákvörðunum í netmálum.
- Skapa skilyrði fyrir verðmætasköpun samhliða öryggi á internetinu.

Hvar ná flokkarnir saman?

Nýsköpun og fjölbreytni í landbúnaði



Arður sjávarútvegs til þjóðarinnar



Lægri og einfaldari skatta fyrir atvinnulíf



Sýnum samstöðu

Þrátt fyrir augljósa andstöðu Íslendinga við aðild að Evrópusambandinu halda stjórnmálamenn áfram vegferð Íslands inn í sambandið. Sýnum samstöðu og segjum nei við ESB.

NEI VIÐ ESB

www.neiesb.is

SKOÐUN

Innflytjendur eru ellefu prósent Reykvíkinga:

Fjölmenningar-borgin Reykjavík

Í Reykjavík eru rúmlega ellefu prósent íbúanna innflytjendur, eins og Fréttablaðið sagði frá á miðvikudag. Það er svipað hlutfall og til dæmis í Kaupmannahöfn. Af ríflega þrettán þúsund innflytjendum í borginni eru Pólverjar fjölmennastir, eða rúmlega þrjú þúsund, en alls býr í Reykjavík fólk af 130 þjóðernum.

Ef íbúaþróunin í borginni undanfarin ár er skoðuð, kemur í ljós að innflytjendum fjölgaði ört allt fram til 2009. Árið eftir fækkaði þeim um tæplega 900, en síðan hefur þeim aftur fjölgað og nú eru þeir aftur að verða álíka margir og þegar flest var. Svipaða þróun má raunar greina á landsvísu.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta þýðir í fyrsta lagi að það er ekki rétt sem sumir héldu, að fjölgun innflytjenda á Íslandi væri fyrst og fremst tengd þenslu í efnahagslífinu og þeim myndi fækka fljótt aftur eftir hrun. Samfélagsbreytingin er staðreynd og viðbrögðin við henni mega ekki felast í einhverjum skammtímalausnum. Það þarf að móta stefnu til langs tíma sem hvetur til farsællar aðlögunar innflytjenda að íslenzku samfélagi og nýtir mannauðinn sem þeir hafa fram að færa.

Í öðru lagi þýða þessar tölur að Reykjavík er orðin raunveruleg fjölmenningarborg, suðupottur alls konar áhrifa og menningarstrauma. Það er að flestu leyti jákvæð þróun, sem við eigum að taka fagnandi.

Það gerir alltént Jón Gnarr borgarstjóri, sem sagði í samtali við Fréttablaðið að það væri jákvætt að innflytjendum fjölgaði í borginni. „Þetta er tilbreyting sem reynir meira á hæfni okkar sem fólks til samskipta. Nútímaleg samfélög eru fjölmenningarleg og það er að gerast um allan heim. Við erum ekki undanskilin og ég fagna því að við séum þátttakendur í fjölmenningunni og tökum vel á móti fólki sem vill búa hér," segir borgarstjórinn.

Hann er hins vegar ekki ánægður með þann mikla mun sem er á hlutfalli innflytjenda milli hverfa. Í Efra-Breiðholti eru þeir um fjórðungur íbúanna og um fimmtungur í Austurbænum, en í Fossvogi, Grafarvogi og Grafarholti eru þeir aðeins 4-5 prósent íbúa, svo dæmi séu tekin.

Það er rétt hjá borgarstjóranum að það er ekki æskilegt að innflytjendur safnist saman í ákveðnum hverfum, eins og gerzt hefur sums staðar í öðrum norrænum ríkjum. Borgaryfirvöld geta hins vegar ekki handstýrt húsnæðismarkaðnum – fólk sem flytur frá fátækari löndum og þarf að koma undir sig fótunum byrjar eðlilega búskapinn þar sem fasteigna- og leiguverð er viðráðanlegt.

Það sem borgin getur hins vegar gert er að fjölga atvinnutækifærum innflytjenda og stuðla að því að þeir hafi með tíð og tíma efni á að flytja úr hverfunum með lægsta fasteignaverðið. Það gerist með því að hjálpa þeim að nýta menntun sína, að tryggja að börn þeirra fái jafngóða skólagöngu og innfæddu börnin og að þeir verði ekki út undan í samfélaginu af því að þeir hafi til dæmis síðri aðgang að þjónustu borgarinnar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rökhyggjuflokkurinn
Framsóknarflokkurinn hefur birt kosningastefnuskrána í bæklingsformi á vefnum sínum. Þar geta kjósendur lesið sér til um hin og þessi áherslumál flokksins og er það vel. Á forsíðunni er falleg mynd af Seljalandsfossi í allri sinni dýrð og á baksíðunni brosir Sigmundur Davíð til lesenda. Það er ekki nema von að flokkurinn hafi verið á siglingu. Á næstöftustu síðunni má líka sjá þessa skilgreiningu á flokknum: „Framsókn er frjálslyndur, umbótasinnaður rökhyggjuflokkur." Rökhyggjuflokkur já. Sem er þá væntanlega andstæðan við hina; rökleysis- og tilfinningahyggjuflokkana.

Ísland í sviðsljósinu
Okkur Íslendingum finnst gaman að vera í heimsfréttunum. Síðast gerðist það í gær, þegar Associated Press fjallaði um hugvitssemi okkar. Fréttin snerist um nýafstaðna samkeppni um að koma Íslendingabók á snjallsímaform. Fyrirsögnin var á þessa leið: „Nýtt app hjálpar Íslendingum að forðast sifjaspell fyrir slysni." Fréttin hefur síðan farið um allt. Áfram Ísland!

ÓRG-snúningur
Fylgi Sjálfstæðisflokksins virðist á rjúkandi uppleið eftir frammistöðu Bjarna Benediktssonar í leiðtogaþætti RÚV í síðustu viku. Nú eru menn farnir að bera snúning hans saman við þann sem Ólafur Ragnar Grímsson tók fyrir forsetakosningarnar í fyrra, þegar hann tilkynnti um afsögn, sem kallaði vitaskuld fram stuðning sem engin leið var að hunsa. Það er kannski of snemmt að spá Bjarna í forsetaembættið en það virðist að minnsta kosti ekkert vanta upp á pólitíska nefið sem frambjóðandi til þess þarf að hafa.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

XD

Sjálfstæðisflokkurinn

Við bjóðum íbúum, 60 ára og eldri, í Breiðholtinu að koma til fundar með okkur í Gerðubergi, föstudaginn 19. apríl, klukkan 16:00. Hanna Birna, Illugi og Pétur Blöndal og fleiri mæta. Léttar veitingar.

Stöðugleika strax!

STJÓRNMÁL

Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Við verðum að setja efnahagslegan stöðugleika í öndvegi. Við getum ekki haldið áfram með hina endalausu hringrás milli bólu og kreppu. Við verðum að marka nýja leið, sem skapar okkur öllum betri lífskjör. Við höldum hvorki í okkar bestu fyrirtæki né okkar besta fólk með sama áframhaldi.

Brýnasta verkefnið er að verja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Við getum ekki verið leiksoppar lánardrottna um ókomna tíð. Þess vegna teljum við að ábyrgð í ríkisfjármálum skipti öllu máli. Við verðum að hætta að safna skuldum og hætta að borga 90 milljarða í vexti á hverju ári.

Ábyrg ríkisfjármál og stöðugt gengi eru líka lykilatriði til að halda niðri verðbólgu og vöxtum. Ekkert skapar meiri kjarabót fyrir heimilin. Ekkert skiptir meira máli til að fjölga atvinnutækifærum.

Verkefnið okkar er einfalt: Að afla meira en við eyðum.

Við þurfum ekki að bíða eftir niðurstöðum nefnda um verðtryggingu eða að innleysa á óvissum árafjölda hagnað af áhættuviðskiptum með eignir búa föllnu bankanna.

Við höfðum kjark til að taka á kröfuhöfunum og færa erlendar eignir þeirra undir höftin með marslögunum. Þá voru hvorki Framsókn né Sjálfstæðisflokkur með. Við höfum líka kjark til þess að nýta þessa stöðu til að skapa þjóðinni allri ávinning af samningum við kröfuhafa, en ekki bara fáum útvöldum.

➜ Brýnasta verkefnið er að verja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar Við getum ekki verið leiksoppar lánardrottna um ókomna tíð. Þess vegna teljum við að ábyrgð í ríkisfjármálum skipti öllu máli.

Samningsstaðan gagnvart kröfuhöfunum, sem við höfum skapað, og árangur í ríkisfjármálum, sem við höfum skapað, munu veita nýrri ríkisstjórn mörg tækifæri. Hún getur nýtt þau í þágu vildarvina, eins og Framsókn og Sjálfstæðisflokkur stefna nú að bæði leynt og ljóst.

Hún getur líka nýtt þau í þágu þjóðarinnar allrar, eins og við viljum. Heit mitt er það að Samfylkingin muni nýta allt það svigrúm sem fæst við hagstjórnina á komandi misserum að fullu í þágu íslenskra heimila og fyrirtækja.

Við munum áfram starfa með almannahagsmuni að leiðarljósi.

Viltu frekar prófa hitt aftur?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Takk

STJÓRNMÁL

Ari Klængur Jónsson
stjórnmálafræðingur

Auður Jónsdóttir
rithöfundur



Rannveig Jónsdóttir
kvikmyndagerðarmaður

Stjórnarflokkarnir hefðu getað gert betur. Vafalítið gerðu þeir ýmis mistök á síðustu árum – en þeir verða ekki sakaðir um skort á góðum vilja, dugnaði eða hugsjónum. Kannski voru stærstu mistök þeirra að ætla sér of mikið á of skömmum tíma.

Vandi stjórnarflokkanna er ekki síst fólginn í því að við, fólkið í landinu, höfum misst yfirsýnina, að einhverju leyti gleymt nýliðnum harmleik í skjóli blekkinga og okkar eigin heimtufrekju. Við lifum á tímum þar sem hlutir eru dæmdir út frá umbúðum en ekki innihaldi, við erum upptekin af magni og hagræðingu en gleymum gæðunum og raunverulegu virði hlutanna. Hvers virði er til dæmis tveggja prósenta lækkun á tekjuskatti ef hún er á kostnað læknisþjónustu eða barnabóta til einstæðs foreldris?

Skattar eru það gjald sem við greiðum fyrir siðmenninguna, sagði einhver. Ef við viljum siðmenningu þá verðum við að borga skatta. Svo einfalt er það. Það gengur ekki upp að heimta lækkun skatta en um leið betri eða sömu þjónustu.

Það má ekki gerast að kosningaloforð verði af sama tagi og megrunarkúrar: skyndilausnir handa lýðnum. Tímabundnar lausnir sem ráðast ekki að rót vandans, lausn sem leysir eitt vandamál en magnar upp annað. Við megum ekki gleyma aðalatriðinu, týna því í ringulreið og uppþotum. Viljum við að auðlindir landsins séu auðlindir þjóðarinnar? Viljum við ljúka aðildarviðræðunum við ESB svo þjóðin hætti að þræta um hugarburð? Óskum við þess að þeir sem standa höllum fæti fái aðstoð og stuðning frá hinu opinbera? Viljum við hafa stuðningsnet þegar áfallið skellur á okkur? Viljum við standa vörð um náttúruna?

Við viljum greiða

Við, undirrituð, viljum greiða sanngjarna skatta ef það þýðir barnabætur til þeirra sem þær þurfa, öflugra heilbrigðiskerfi fyrir okkur öll, óskert menntunartækifæri barnanna okkar, stöðugar undirstöður fyrir fjölbreytt og skapandi atvinnulíf, að hugað sé að foreldrum okkar, ömmum og öfum í ellinni. Hverjir eru líklegastir til að skapa þann grundvöll?

Fjögur ár af fordæmalausum niðurskurði, blóðugum en því miður nauðsynlegum eftir fjárhagslegar hamfarir í þjóðarbúinu. Við finnum auðvitað fyrir því að hér varð hrun en samt fáum við enn þá læknisþjónustu, hærri barnabætur en áður, sértækar vaxtabætur og snjómokstur á milli byggðakjarna. Fimm ár frá hruni og innan við 5% atvinnuleysi, fjöldi fólks fer til sólarlanda, menntakerfið er öflugt, skapandi greinar blómstra og í burðarliðnum eru hátæknisjúkrahús, nýtt fangelsi og veggöng. Auðvitað vill maður alltaf meira, sá sem á heitan pott vill sundlaug, sá sem á sundlaug vill sundlaugagarð og sá sem á sundlaugagarð vill Atlantshafið. En fyrir ríflega fjórum árum gat okkur ekki dreymt um að hafa það þó þetta gott meðan orð fyrrverandi forsætisráðherra bergmáluðu í eyrum okkar: Guð blessi Ísland!

Í ljósi þess ætlum við að endurskoða okkar eigin tilætlunarsemi og reyna að horfa á hlutina í stærra samhengi.

Fjöldi fólks á um sárt að binda, og margir síðan löngu fyrir hrun, en orsaka vandans er hvorki að leita hjá ríkisstjórnarflokkunum, sem hafa styrkt efnahaginn á fáránlega erfiðum tímum, né flokkunum í borgarstjórn Reykjavíkur: Samfylkingu og Besta flokknum, bróðurflokks Bjartrar framtíðar. Borgarstjórnin hefur undið ofan af skuldum Orkuveitunnar sem ætlaði algjörlega að sliga borgarbúa eftir óreiðustjórn margra ára og þar hefur tekist að halda allri lágmarksþjónustu gangandi, auk þess að standa fyrir frjóum lausnum á ýmsum sviðum.

Erum við búin að gleyma?

Það er auðvelt að kenna þessum þremur flokkum um allt sem miður fer, þeim sem hafa setið við stjórnvölinn hjá ríki og borg síðan við fórum að finna fyrir Hruninu á eigin skinni. En notum hugmyndaflugið: Hvernig hefði ástandið verið ef þessara flokka hefði ekki notið við? Erum við búin að gleyma hverjir einkavæddu bankana, byggðu virkjanirnar sem höfðu í för með sér stórtæka eyðileggingu á náttúrunni og þensluna sem fræ Hrunsins uxu af, höfum við gleymt stríðinu í Írak og óráðsíu á húsnæðislánamarkaði, svo fátt eitt sé nefnt?

➜ Það má ekki gerast að kosningaloforð verði af sama tagi og megrunarkúrar: skyndilausnir handa lýðnum.

Stundum þarf að fórna eigin skammtímahagsmunum fyrir betri framtíð heildarinnar, og þá um leið eigin hagsmunum. Við minnumst orða Lao-Tse þegar við skilum inn atkvæðum okkar; að sá sem er ör á loforðin er sjaldan orðheldinn.

Þetta virðast frambjóðendur Vinstri grænna, Samfylkingar og Bjartrar framtíðar vita. Á listum þessara þriggja flokka er fólk sem hefur unnið að því af heilum hug síðustu árin að tjasla saman daglegu gangverki ríkisins og höfuðborgarinnar. Auðvitað er það mannlegt en það vinnur óeigingjarnt starf, fórnar einkalífi og hefur að því er virðist ótakmarkaða starfsorku. Og það hefur ekki bara gert mistök heldur líka kraftaverk. Við allt þetta fólk viljum við systkinin segja nokkuð sem gleymist alltof oft að segja: Takk kærlega.

AF NETINU

Því meira því betra

Birting skoðanakannana hefur áhrif á úrslit kosninga. Og hvað með það? Víða sé ég texta, þar sem menn lýsa áhyggjum af þessu. Ég deili þeim ekki. Allar fréttir hafa áhrif á úrslit kosninga. Þær mega gera það. Því meiri fréttir, þeim mun upplýstara er fólk. Eða getur verið það, ef það kærir sig um. Ekki veitir af, að fólk hafi aðgang að sem mestum og bestum upplýsingum. Óhætt er að treysta þeim, þegar gott samræmi er milli kannana samkeppnisaðila.

http://www.jonas.is/

Jónas Kristjánsson

Vestræn klæði

Leiðtogar Afríkuríkja hafa haldið því fram að ef Vesturlönd borguðu sanngjarnt gjald fyrir aðgang að auðlindum, og gæfu þriðja heims löndum aðgang að mörkuðum, gætu þeir ráðið við sínar þróunaráætlanir á eigin spýtur. Ég held að það sé rétt hjá þeim; þeir gætu vel ráðið við það. Hvort leiðtogar Afríku myndu skyndilega afspillast og taka upp sérstaka umhyggju fyrir sínum minnstu bræðrum, það efast ég aftur á móti um. En á hinn bóginn efast ég líka um að allt þetta fólk, sem svíður í nískupúkann vegna þeirra smáaura sem við verjum til neyðarhjálpar og þróunarsamvinnu, væri tilbúið til að afsala sér þeim gæðum sem ódýrt vinnuafl og auðlindarányrkja Vesturlanda hefur fært okkur.

http://blog.pressan.is

Eva Hauksdóttir

Biðin langa?

STJÓRNMÁL

Einar Kristinn Guðfinnsson
alþingismaður

Þrátt fyrir fögur fyrirheit hefur fátt eitt gerst í skuldamálum heimilanna í landinu á þessu kjörtímabili. Milljarða stofnunum hefur að vísu verið komið á fót til þess að vinna að þessum málum. Árangurinn hefur hins vegar verið afskaplega rýr, þó kostnaður stofnananna hafi vaxið. Þær skuldir sem lækkað hafa hjá almenningi má að langmestu leyti rekja til dómanna um ólöglegu gengislánin og hafði ekkert með stjórnvaldsaðgerðir að gera.

Það harðnar því stöðugt á dalnum hjá sívaxandi hópi. Það fólk þolir ekki neina bið. Það er langt síðan að fullreynt var að ríkisstjórnarflokkarnir myndu ekkert gera. Úr þeirri átt er einskis frekar að vænta. Það hefur legið fyrir lengi.

Nú er það boðað að þennan vanda megi leysa með fjármunum sem ef til vill fáist með samningum við útlenda kröfuhafa í eignir gömlu bankanna. Það er gott og blessað. En hvenær? Hve mikið? Hvernig? Þessum spurningum getur enginn svarað.

Er þá svarið að skuldug heimilin í landinu eigi enn þá að bíða, eftir úrræðum? Kannski í eitt ár, ef til vill tvö ár, allt eftir því hvernig samningaumleitanir gangi. Já. Það er einmitt hættan ef þetta á að verða úrræðið fyrir skuldug heimili í landinu.

Skuldug heimili hafa beðið í fjögur ár eftir úrræðum frá úrræðalausri ríkisstjórn. Það er bágt til þess að vita að enn sé boðuð bið eftir því að vandi heimilanna verði leystur.

Hægt að framkvæma strax

Það er þess vegna svo gríðarlega nauðsynlegt að til staðar verði úrræði sem virka strax. Undir eins frá fyrsta degi eftir að lög hafa verið samþykkt á Alþingi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram slíkar tillögur sem munu lækka skuldir um 20% miðað við 20 milljóna lán og hóflegar fjölskyldutekjur. Þetta færi talsvert langt með að vinna niður forsendubrestinn sem varð með hruni fjármálakerfisins og hækkun verðbótanna.

Þetta er ekki ávísun á óljósar hugmyndir sem enginn getur fullyrt um hvenær geti orðið að veruleika. Þetta er vel ígrunduð stefna, útreiknað plagg, sem hægt verður að framkvæma tafarlaust.

→ Skuldug heimili hafa beðið í fjögur ár eftir úrræðum frá úrræðalausri ríkisstjórn.

Núðlusúpa eða spagettí? Upprætum fátækt

STJÓRNMÁL

Kristín Elfa Guðnadóttir
pírati

Réttlæti ræður ekki ríkjum á Íslandi. Ekki heldur jöfnuður. Sumir Íslendingar eru svo fátækir að þeir verða að skilja mjólkurlítrann eftir í búðinni af því að peningarnir duga ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. Síðustu tíu daga mánaðarins eru borðaðar núðlusúpur og spagettí með tómatsósu. Fjöldi fólks vinnur hörðum höndum alla ævi án þess að eiga fyrir salti í grautinn. Á meðan taka vel stæðir landar þeirra þátt í keppni á Facebook um að vinna iPod eða utanlandsferð. Skoðum þrjár stoðir í stefnu Pírata sem geta aukið jöfnuð og bætt kjör almennings; beint lýðræði, frjálst internet, gagnsæi.

Beint lýðræði færir öllum, ekki bara sumum, aðgang að því að móta stefnu í stóru málunum. Það er eina leiðin til að tryggja að fátækir ráði einhverju um efnahags-, velferðar-, heilbrigðis- og menntamál. Ég varð Pírati út af því að áhersla á lárétt lýðræði (en ekki lóðrétt) er eina pólitíkin sem getur skilað okkur verulega góðu samfélagi. Píratar hafa m.a.s. samið kosningakerfi á internetinu til að prófa ákvarðanatöku með þessum hætti. Lárétt lýðræði leggur ábyrgð á okkar herðar en færir okkur líka réttinn til ákvarðanatöku í samfélagsmálum.

Væri það ekki dásamlegt að geta sagt „ég tók þátt í að móta þessa stefnu“ í staðinn fyrir að segja „þeir eru allir jafn vitlausir þessir stjórnmálamenn“? Mér finnst það.

Jöfnunartæki

Netið er jöfnunartæki svo fremi okkur takist að verja það fyrir árásum þeirra sem vilja koma böndum á það. Það er annað heimili ört vaxandi fjölda fólks og þangað er til að mynda hægt að sækja sér margvíslega menntun á eigin forsendum og án þess að taka námslán. Píratar beita sér fyrir opinni, fjölbreyttri og vandaðri menntun og námsgögnum, á internetinu og annars staðar.

Netið er líka gríðarlega mikilvægur þáttur fyrir efnahaginn. Við erum svo fá að við gætum sem þjóð þegið stóran hluta af tekjum okkar af internetinu og með því að vera netvænt land. Við gætum upprætt fátækt með skynsamlegri ráðstöfun þessara tekna.

Loks er internetið besti hugsanlegur vettvangur til að verjast hvers kyns kúgun og ööru ofbeldi, og til að bæta heiminn. Þess vegna er okkur Pírötum svona annt um friðhelgi einkalífsins á internetinu.

Ég ólst upp í fátækri fjölskyldu. Ég er fyrir löngu búin að átta mig á því að vitneskja er vald og að án hennar er erfitt að brjóta fjötrana sem viðhalda þessum óboðna gesti. Afkoma fjölda Íslendinga er fáránlega rýr. Sjálfbær endurnýjun stéttskiptingar er í fullum blóma og fátækt er hætt að vera fréttnæm svo neinu nemi. Ætlum við bara að sætta okkur við hana? Píratar berjast fyrir því að allir viti hvað er að gerast á Alþingi, stofnunum, bönkum og fyrirtækjum sem geta með ákvörðunum sínum þurrkað út heil byggðarlög. Við upprætum fátækt þegar við fáum upplýsingar, aðgang að ákvörðunum og aðrir hætta að geta möndlað með okkar mál eins og þeim sýnist í leynd bak við luktar dyr.

→ Við upprætum fátækt þegar við fáum upplýsingar, aðgang að ákvörðunum og aðrir hætta að geta möndlað með okkar mál eins og þeim sýnist í leynd bak við luktar dyr.

Fagmennska í þágu lýðræðis

STJÓRNMÁL

Friðrik Rafnsson
þýðandi, í 4. sæti á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavík norður

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um vantraust á stjórnmálamönnum og að traust þjóðarinnar á Alþingi sé í sögulegu lágmarki, enda fari mestur tími þeirra í karp um aukaatriði og eiginhagsmuna- og kjördæmapot. Það er margt til í því og full ástæða til að taka þessa gagnrýni mun alvarlegar en gert hefur verið. Þrátt fyrir þessa neikvæðu umræðu um stjórnmál og Alþingi hefur það komið mér, sem aldrei hefur komið nálægt stjórnmálum fyrr en nú, notalega á óvart hvað fólk er gríðarlega jákvætt og áhugasamt gagnvart því. Þótt það sé stundum ansi dómhart í garð stjórnmálamanna, tali um að þeir séu nú óttaleg viðrini og himpigimpi, hefur það í raun tröllatrú á lýðræðinu og langar greinilega til að stokka málin upp á Alþingi, öðlast nýja von.

Í kjölfar Rannsóknarskýrslu Alþingis og þeirra endurbótatillagna sem unnar voru upp úr henni (en hafa því miður ekki verið framkvæmdar nema að litlu leyti) hefur mönnum orðið tíðrætt um að bæta þurfi vinnubrögðin á Alþingi, en minna hvernig. Hér er því tillaga: senda alla þá alþingismenn, reynda sem nýja, sem brátt verða kosnir til verka fyrir þjóðina á stutt en vel skipulagt verkefnastjórnunarnámskeið. Verkefnastjórnun er aðferðafræði sem felur í sér undirbúning verkefna, þar með talið skipulagningu/áætlanagerð, og eftirlit með öllum þáttum verkefnis á framkvæmdatíma.

Agaðri vinnubrögð

Aðferðum verkefnastjórnunar er gagnlegt að beita á öll verkefni, hvort sem þau eru stór eða smá.

Aðferðir verkefnastjórnunar hafa gefist mjög vel í fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum hérlendis og hafa leitt til mun agaðri og skilvirkari vinnubragða en áður tíðkuðust. Alþingismenn koma úr ýmsum áttum og eru með ólíka menntun og reynslu. Það er hið besta mál enda er það hugmyndin með lýðræðinu. Þeim sem kosnir verða til setu á Alþingi í lok þessa mánaðar ber að nálgast það verkefni af auðmýkt og hógværð líkt og fulltrúar Besta flokksins gerðu þegar þeir tóku við stjórnartaumunum í Reykjavík. Til þeirra eru gerðar miklar kröfur um vönduð vinnubrögð og þær eiga bara eftir að aukast á næstu árum. Innleiðing vandaðs verkefnastjórnunarkerfis sem væri lagað að þörfum þingmanna gæti eflt þá mjög í störfum sínum í þágu þjóðarinnar og þar með stuðlað að betra samfélagi og bjartari framtíð.

→ Innleiðing vandaðs verkefnastjórnunarkerfis sem væri lagað að þörfum þingmanna gæti eflt þá mjög í störfum sínum ...

SAMSUNG Hercules muvi™

FLOTT TÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI

Birt með fyrirvara um villur í texta og/eða myndabrengl

229.900
299.900
379.900

VERÐ LÆKKUN

SAMSUNG 15,6”
355E5C-S04
- 15,6” HD LED 1366x768 mattur skjár
- AMD Dual-Core E2-1800 1.7GHz örgjörvi
- AMD HD7470M GDDR3 1GB skjákort
- 6GB DDR3 1600MHz
- 500GB 5400rpm harður diskur
- 802.11 b/g/n þráðlaust netkort
- HDMI/2xUSB2.0/2xUSB3.0/VGA
- 6-Cell Lithium PowerPlus rafhlaða

HDMI™ Hi-Speed USB 3 Certified
Windows 8
FAST START 4 SEKÚNDUR

114.900

SAMSUNG 3D SMART LED ES6575
- 1920x1080p – Full HD
- 3D HyperReal myndvinnsluvél
- 400Hz Clear Motion Rate
- DVB-T2 Stafrænn móttakari
- DVB-S2 Gervihnattamóttakari
- 3xHDMI – 3xUSB – Þráðlaust net
- 2x3D Gleraugu fylgja

FYLGIR

Nýleg óháð samanburðarkönnun sýnir fram á afburða árangur Samsung fartölva hvað áreiðanleika varðar:
www.bt.is/page/samsungbest

HERCULES DJ CONTROL AIR STREET EDITION
- Þrýstingsnæm snúningshjól
- Air þráðlaus stjórnun
- 8 velocity takkar sem stjórna „sampler, loops og effects“
- Lime grænir „Street Edition“ takkar
- DJUCED 18° hugbúnaður fylgir
- Virkar með Traktor og VirtualDJ Pro
- MIDI forritanlegur

34.999

HERCULES DJ CONTROL INSTINCT
- Þrýstingsnæm snúningshjól
- Nettur og léttur
- „Scratchaðu“ með þrýstingi
- Fjölbreyttir útgangar
- DJUCED hugbúnaður fylgir
- Virkar með Traktor og VirtualDJ Pro
- MIDI forritanlegur

24.999



500GB
12.999
17.999
1TB

SAMSUNG M3 USB3.0 FLAKKARI
- Stílhrein köflótt hýsing
- USB2.0 og USB3.0 stuðningur
- Afritunar- og öryggishugbúnaður fylgir
- Þyngd: 141g
- 500GB og 1TB

PS2 Playstation 2 · XBOX 360 · PS3 Playstation 3 · Wii U Nintendo · Wii Nintendo · Nintendo DS

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
í spiluðum leikjum

14.999

VEHO MUVI PRO SPORT MYNDAVÉL
- 2MP nemi – 640x480 upptaka
- 30 rammar á sekúndu
- Endurhlaðanleg rafhlaða
- 90 mínútna upptaka á rafhlöðu
- 4GB MicroSD fylgir
- Vegur aðeins 50g
- Hægt að fá allskonar festingar
- Á hjól, bretti, hjálm, vatnshelt box og fleira

FULLT AF FLOTTUM DVD OG BARNA DVD

999

www.godverk.is

BT Skeifan · BT Glerártorg · Sími 550 4444 · www.bt.is

Reikningskúnstir ráðuneytis

KJARAMÁL

Guðjón Ragnar Jónasson
framhaldsskóla-kennari

➜ Það eru forkastanleg vinnubrögð þegar reiknilíkön fylgja ekki lögbundnum kjarasamningum.

Í kjölfar kreppunnar þurftu íslenskir framhaldsskólar að draga mjög úr útgjöldum. Nú er svo komið að algengt er að námshópar telji um og yfir þrjátíu nemendur. Erfitt er um vik með alla skólaþróun og alkunna að stórir námshópar eru ávísun á aukið brottfall.

Ef rýnt er í fjárframlög til framhaldsskóla sést að niðurskurðurinn hófst fyrir kreppu. Menntamálaráðuneytið hefur nefnilega leikið ljótan leik síðustu ár. Svokölluð launastika ræður mestu um fjárframlög til framhaldsskólans. Hún hefur ekki fylgt kjarasamningum og orsakar gat sem fyllt er upp í með því að skerða þjónustu.

Þegar launastikan var skilgreind (2003) var hún launaviðmið fyrir mánaðarlaun framhaldsskólakennara, þ.e.a.s. grunnlaun án stjórnunar, sérverkefna, aldursafsláttar eða umbunar af öðru tagi. Sama tala var notuð fyrir alla framhaldsskóla frá og með þessum tíma, en áður hafði verið miðað við meðallaun hvers skóla fyrir sig. Hér má sjá þróun launastikunnar á árunum 2003–2012.

Markmiðið um samsvörun milli launastiku og meðallauna stóðst í skamman tíma og nú munar fjórðungi. Gatið hefur m.a. verið brúað með risastórum námshópum. Búið er að tálga framhaldsskólann inn að beini og ekki mögulegt að skera meira. Höfum hugfast að yfir 80% af útgjöldum framhaldsskólans fara í launagreiðslur.

Menntamálaráðherra hefur sýnt að hún er velviljuð menntun og ég trúi ekki öðru en að hún leiðrétti misfærslurnar. Það eru forkastanleg vinnubrögð þegar reiknilíkön fylgja ekki lögbundnum kjarasamningum. Hugboðið segir að hér hafi ráðuneytið vísvitandi falið niðurskurðinn. Skólafólk sér í gegnum svona reikningskúnstir og það mun ekki líða risastóra námshópa sem rýra gæði skólastarfsins.

Þróun launastiku 2003-2012

Ár	Launastika	Meðaldagvinnulaun KÍ/frsk.	Frávik launastiku frá meðallaunum
2003	232.000 kr.	231.039 kr.	0,4%
2004	238.960 kr.	239.183 kr.	-0,1%
2005	241.350 kr.	257.995 kr.	-6,5%
2006	248.591 kr.	279.224 kr.	-11,0%
2007	275.704 kr.	293.325 kr.	-6,0%
2008	288.840 kr.	319.824 kr.	-9,7%
2009	295.570 kr.	338.803 kr.	-12,8%
2010	313.817 kr.	340.250 kr.	-7,8%
2011	313.817 kr.	354.413 kr.	-11,5%
2012	286.102 kr.	377.000 kr.	-24,1%

Meðallaun 2012 eru áætluð meðallaun

Tryggjum fjölbreytt atvinnulíf!

STJÓRNMÁL

Skúli Helgason
þingmaður Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi norður

➜ Kjósendur hafa skýrt val í komandi kosningum, fjölbreytt atvinnulíf eða afturhvarf til stóriðjustefnu.

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og VG hefur lagt sig fram um að styðja fjölbreytni í atvinnulífinu með áherslu á stóraukinn stuðning við nýsköpun og vaxtargreinar í samfélaginu. Það er mikil breyting frá því sem áður var þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur lögðu ofuráherslu á uppbyggingu stóriðju, en létu aðrar atvinnugreinar mæta afgangi.

Stærsta afrek ríkisstjórnarinnar felst í að hafa afstýrt þjóðargjaldþroti með því að minnka halla ríkissjóðs úr 216 milljörðum árið 2008 í tæplega fjóra milljarða á þessu ári. Þessi árangur sparar ríkissjóði 17 milljarða króna, sem ella hefði þurft að borga í vexti af lánum til að fjármagna hallann. Það er svipuð fjárhæð og fer í rekstur allra háskóla eða framhaldsskóla landsins.

Alvöru veiðigjald

Við jafnaðarmenn höfum lengi barist fyrir því að þjóðin fengi sanngjarnan hlut í arðinum af sameiginlegum auðlindum sínum og ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er sú fyrsta sem hefur lagt veiðigjöld á útgerðina sem standa undir nafni. Sjálfstæðismenn sem fóru með yfirstjórn sjávarútvegsmála samfellt frá 1991 til 2008 lögðu á smánarlega lágt gjald, sem nam 0,5-1% af hagnaði útgerðarinnar og skilaði 1-2 milljörðum á ári í ríkissjóð. Í ár borgar útgerðin rúma 13 milljarða í veiðigjald sem varið er í fjölbreytta atvinnuuppbyggingu um land allt.

Risaskref

Tekjur af veiðigjaldi nýtum við í ár til að byggja upp aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum, örva innlendar og erlendar fjárfestingar í græna hagkerfinu, styrkja skapandi greinar með áherslu á Kvikmyndasjóð og síðast en ekki síst er stigið risaskref til að efla samkeppnissjóðina sem eru drifkraftur vísindarannsókna og tækniþróunar í landinu. Framlög til Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs hækka um rúmlega helming, eða 1,3 milljarða króna, og það er vilji okkar jafnaðarmanna í Samfylkingunni að alls fari sex milljarðar króna í þessa lykilsjóði rannsókna og nýsköpunar á næstu þremur árum, samanber fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar. Slíkur stuðningur við nýsköpun í landinu á sér engin fordæmi í sögu lýðveldisins.

Aftur til fortíðar?

En nú hefur almenningur í hendi sér hvort sú stefna verður að veruleika eða ekki. Nú stefnir í að næsta ríkisstjórn verði skipuð Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Það ætti að vera þeim mikið áhyggjuefni sem vilja auka fjölbreytni í atvinnulífinu þar sem jafnræði ríkir milli atvinnugreina og stuðningur við nýsköpun og vaxtargreinar er í forgrunni. Báðir þessir flokkar hafa lýst því yfir að þeir vilji vinda ofan af veiðigjaldinu og þar með kippa stoðunum undan auknum stuðningi við samkeppnissjóðina, ferðaþjónustuna, græna hagkerfið og skapandi greinar. Það hillir undir afturhvarf til stóriðjustefnunnar með tilheyrandi ruðningsáhrifum fyrir atvinnulífið.

Stefna Samfylkingarinnar

Þeir sem vilja fjölbreytt atvinnulíf eiga hins vegar bandamenn í okkur jafnaðarmönnum í Samfylkingunni sem munum hvergi hvika í stuðningi við fjölbreytt atvinnulíf byggt á jafnræði milli greina, ef við fáum til þess stuðning í kosningunum 27. apríl. Við munum leggja mikla áherslu á aukinn stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, með lækkun tryggingagjalds og skattalegum ívilnunum til að örva kaup almennings á hlutabréfum í slíkum fyrirtækjum og verðbréfum í fjárfestingarsjóðum. Síðast en ekki síst munum við efla háskóla og framhaldsskóla og styðja áframhaldandi uppbyggingu samkeppnissjóðanna, sem eru forsenda kröftugrar atvinnuuppbyggingar á komandi árum.

Kjósendur hafa skýrt val í komandi kosningum, fjölbreytt atvinnulíf eða afturhvarf til stóriðjustefnunnar.

Framsókn spillir samningsstöðu Íslands

STJÓRNMÁL

Elsa Björk Valsdóttir
læknir

➜ Nú fer nær allur tekjuskattur, sem við launþegar greiðum um hver mánaðamót, í vaxtakostnað ríkissjóðs.

Allir Íslendingar eru að sjálfsögðu sammála um að við útgreiðslur úr þrotabúum bankanna verði hagsmuna Íslands gætt í hvívetna. Um þetta var til að mynda alger pólitísk samstaða á Alþingi við breytingar á lögum um gjaldeyrishöft fyrr í vetur.

Því miður hefur Framsóknarflokkurinn hins vegar tekið sig til og lofað að verja hugsanlegum ávinningi íslenska ríkisins með ákveðnum hætti, einkum til að greiða niður skuldir manna sem þurfa ekki endilega á því að halda.

Þetta þýðir að komist Framsóknarflokkurinn til valda eftir kosningar vita núverandi eigendur föllnu bankanna (ýmist kallaðir „vogunarsjóðir“ eða „hrægammar“) að Framsóknarflokknum liggur á að semja. Að öðrum kosti á hann enga möguleika á að fjármagna kosningaloforð sín. Þeir vita líka að aðeins þarf að henda ákveðið mörgum íslenskum krónum í Framsóknarflokkinn til að hann telji sig geta efnt kosningaloforðin.

Sárgrætileg staða

En er ekki mikilvægt fyrir Ísland að fá einnig erlendan gjaldeyri úr samningum við eigendur gömlu bankana? Við þurfum að greiða gríðarlegar erlendar skuldir ríkissjóðs. Nú fer nær allur tekjuskattur, sem við launþegar greiðum um hver mánaðamót, í vaxtakostnað ríkissjóðs. Það er sárgrætileg staða þegar svo margt þarf að gera hér heima fyrir, sérstaklega í heilbrigðismálum. Framsókn telur mikilvægara að eyða stórum fjárhæðum, sem reyndar eru ekki enn einu sinni komnar í ausuna, hvað þá sopnar, í að hjálpa fólki sem margt hvert getur vel hjálpað sér sjálft, en að t.d. byggja upp Landspítalann úr þeim rústum sem hann er í eftir harkalegan niðurskurð síðustu ára.

Framsóknarflokkurinn hefur með þessari framkomu í kosningabaráttunni spillt samningsstöðu Íslands erlendis.

Ef ég væri „hrægammur“ myndi ég kjósa Framsóknarflokkinn.

Brettum upp ermar í umgengni við náttúruna!

NÁTTÚRU-VERND

Ingunn St. Svavarsdóttir
sálfræðingur og listakona XL í Norðausturkjördæmi

➜ Lýðræðisvaktin vill standa vörð um rétt okkar og komandi kynslóða til óspilltrar náttúru.

Það þarf enginn að segja mér að við séum ekki allir Íslendingar slegnir yfir því hvernig komið er fyrir Lagarfljótinu! Látum það verða okkur lexía til að læra af. Ákvæði nýrrar stjórnarskrár kveða m.a. á um að fyrri spjöll skuli bætt eftir föngum. Almenningi og hagsmunaaðilum verður með nýrri stjórnarskrá gert kleift að leita til dómstóla um ákvarðanir stjórnvalda, sem áhrif hafa á umhverfi og náttúru – og jafnframt verður komið í veg fyrir að slíkum málum verði vísað frá vegna skorts á lögmætum hagsmunum. Lýðræðisvaktin vill virkja okkur, fólkið sjálft, til ábyrgðar og ákvörðunar um eigin mál!

Stoltið okkar, Vatnajökulsþjóðgarður, með öllum sínum náttúruperlum, auðnum og fágætri fegurð er dýrmæti sem okkur ber að standa vörð um. Við gætum a.m.k. til jafns við utanlandsreisurnar farið í vettvangskannanir um landið okkar þvert og endilangt með skólabörnin okkar – frætt þau og kennt þeim að meta, njóta, ganga vel um og þykja vænt um íslenska náttúru. Lýðræðisvaktin vill standa vörð um rétt okkar og komandi kynslóða til óspilltrar náttúru.

Óspillt náttúra og hreint óspillt umhverfi heyra til lífsgæða og mannréttinda eins og kveðið er á um í nýrri stjórnarskrá.

Okkur hefur borið af leið, en ef við tökum höndum saman nú þegar þá getum við:

1) Kennt börnunum okkar frá leikskólaaldri og upp úr að umgangast íslensku viðkvæmu náttúruna okkar af virðingu og þakklæti.
2) Krafist þess að ánauð ferðamanna á viðkvæma staði sé stjórnað með ítölu og/eða með hæfilegu gjaldi til að grípa til varúðar- og verndarráðstafana í tæka tíð á þeim stöðum sem nauðsyn krefur.
3) Aukið umhverfisvöktun.

Lýðræðisvaktin vill að lög um land og nýtingu þess séu í samræmi við nýja stjórnarskrá með almannahag að leiðarljósi.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

grænn apríl
Umhverfisátak

Að tileinka sér umhverfisvænt líf er ekki eins erfitt og margir halda. Hið græna líf snýst um að minnka óþarfa úrgang og spara auðlindir.

dyson

Hágæða pokalausar ryksugur, mjög öflugar handryksugur og hljóðlátar glæsilegar viftur. Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.

Sem verkfræðingar verðum við að sjá handan við núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er í raun drifkrafturinn hjá Dyson – ný hugsun sem leysir hversdagsleg vandamál. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina á þessum forsendum. Ég vissi að það hlyti að vera betri leið en gamla stíflaða tæknin. Einhverjum 5.127 frumgerðum síðar, hafði ég lausnina."

James Dyson

JAMES DYSON
uppfinningarmaður cyclone vacuum tækninnar

15%
KYNNINGAR AFSLÁTTUR Í APRÍL

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



LJÚFFENGUR MATUR Úlfar Finnbjörnsson sýnir meistaratakta í eldhúsinu á ÍNN.

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingi í rauðvíni eða coq au vin upp á frönsku. Rétturinn er fyrir fjóra. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

KJÚKLINGUR Í RAUÐVÍNI

4 msk. olía
2-3 beikonsneiðar í bitum
15 skræld skalottlaukar eða 2 venjulegir laukar í bátum
20 sveppir
1 kjúklingur skorinn í 9 bita eða kjúklingabitar
2 tsk. tómatpúrra
2-3 timjangreinar
3 lárviðarlauf
1/2 til 3/4 flaska rauðvín, má vera saltað og alkóhóllaust eins og fæst í Hagkaup
1-2 msk. kjúklingakraftur
Sósujafnari
40 g kalt smjör í teningum
Salt og nýmalaður pipar
3 msk. steinselja, smátt söxuð

AÐFERÐ
Hitið 2 msk. olíu í potti og steikið beikonið í eina mínútu. Bætið þá lauk og sveppum í pottinn og steikið í 2 mínútur til viðbótar. Kryddið með salti og pipar. Takið allt úr pottinum og setjið í skál. Bætið þá 2 msk. af olíu í sama pott og steikið kjúklinginn í 3-4 mínútur eða þar til hann er fallega brúnaður á öllum hliðum. Kryddið með salti og pipar. Setjið því næst beikonið, laukinn, sveppina, tómatpúrruna, timjanið, lárviðarlaufið, rauðvínið og kjúklingakraftinn í pottinn og setjið lok ofan á. Sjóðið við vægan hita í 25-30 mínútur eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Sigtið þá allt soðið yfir í annan pott og sjóðið niður um fjórðung. Þykkið soðið með sósujafnara. Takið pottinn af hellunni og bætið smjörinu og steinseljunni saman við. Hrærið þar til smjörið hefur bráðnað. Hellið sósunni yfir kjúklinginn og berið fram með sellerírótarkartöflumús og góðu brauði.



VINSÆLL VIÐKOMUSTAÐUR Þorpin Eyrarbakki og Stokkseyri eru vinsæll viðkomustaður innlendra og erlendra ferðamanna.
MYND/SIGGEIR

LABBAÐ UM GÖMLU HÖFUÐBORGINA

SÖGUPERLUR *Þorpin Eyrarbakki og Stokkseyri eru samofin verslunar- og útgerðarsögu þjóðarinnar. Nú er boðið upp á leiðsögn um svæðið.*

Eyrarbakki og nágrenni hafa löngum verið vinsælir viðkomustaðir innlendra og erlendra ferðamanna. Þorpið skipar stóran sess í verslunarsögu þjóðarinnar, stendur við fallega fjöru og býður upp á fjölda merkilegra safna. Nýlega opnaði Siggeir Ingólfsson ferðamiðstöð í Stað, félagsheimili Bakkans, þar sem fást upplýsingar og ferðabæklingar fyrir ferðamenn og sögulegar leiðbeiningar um „Stokkseyrarbakka“. Siggeir býr yfir mikilli þekkingu á sögu svæðisins og leiðist aldrei að segja ferðamönnum skemmtilegar sögur frá því markverðasta sem tengist því. „Ég er fæddur og uppalinn á þessum slóðum og þekki þær eins og handarbakið á mér. Einnig varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að hitta mikið af gömlu fólki í æsku minni sem sagði mér sögur. Ég er minnugur maður og miðla þeim nú til gesta sem heimsækja okkur.“

Siggeir hefur um nokkurt skeið leiðbeint ferðamönnum um Eyrarbakka, Stokkseyri og nærliggjandi svæði. „Gömlu kotin í Skúmsstaðahverfi frá seinni hluta nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu eru óendanlegt sögu- og myndefni fyrir ferðamenn og kvikmyndagerðarfólk. Ekki má gleyma Húsinu, elsta timburhúsi landsins, eða Eyrarbakkakirkju. Verslunarsaga Eyrarbakka er mjög merkileg en frá 1890 til 1910 var þorpið eiginlega höfuðborg Íslands. Hingað komu kaupskipin og verslun fór fram á vorin og haustin. Stokkseyri á sér síðan mikla útgerðarsögu sem gaman er að segja frá.“

Siggeir hefur opnað upplýsingamiðstöð í gamla félagsheimilinu þar sem mjög góð aðstaða verður fyrir ferðamenn. „Ég mun vera með reglulegar ferðir hér í allt sumar þar sem ég mun meðal annars bjóða upp á göngur um þorpin tvö.

Boðið verður upp á þrjár mismunandi og mislangar skoðunarferðir sem ættu að hæfa öllum aldurshópum. Fólk klæðir sig eftir veðri og við löbbum um þorpin, meðfram sjónum og eftir ýmsum sögufrægum slóðum.“

UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ Siggeir opnaði nýlega upplýsingamiðstöð í gamla félagsheimilinu á Eyrarbakka.
MYND/SIGGEIR

FERÐIR TIL FRÓÐLEIKS

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands bjóða þriðja árið í röð upp á stuttar og fræðandi gönguferðir undir yfirskriftinni „Með fróðleik í farangesti“. Í ár verður meðal annars farið í fuglaskoðunarferð, göngu á Þingvöllum og ferðir um söguslóðir Háskóla Íslands og matarmenningu Reykjavíkur.
Fyrsta ferðin verður á morgun kl. 10 en þá mun Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, leiða gönguhrólfa um Grafarvog þar sem farfuglar safnast fyrir á leirunni. Þátttakendur koma saman á bílastæðinu við Grafarvogskirkju kl. 10 árdegis og mælst er til að þeir taki með sér sjónauka. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag barnanna.
Háskólinn og Ferðafélagið hófu samstarf sitt um gönguferðir á aldarafmæli háskólans árið 2011. Þar blandaðist reynsla og þekking fararstjóra. Markmið samstarfsins var að vekja áhuga almennings á fræðslu og hollri útivist og fjölga valkostum í þeim efnum og reyndist aðsóknin mjög góð. Gönguferðirnar verða sex í ár. Flestar ferðanna taka um tvær klukkustundir. Næsta ferð verður 27. apríl kl. 10 en þá mun Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum, leiða ferð á slóðir kræklingsins í Hvalfirði.

FUGLASKOÐUN Þeir sem hafa áhuga á fuglaskoðun í Grafarvogi hittast við Grafarvogskirkju í fyrramálið.

LEIÐRÉTTING

Á forsíðu rits Vímulausrar æsku, sem fylgdi Fréttablaðinu á miðvikudag, var misritað símanúmer Foreldrasímans í viðtali við Hrafndísi Teklu Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Vímulausrar æsku. Rétt númer Foreldrasímans, sem er og hefur verið opinn allan sólarhringinn frá árinu 1986, er 581 1799.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 **|** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

HAMBORGARAR

FÖSTUDAGUR **19. APRÍL 2013**

Kynningarblað Heilsusamlegir borgarar, djúpsteiktir, gott verð.

FERSKUR OG FREISTANDI

Vinsælasti hamborgarinn á Burger-inn er Bernaise 3

HAMBORGARAMENNING Á VELLINUM

Bandaríski herinn átti stóran þátt í að kynna hamborgarann fyrir Íslendingum 2

ALLT Á GÓÐU VERÐI

Gæðahamborgarar, samlokur og eðalnautasteikur á Vitabarnum. 2

Djúpsteiktur ostborgari

Veitingastaðurinn Chip Shop í Brooklyn í New York er æði sérstakur. Bresku hjónin Chris og Vicki Sell stofnuðu hann árið 2001 með það að markmiði að bjóða upp á hinn sérbreska rétt fisk og franskar, eða fish and chips. Þar má einnig fá aðra breska rétti og breskan bjór og þykir stemningin á staðnum mjög skemmtileg og öðruvísi en á öðrum veitingastöðum borgarinnar.

Mestu athyglina hefur staðurinn þó fengið fyrir það athæfi sitt að djúpsteikja hitt og þetta. Þannig hefur djúpsteikingapottur inn tekið á móti Twinkie-sælgæti, ostakökum, makkarónum í osti og ekki má gleyma tvöföldum ostborgara sem dýft hefur verið í deig og hann djúpsteiktur að hætti Chip Shop.

Hitaeiningafjöldinn í þessum hamborgara er líklega töluvert yfir meðallagi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Allra stærsti borgarinn

Stærsti hamborgari heims sem hægt er að panta á veitingastað er 74,4 kílógrömm að þyngd. Hann fæst á Mallie's Sports Grill & Bar í Southgate í Michigan-ríki í Bandaríkjunum. Hann kostar litla 399 dollara eða 47 þúsund krónur.

Með sólarhringsfyrirvara má panta þetta ferlíki fyrir vinahópinn, stórfjölskylduna eða allt hverfið ef því er að skipta. Borgarinn ber heitið „Absolutely Ridiculous Burger" eða algerlega fáránlegi hamborgarinn.

Hamborgarinn vegur 74,4 kíló og er 60 sentímetrar í þvermál.

NORDICPHOTOS/GETTY

Kjötið á borgaranum er um fjörutíu kíló og hvílir milli rúmlega tuttugu kílóa brauðhleifa sem eru um 60 sentímetrar í þvermál.

Vinsældir borgarans eru þó ekki miklar og fáir sem treysta sér í að gæða sér á þessu hamborgaraferlíki.

Gæðaborgarar á góðu verði á Vitabar

Vitabarinn lætur ekki mikið yfir sér en þar leynast þó uppáhaldsborgarar margra fastagesta. Gleymmérei-borgarinn hefur slegið öll met í vinsældum.

Ólafur Ingi Þórðarson, eigandi Vitabarsins, segist leggja áherslu á að bjóða gæðahamborgara á góðu verði. Hann hefur rekið staðinn í þrettán ár og lumar á leyniuppskrift að sósum sem fastagestir sækjast eftir. „Ég er með gæðahamborgara, samlokur og eðalnautasteikur á mjög góðu verði. Það gerist ekki betra," segir Ólafur. „Hægt er að fá nautasteik, franskar, salat og bjór fyrir aðeins 2.700 krónur. Hjá okkur er hægt að fá hamborgara með öllu á innan við þúsund krónur. Hamborgari sem við köllum Gleymmérei er vörumerkið okkar en hann er með heimalagaðri gráðaostasósu. Mjög margir koma aftur og aftur til að fá sér hann," segir Ólafur og bætir við. „Jafnvel gestir sem eru fluttir úr hverfinu út á land koma hingað þegar þeir eru í bænum."

Ólafur segir að allt kjöt hjá Vitabarnum komi frá Kjöthöllinni. „Þaðan kemur bara gott hráefni," segir hann. „Fólk veit að hverju það gengur hérna hjá okkur. Hamborgararnir breytast ekkert, alltaf sama góða kjötið. Við eldgrillum borgarana sem gerir þá djúsí og góða."

Vitabarinn er á horni Vitastigs og Bergþórugötu. Þar eru þrjátíu sæti fyrir þá sem vilja snæða á staðnum en einnig er boðið upp á að taka með sér. Hægt er að hringja á undan og þá er maturinn til þegar hann er sóttur.

Gréta María Dagbjartsdóttir, starfsmaður á Vitabarnum, sýnir hér vinsælasta borgarann, Gleymmérei.

MYND/PJETUR

Ólafur segir að gistihúsin í nágrenninu vísi erlendum gestum á Vitabarinn og útlendingum hefur því fjölgað mikið að undanförnu. „Þetta er ódýr veitingastaður og það skiptir engu máli hvort þú komir í jakkafötum eða lopapeysu, öllum líður vel hérna."

Vitabarinn er með útibú í Ármúla við hlið Broadway en það hefur verið vinsælt í hádeginu. „Við erum ekkert að flækja málin með einhverju skrauti og köllum þetta því bara heiðarlega hamborgara, enda hefur matseðillinn aldrei breyst. Sama starfsfólkið hefur sömuleiðis verið hérna alla tíð og kann sitt fag."

Opið er á Vitabar frá 11.30 til 23.30.

Kaninn vildi sína hamborgara

Bandarískt herinn átti stóran þátt í að kynna hamborgarann fyrir Íslendingum en fjöldi Íslendinga starfaði á Keflavíkurflugvelli. Hráefni í hamborgarann var flutt inn í upphafi frá Bandaríkjunum en síðar var notast við íslenskt hráefni að hluta til.

Saga hamborgarans á Íslandi er samofin veru bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Með tilkomu flugvallarins og veru bandaríska hersins kynntust Íslendingar fyrir alvöru þessum vinsæla mat. Fjölmargir Íslendingar störfuðu innan varnarsvæðisins og nutu þeirra forréttinda að geta borðað á nokkrum þeirra veitingahúsa sem þar voru. Oft urðu hamborgarar fyrir valinu enda ódýr, góður og nýstárlegur matur á þeim tíma. Hjónin Jón Sævar Sigurðsson og Ólöf Hafdís Gunnarsdóttir búa í Reykjanesbæ og störfuðu bæði á veitingastöðum á Keflavíkurflugvelli á áttunda áratugnum. Jón Sævar segir að allir veitingastaðir hafi boðið upp á hamborgara, enda mjög vinsæll matur meðal Bandaríkjamanna sem dvöldu þar. „Herinn flutti inn fyrstu áratugina allt hráefni í hamborgarana, kjötið, brauðið, sósurnar og kryddið. Þegar íslensku kokkarnir tóku við hófst baráttan fyrir íslensku hráefni. Það hefur verið undir lok áttunda áratugarins. Það tók langan tíma að fá íslenska lambalærið inn og íslenskur fiskur var fluttur út til Bandaríkjanna og aftur til Íslands, svo einkennilega sem það hljómar. Hamborgararnir voru þó lengstum fluttir inn enda voru þúsundir hamborgara grillaðar í hverri viku og varla mannskapur til að hakka kjöt og útbúa eigin hamborgara. Íslenska hamborgarabrauðið vorum við þó farnir að nota kringum 1980." Messinn, sem var langstærsti veitingastaðurinn á vellinum, bauð líka upp á kjúklingaborgara og fiskborgara, löngu áður en þeir voru í boði á veitingastöðum hérlendis. „Þeir voru líka fluttir inn frá Bandaríkjunum en fiskborgarinn var nú matur sem ég gat aldrei vanist enda ekki íslenskur fiskur. Við fengum hann í blokkum að utan og grilluðum ofan í gesti."

Verðskrá yfir hamborgara á Top of the Rock frá miðjum áttunda áratug síðustu aldar.

MYND/STEFÁN

Hamborgari í eftirrétt

Ólöf segir mikinn hamborgarakúltúr hafa ríkt á flugvellinum. Staðir eins og Top of the Rock og Officera-klúbburinn voru sem dæmi fínir grillstaðir sem buðu upp á góðan mat af matseðli. „Samt voru alltaf hamborgarar í boði þar líka," segir hún. „Messinn bauð síðan upp á mikið úrval hamborgara. Staðurinn bauð upp á „speed line" þar sem léttari matur var í boði, meðal annars úrval hamborgara. Þar var stanslaus röð alla daga og það var ótrúleg upplifun fyrir mig að sjá viðskiptavini sem voru búnir að fá sér aðalrétt af matseðlinum, koma og fá sér hamborgara í eftirrétt. Betri staðirnir buðu alltaf líka upp á hamborgara í bland við fínni mat, enda vildi Kaninn sína hamborgara, sama hvað gekk á."

Hjónin Jón Sævar Sigurðsson og Ólöf Hafdís Gunnarsdóttir störfuðu bæði á veitingastöðum á Keflavíkurflugvelli á áttunda áratugnum.

MYND/STEFÁN

Þeir Íslendingar sem unnu á Keflavíkurflugvelli máttu borða á nokkrum veitingastöðum. Voru það meðal annars starfsmenn Varnarliðsins og starfsmenn tollsins, slökkviliðsins og lögreglunnar. „Það var auðvitað mikil stemning meðal þessara starfsmanna í upphafi að komast inn á veitingastaði sem seldu ekta bandaríska hamborgara. Síðan voru unglingar að smygla sér inn á svæðið og sækja í nokkra þessa staði til að smakka, eins og Top of the Rock og Windbreaker."

Gamlir matseðlar frá Keflavíkurflugvelli.

MYND/STEFÁN

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sigrún Kristinsdóttir s. 512 5455 sigrunk@365.is
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Lífið

FÖSTUDAGUR
19. APRÍL 2013

Berglind Hreiðarsdóttir
KENNIR ÁHUGASÖMUM AÐ BAKA OG SKREYTA 2

Pétur Gautur, myndlistarmaður
SKANDINAVÍSKUR STÍLL EINKENNIR HEIMILIÐ 4

Elín Arnar, fráfarandi ritstjóri
SPURÐ SPJÖRUNUM ÚR UM LÍFIÐ OG TILVERUNA 12

Býr í Barcelona en opnar verslun á Íslandi

HVERJIR HVAR?

Það er óhætt að segja að þetta sé tími árshátíðanna en meðal þeirra fyrirtækja sem hafa haldið árshátíð undanfarið eru sjónvarpsstöðin Skjár einn. Halldóra María Einarsdóttir, Sigrún Birna Blomsterberg, Þór Bæring og Kiddi bigfoot, **Tobba Marinós** og Svali Kaldalóns voru á meðal



glæsilegra gesta og skemmtu sér vel. World Class hélt einnig glæsilega árshátíð nýverið þar sem Bjössi og **Dísa** voru flott með grímur og góða skapið. Á árshátíð Sporthússins steig **Margrét Gnarr** þjálfari á svið og kom samstarfsmönnum sínum skemmtilega á óvart með fallegu söngatriði.

Lífið
Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Kolbrún Pálína Helgadóttir
kolbrunp@365.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
Ellý Ármanns
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

Það eru engin takmörk þegar kemur að útliti á kökum Berglindar.

BAKSTUR GOTTERÍ ER GOTT FYRIR SÁLINA

Berglind Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri í World Class, byrjaði snemma að hafa áhuga á bakstri og hefur nú tekið áhugann skrefinu lengra.

Matreiðslan í Mýrarhúsaskóla hefur ef til vill verið kveikjan að þessum áhuga hjá mér, ég man bara eftir mér með uppskriftir þaðan í plastmöppu bakandi út í eitt. Ég var nokkuð sjálfstæður ungur bakari og fékk óspart að gera tilraunir í eldhúsinu heima hjá mér og hjá ömmu Guðrúnu," segir Berglind Hreiðarsdóttir, áhugabakari með meiru, sem hefur nú tekið áhugann lengra og sett á laggirnar námskeið til að kenna öðrum að baka og skreyta.

Berglind Hreiðarsdóttir ætlar nú að deila bökunarástríðunni með áhugasömum.

Fer viljandi yfir strikið

Berglind hefur alla tíð verið þekkt fyrir einstakar afmælisveislur þar sem búið er að hugsa út í hvert smáatriði á veisluborðinu. „Ég er ein af þeim sem skipulegg afmælisveislur langt fram í tímann, hef gaman af því að hafa þema og á það til að fara örlítið yfir strikið í afmælisundirbúningi." Hún segist hafa fengið fyrirspurnir reglulega um eitt og annað sem hún hefur boðið upp á í barnaafmælum og veislum. „Mér finnst það bara gaman að deila uppskriftum og bakstursaðferðum til þeirra sem hafa áhuga. Einnig fæ ég reglulega fyrirspurnir um það hvort ég taki að mér að baka og sjá um veislur en því miður hef ég ekki tekið slíkt að mér þó svo ég aðstoði nú ættingja og vini stöku sinnum við slíkt.„

Lærir mest af mistökunum

Berglind játar að hún sé langt frá því að vera fullkomin kökuskreytingakona þó svo að hún hafi einstakan áhuga. „Mistök gerast hjá mér eins og öðrum og það er nauðsynlegt að mistakast stundum, maður lærir mest á því." Hún tekur dæmi um eitt slíkt: „Systurdóttir mín hún Aníta fermdist fyrir nokkrum árum og kom ég keyrandi frá Reykjavík til Dalvíkur með allt mitt hafurtask til að aðstoða við undirbúning. Við gerðum þessa fínu þriggja hæða fermingartertu ásamt kransaköku, báðar skreyttar í stíl og þær tókust mjög vel. Kökurnar voru settar inn í bílskúr yfir nóttina og þegar við vöknuðum var fullkomna kransakakan eins og skakki turninn í Pisa. Líklega hef ég ekki bakað hringina nógu vel og þeir því ekki verið nægilega stökkir og ég aðeins einu sinni áður bakað kransaköku og ekki með öll „trixin" á hreinu. Við björguðum þessu þó með því að hækka hana upp með sykurmassa á milli hringja öðrum megin og földum með þessum líka fínu sykurmassablómum svo enginn tók eftir neinu í fermingunni."

Sótti fjölda kökunámskeiða

Berglind fluttist til Bandaríkjanna ásamt fjölskyldu sinni fyrir rúmu ári og er nýkomin heim aftur. Hún segir úrvalið endalaust þar úti þegar kemur að bökunarvörum og verðlagið allt annað. „Á Íslandi er þetta hálfgerð lúxusvara að eiga sem er mjög sorglegt þar sem gott er að eiga lágmarks „verkfæri" langi mann að eiga auðveldara með að skreyta fallegar kökur. Að sjálfsögðu kemur hugmyndaflugið okkar líka að góðum notum því oft er hægt að notast við eitt og annað sem til er í eldhúsinu og ekki nauðsynlegt að eiga alla skapaða hluti. Hún viðurkennir að á meðan á dvölinni úti stóð hafi hún haft fleiri lausa tíma í sólahringnum til að sinna þessu áhugamáli. „Einnig sótti ég öll þau Wilton kökuskreytinganámskeið sem í boði voru og var því á kökuskreytinganámskeiðum í hverri viku í um þrjá mánuði samfleytt síðastliðið haust. Þar að auki vann ég við viðburðarstjórn hjá „UW Family Housing" sem eru nokkurs konar stúdentagarðar fyrir fjölskyldufólk hjá University of Washington í Seattle. Þar bauð ég upp á bökunarnámskeið fyrir börn og kökuskreytinganámskeið fyrir fullorðna um tíma ásamt því að vera ætíð með eitthvað gott á boðstólum í kringum þá viðburði sem ég sá um og vakti það mikla lukku hjá Ameríkananum."

Vill deila ástríðunni

Það var síðan vegna fjölmargra áskorana frá hinum ýmsu aðilum að Berglind ákvað loks að slá til og bjóða Íslendingum sem áhuga hafa á kökuskreytingum upp á námskeið. „Þetta er einfaldlega bara svo skemmtilegt að mér finnst ég allt eins geta deilt þessari ástríðu með öðrum sem hafa áhuga því það er svo gefandi."

Til að byrja með ætlar Berglind að bjóða upp á kökupinnanámskeið, smjörkremsskreytingar fyrir bollakökur og svo einnig einfaldar sykurmassa/gumpaste skreytingar. Allar nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðunni, www.gotteri.is eða hjá Gotterí og gersemum á Facebook.

Spurð hvaða ráð hún geti gefið byrjendum í bakstri segir hún, „æfa sig og vera óhrædd við að prófa eitthvað nýtt og muna að það er allt í lagi að mistakast. Einnig mæli ég með því að fólk skoði uppskriftarbækur, myndir, Youtubemyndbönd og að sjálfsögðu væri gott að skella sér á kökuskreytinganámskeið," segir Berglind að lokum.

Glæsilegir kökupinnar tilvaldir í veisluna.

HAPP stuðlar að heilbrigði Íslendinga

Fáðu þér svartbauna-borgara í hádeginu

Getur matur verið ljúffengur OG hollur?

Happ Höfðatorgi
Opið frá 8 - 16 alla virka daga • www.happ.is

Pantaðu á happ@happ.is eða í síma 414 3060

FALLEGAR GJAFAVÖRUR
Á GÓÐU VERÐI

Crosely plötuspilari
VERÐ 49.900,-

Skilti
VERÐ 6.900,-

Crosley útvarp
VERÐ 33.500,-

Eiffelturn púði
VERÐ 7.800,-

Glerbox
VERÐ 4.900,-

Skilti
VERÐ 2.900,-

Þvottabjörn kragi lítill
VERÐ 9.900,-

Heimurinn glerkúla
VERÐ 5.900,-

Stjörnutaska
VERÐ 14.900,-

Seva armband
VERÐ 3.900,-

Dýraljós
VERÐ 7.800,-

MYCONCEPTSTORE.IS

Verslun: Innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 6699 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

HEIMSÓKNIN MEÐ SINDRA SINDRASYNI

SKANDINAVÍSK STEMNING

Hann er þekktastur fyrir skálarnar sínar og flöskurnar sem allir ættu að vera farnir að þekkja. Í næsta þætti af Heimsókn bankar **Sindri** upp á hjá myndlistarmanninum Pétri Gauti sem á skandinavískt og fallegt heimili í Hafnarfirðinum.

Hé má sjá hvernig diskar og önnur eldhúsföng eru notuð til að skreyta eldhúsið.

Falleg listaverk skreyta stofuveggina.

Pétur Gautur er óhræddur við litina.

Fallegur stóll brýtur upp stemninguna.

Einfaldleikinn er áberandi á heimili Péturs.

FEGURÐ GEFA NÝJA VARASALVA Í STAÐINN FYRIR ÞÁ GÖMLU

Dagana 18.-20. apríl fara fram gjafadagar í Lyf og heilsu í Kringlunni á vegum snyrtivörumerkisins Burt´s Bees. „Við erum að bjóða fólki að koma með gamla varasalva og skipta þeim út fyrir glænýja frá Burt´s Bees," segir Brynja Dan Gunnarsdóttir, markaðsfulltrúi Icepharma. Brynja segir það staðreynd að margar snyrtivörur sem fólk notar dagsdaglega innihaldi óæskileg aukaefni. „Burt´s Bees eru 95-100% náttúrulegar vörur unnar úr hunangi og náttúrulegum efnum. Við erum með salva sem eru bara glærir og svo erum við með varanæringu sem er með litum en litirnir eru unnir úr blómum, svo að það eru engin aukaefni þar á ferð og að sjálfsögðu allt parabenfrítt." Varasalvarnir verða gefnir á meðan birgðir endast.

http://www.facebook.com/burtsbeesiceland?ref=hl#!/burtsbeesiceland

Brynja Dan Gunnarsdóttir, markaðsfulltrúi.

MARKAÐUR YFIR 80 NETVERSLANIR KOMA SAMAN

Dagana 20.-21. apríl frá kl. 11.00 til 17.00 munu yfir 80 netverslanir með hinar ýmsu vörur vera með markað í gamla Toyota-húsinu. Það er óhætt að segja að verslanirnar séu af ýmsum toga en þarna verður að finna íslenska hönnun, handverk, lausnir í öryggis- og eftirlitsmálum, barnaföt, bílstóla, smekki, heimilisvarning, vegglímmiða, skart, fatnað og svo mætti lengi telja.

Fermingarbros. Ójá.

Nýr iMac

„Draumur í námi og leik“

Verð frá 259.900

iPhone 5

Verð frá 124.900

iPhone 4S
kr. 99.900

iPhone 4
kr. 79.900

1000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði hjá NOVA fylgir iPhone 5.

iPad

„Heimurinn í hendi þér“

verð frá 89.900

iPad Mini

„Þynnri, léttari og öflugri“

verð frá 59.900

MacBook Air

„Air ekki kominn tími til að prófa?“

verð frá 174.900

iPod Touch

„Endurhannaður með stærri skjá“

verð frá 59.900

iPod

„Endurhannaður með stærri skjá“

verð frá 29.900

istore.is

iStore
í Kringlunni

566 8000

Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu.
Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfihömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.

Tölvugert

SPJALLIÐ
ÞRÍFST Á ÞVÍ AÐ SKAPA

Birta Björnsdóttir fatahönnuður var búin að reka verslun í farsæl tólf ár þegar hún ákvað að gjörbreyta lífi sínu og flytja til Barcelona með fjölskylduna. Lífið spjallaði við Birtu.

FULLT NAFN? Birta Björnsdóttir.

ALDUR? 35 ára.

HJÚSKAPARSTAÐA? Gift.

BÖRN? Stormur Björn 8 ára og Ylfa Vár 4 ára.

STARF? Fatahönnuður.

BÚSETT? Barcelona á Spáni.

Uppáhalds

MATUR? Uppáhaldsmaturinn er indverskur og tailenskur.

DRYKKUR? Vatn og Caipiroska.

VEITINGAHÚS? Á Íslandi án efa Austur-Indíafélagið og Ban Thai.

TÍMARIT? Eurowoman, Costume, L´Officiel og að sjálfsögðu Gap Press.

VEFSÍÐA? Facehunter og Kingdom of Style.

VERSLUN? H&M, American Apparel, Urban Outfitters og Le Fortune í Barcelona.

HÖNNUÐUR? Tsumori Chisato, Stine Goya, Best Behavior, Stella McCartney og margir aðrir

HREYFING? Skokka í gymið hér í Barcelona helst þrisvar í viku. Svo bý ég á fimmtu hæð í miðju gotneska hverfinu, með enga lyftu!

DEKUR? Tásunudd frá manninum mínum.

Hvernig gengur lífið í Barcelona og hver er helsti munurinn á lífinu þar og hér heima? Við fjölskyldan erum búin að dvelja hér í um átta mánuði og lífið gengur bara dásamlega vel. Mesti munurinn myndi ég segja að væri lífshraðinn sem fólk lifir á. Heima á Íslandi er fólk uppteknara af því að eignast og eignast og ná að gera sem mest á sem stystum tíma. Hér úti lifir fólk meira í núinu og er hamingjusamt með litla og fábrotna hluti. Síðastliðin tólf ár sem ég hef verið í búðarrekstri heima hef ég varla tekið mér hádegismat, bara borðað í bílnum eða á hlaupum með efnisstranga á bakinu. Hér er allt önnur stemning, enginn að flýta sér eða að stressa sig. Enda tekur allt miklu lengri tíma hérna, ég bíð stundum við kjötborðið í matvöruversluninni í tuttugu mínútur eftir afgreiðslu á meðan afgreiðslukonan er að kjafta við viðskiptavininn, og einungis hægt að afgreiða einn í einu. Svo voru einnig viðbrigði að vera allt í einu fótgangandi. Ég tek með mér kerru út á morgnana og fylli hana smám saman af mat eða því sem ég er að sanka að mér um alla borg, þar á meðal efnum og öllu sem viðkemur vinnunni minni. En núna finnst mér eiginlega bara dálítið fínt að vera laus við bílinn og elska að arka um litlu þröngu strætin hér í Barcelona.

Hver var helsta ástæða þess að þið ákváðuð að flytja út? Það má eiginlega segja að ástæðan fyrir flutningunum út hafi helst verið þráin eftir tilbreytingu, að brjóta upp hversdagsleikann og prófa eitthvað nýtt. Þetta var búið að blunda í okkur í mörg ár en barnastúss og vinnan heima var búin að halda okkur heima, þangað til nú.

Hvernig hefur börnunum ykkar gengið að aðlagast þessu breytta lífi? Ég verð að viðurkenna að það hefur gengið vonum framar, við vorum dálítið kvíðin yfir flutningunum til að byrja með fyrir hönd barnanna. Líka þar sem við fluttum í miðbæ stórrar borgar sem við þekktum ekkert fyrst um sinn. Enda ríghélt ég í þau fyrstu mánuðina hvert sem ég fór. Núna erum við farin að þekkja margt fólk hérna sem er frábært.

Þegar við göngum um í hverfinu okkar í dag, gamla gotneska hverfinu, heilsum við kaupmanninum á horninu og fólkinu á götunum og erum farin að sjá að þetta er lítið samfélag hérna í hverfinu eins og á Íslandi. Núna eru hins vegar ferðamennirnir farnir að streyma til borgarinnar og við búum á miklu ferðamannasvæði eins og er. Það getur því verið dálítið þreytandi að fikra sig áfram í gegnum fjöldann með tvö málglöð börn, kerru og matarpoka.

Hvernig gengur að læra tungumálið? Það gengur ágætlega hjá okkur. Maðurinn minn er kominn aðeins lengra en ég í tungumálinu, enda er hann að vinna úti allan daginn í kringum Spánverjana. Ég hins vegar vinn heima og er mikið með börnunum, en þetta er samt allt að koma. Ég kann nóg til að geta bjargað mér í borginni en stefni á að verða betri og betri. Ég ætlaði mér alltaf í tungumálanám hér en hef ekki enn fundið mér tíma í það. Svo eru töluð tvö tungumál á svæðinu, spænska og katalónska, það getur því verið dálítið ruglingslegt. Við hjónin erum til dæmis að læra spænsku en allur skólinn hjá krökkunum fer fram á katalónsku sem er í rauninni blanda af spænsku og frönsku. Þau eru því farin að tala katalónsku sem við skiljum ekkert í. Einnig fer heimalærdómur hjá þeim fram á katalónsku og þá kemur Google translate sér vel.

Nú búa fleiri Íslendingar á svæðinu, halda þeir eitthvað hópinn eins og gengur og gerist svona erlendis? Við höfum ekki verið í miklu sambandi við Íslendinga hér. Ég á eina góða íslenska vinkonu hér úti sem er hún Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir fatahönnuður. Við höfum hist af og til. Svo erum við með íslenska barnapíu. En aðallega höfum við verið að kynnast fólki í gegnum skólann hjá krökkunum okkar. Það er þá fólk sem er á sama reki og við, sem er hér að gera nákvæmlega sömu hluti og við, það er að segja að breyta til í lífinu. Það er fólk frá Hollandi, Danmörku, Finnlandi og fleiri löndum en við erum búin að kynnast nokkrum Spánverjum hér líka.

Hvers saknarðu helst frá Íslandi? Ég sakna mest af öllu fjölskyldunnar minnar og vina. Svo sakna ég einnig litla sæta hússins míns í miðbænum og íslenska matarins. En annars er ég mjög sátt við að vera hér, vildi bara óska þess að sjá fólkið mitt oftar. Svo erum við líka með börn sem sakna að sjálfsögðu ömmu og afa og þau sakna barnanna.

Er eitthvað plan um heimkomu á næstu árum? Já, við ætlum reyndar að byrja á að flytja í spænsku sveitina í byrjun júlí eða úthverfi Barcelona sem er u.þ.b. 20 kílómetra frá borginni. Þar munum við búa í alveg dásamlegu húsi lengst uppi í fjalli. Þar er skógurinn við hliðina á húsinu, stór garður og sundlaug, sem verður dásamlegt fyrir börnin okkar. Þar langar okkur að vera í eitt ár. Prófa bæði miðbæinn í Barcelona og sveitina. Reyndar hefur það verið draumur hjá okkur lengi að flytja upp í sveit. Það er hægt að leigja alveg æðislegar eignir þar fyrir sama og jafnvel minna verð en inni í borginni. Maðurinn minn mun halda áfram að starfa í borginni og fara með lest á milli. Sjálf mun ég þurfa að fara eitthvað á milli til að kaupa efni og annað sem snýr að starfinu. Vinnuaðstaða mín verður líka töluvert betri í húsinu en hún er í dag.

Ertu búin að sitja við að teikna og sauma síðan þú fórst út? Já, það má eiginlega segja það. Ég ætlaði mér rólegra líf hér en hef eiginlega ekki stoppað síðan við komum út. Ég er líka vön að vera að skapa allan daginn og þrífst hreinlega ekki án þess. Ég er líka vön að vera alltaf á milljón og finnst eins og ég eigi að vera það. Það hefur líka tekið dágóðan tíma að læra á borgina, hvar ég fæ bestu efnin og svo framveg-

Birta er þekkt fyrir hönnun sína. Nú verður hægt að nálgast hana hér heima með góðu móti þrátt fyrir að hún sé búsett erlendis því á laugardaginn opnar Birta nýja verslun í Hafnarfirði ásamt vinkonu sinni.

Satt best að segja hef ég aldrei skilið þessa þörf í að reyna að „meika það“ og þessa þrá í að stækka og stækka, þéna meira á morgun en í dag.

HAPP stuðlar að heilbrigði Íslendinga

Viltu gera vorhreingerningu?

Trefjarnar í drykkjunum okkar skola óhreinindum út og vítamínin og steinefnin gefa þér aukna orku og léttara líf.
Njóttu lífsins og vertu besta útgáfan af sjálfum þér.

Pantaðu núna á www.happ.is

happ juice & more

Happ Höfðatorgi • Happ Austurstræti
Opið frá 8 - 16 alla virka daga • www.happ.is

Pantaðu á happ@happ.is eða í síma 414 3060

Fjölskyldan

Birta á góðum degi í Barcelona.

Dásamlegar mæðgur í stíl.

Fjölskyldan á brúðkaupsdaginn.

is. Hérna er þetta mjög dreift, ef ég ætla að kaupa tvinna fer ég í þessa búð, rennilás í hina, kögur í enn aðra. Áður en ég veit af þá er ég búin að arka í gegnum alla borg með töskuna mína góðu.

Flest efnin sem ég nota kaupi ég hér en sum heima. Hér úti eru hins vegar nokkrar alveg æðislegar eldgamlar og rótgrónar verslanir sem selja undurfagurt skraut eins og kögur í öllum litum, gerðum og stærðum, alls konar borða og lítið skraut sem fæst ekki á Íslandi. Fyrir mig er það eins og að komast í nammibúð. Síðan ég kom út hef ég mikið verið í skartgripagerð. Þetta finnst mér það allra skemmtilegasta sem ég geri enda get ég loksins fengið allt sem mig langar í og vantar. Ég er einmitt að koma með nýja hálsmenalínu núna sem ég er búin að vera að vinna að síðustu vikur, mjög spennandi. Annars fer öll frameiðsla á flíkunum mínum enn þá fram heima. Þar er ég með ▶

flott í sumar

með nýju SLENDERTONE™ línunni

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar

Karitas Maria Lárusdóttir, spinningkennari

Slendertone Abs dömu- / herrabelti
Verð kr. 33.995.-
Slendertone buxur
Verð kr. 14.995.-
Slendertone armar
Verð kr. 12.995.-
Slendertone belti + armar
Verð kr. 41.995.-
Slendertone belti + buxur
Verð kr. 44.995.-

Eldri gerðir af Slendertone með afslætti meðan birgðir endast
System+ dömu- / herrabelti kr. 34.995,-
Tilboð nú kr. 26.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

▶ fólk í vinnu sem hefur verið hjá mér í mörg ár og þekkir mína vöru. Þetta er fólk sem ég treysti og er vandvirkt, því að ég get ekki lengur verið í gæðaeftirlitinu sjálf. Hefði ég ekki þetta fólk væri þetta ekki mögulegt. Mér finnst mjög gaman að halda í íslensku framleiðsluna, ég hef alltaf framleitt allt á Íslandi og flíkurnar verða persónulegri fyrir vikið. Mér finnst stundum erlenda fjöldaframleiðslan missa vissan sjarma.

Öðlast hönnun þín ekki annan brag í heita loftslaginu og annarri menningu? Nei, eiginlega ekki, því að ég er enn að hanna fyrir íslenskan markað. Að sjálfsögðu hefur það alltaf einhver áhrif, en aðallega það að hafa aðgang að fjölbreyttari efnum. Kannski núna þegar farið er að hlýna verð ég í minna stuði til að hanna þykkar peysur.

Þú lokaðir búðinni þegar þú fluttir út en hefur haldið netverslun gangandi, ásamt því að selja vel valdar flíkur í Púkó og smart. Nú ertu að opna verslun í Hafnarfirði næstkomandi laugardag, segðu mér aðeins frá því verkefni? Já, ég ætlaði mér svo sannarlega ekki að opna búð aftur í bráð. Það vildi þannig til að besta vinkona mín, hún Helga Sæunn Árnadóttir, á húsnæði á Strandgötu í Hafnarfirði. Þetta húsnæði var ekki í mikilli notkun hjá henni og hefur þessi hugmynd oft dúkkað upp hjá okkur, að vera með útibú þar. Hún hefur sjálf nær einungis gengið í hönnun minni í mörg ár og var mjög spennt fyrir þessu verkefni. Ég ætlaði mér upprunalega að vera bara með vefbúð á meðan ég byggi erlendis, og hefur hún gengið prýðilega vel.

Nýjasta ástríðan hjá Birtu er skartgripagerð. Þessi hálsmen verða meðal annars fáanleg í versluninni í Hafnarfirði.

Mér finnst mjög gaman að halda í íslensku framleiðsluna, ég hef til dæmis alltaf framleitt allt á Íslandi og flíkurnar verða persónulegri fyrir vikið. Mér finnst stundum erlenda fjöldaframleiðslan missa vissan sjarma.

En það sem vantaði með henni var lageraðstaða og að fólk gæti farið eitthvert og mátað. Þannig að hugmyndin er eiginlega sú að vera með verslun/vinnustofu sem eins konar stoð fyrir vefbúðina. En ég mun reka vefbúðina áfram með versluninni. Ég er einnig með frábæra aðstoðarkonu sem heitir Eyrún Birna sem verður einhverja daga þar og mun hún taka að sér ýmisleg sérverkefni.

Íris Hall, Löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, Sölustjóri, Sími 770 0309
Kristberg Snjólfsson, Sölufulltrúi, Sími 892 1931
Eggert Maríuson, Sölufulltrúi, Sími 690 1472
Haraldur Ómarsson, sölufulltrúi, sími 845 8286
Sigurður Fannar Guðmundsson, Sölufulltrúi, Sími 897 5930

Landmark leiðir þig heim!

100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

HULDA DANÍELSDÓTTIR

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 13. apríl verður jarðsungin frá Garðakirkju miðvikudaginn 24. apríl kl. 15.00.

Ingveldur Bjarnarson
Jóhanna Bjarnarson
Viktoría Hlín, Birkir, Ásdís, Steindór Mar
Elín Arnþúður Daníelsdóttir
Kjartan Emil Halldórsson
Gunnar Örn Pétursson

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

GUNNAR Þ. ÞORSTEINSSON
byggingartæknifræðingur,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 7. apríl, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 22. apríl kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

Kristín Guðbjörnsdóttir
Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Gunnarsdóttir
Dóra Sigrún Gunnarsdóttir
Þorsteinn Árni Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Bjargey Arnórsdóttir
Einar Magnússon
Þorkell H. Halldórsson
Matthildur Benediktsdóttir

†

Ástkær eiginmaður, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

BJÖRN ÞORSTEINSSON
fv. framkvæmdastjóri fræðslu- og menningarsviðs Kópavogs,
Víðihvammi 10, Kópavogi,

sem lést á líknardeild í Kópavogi sunnudaginn 14. apríl, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Minningarsjóð líknardeildar í Kópavogi.

E. Sigurlaug Indriðadóttir
Kristín M. Aðalbjörnsdóttir
Indriði Björnsson
Kristín Björnsdóttir
og barnabörn.
Rikke Pedersen
Edward B. Rickson

VIÐ ALLRA HÆFI Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson, skólameistarar Tækniskólans, opna stoltir dyr skólans fyrir almenningi á morgun og sýna fjölbreytt verkefni nemendanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sýna fjölbreytta uppskeru annarinnar

Tækniskólinn opnar dyr skólans á morgun þar sem gestum gefst kostur á að skoða allt frá skipstjórahermi til sérsaumaðs sparifatnaðar eftir nemendur. Baldur Gíslason skólameistari segir daginn stækka með hverju árinu og ættu allir að finna eitthvað áhugavert við sitt hæfi.

„Við köllum þetta uppskerudag þar sem afrakstur nemenda eftir önnina er til sýnis fyrir gesti og gangandi," segir Baldur Gíslason, skólameistari Tækniskólans, sem opnar dyr skólans almenningi á morgun á svokölluðum uppskerudegi.

Dagskráin á morgun stendur frá klukkan 13-16 á fjórum ólíkum stöðum sem allir eru kennsluhúsnæði Tækniskólans: á Háteigsvegi, Skólavörðuholti, í Vörðuskóla og á Reykjavíkurflugvelli. Gestir geta barið augum fjölbreytt verkefni nemenda enda kennir ýmislegs innan veggja skólans. Allt frá nemum í hárgreiðslu sem hafa hendur í hári fyrirsætna til nema í húsgagnasmíði sem sýna nýsmíðuð húsgögn. Einnig verður hægt að fylgjast með skipstjórahermi í Skipstjórnarskólanum á Háteigsvegi og bóka kynnisflug hjá Flugskólanum á Reykjavíkurflugvelli.

„Þessi dagur hefur vaxið og dafnað hjá okkur en ekki er langt síðan við breyttum honum og færðum aftar á önnina svo að nemendur gætu sýnt hvað þeir hafa verið að brasa yfir árið," segir Baldur sem býst við fjölmenni á morgun. „Til dæmis er mjög skemmtilegt verkefni búið að vera í gangi hjá nemum á hönnunarbrautinni en þau hafa verið að endurhanna ruslatunnur skólans með endurvinnslu í huga. Við hyggjumst taka þær í notkun en þær verða meðal þess sem verður til sýnis."

Baldur hvetur sem flesta til að koma við í skólanum á morgun og ættu allir að finna eitthvað áhugavert við sitt hæfi. „Sérstaklega hvet ég foreldra nema í tíunda bekk til að koma og kynna sér það nám sem hér er í boði, ásamt því að skoða skólann og fjölbreytt umhverfi hans."

alfrun@frettabladid.is

Námsbrautir Tækniskólans

Á Skólavörðuholti:
Byggingatækniskólinn
Fjölmenningarskólinn
Hönnunar- og handverksskólinn
Raftækniskólinn
Hársnyrtiskólinn
Endurmenntunarskólinn

Í Vörðuskóla:
Upplýsingatækniskólinn

Á Háteigsvegi:
Upplýsingatækniskólinn
Tæknimenntaskólinn
Flugskóli Íslands
Margmiðlunarskólinn
Véltækniskólinn
Skipstjórnarskólinn

Á Reykjavíkurflugvelli:
Flugskóli Íslands

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HJÁLMAR TORFASON
gullsmiður,

lést á Landspítalanum Hringbraut 9. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. apríl klukkan 13.00.

Kolfinna Hjálmarsdóttir
Pétur Tryggvi Hjálmarsson
Hjálmar Hjálmarsson
Torfi Rafn Hjálmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Hlín Hermannsdóttir
Gitte Toftenskov Hjálmarsson
Sigurlaug Margrét Jónasdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HELGI JENS ÁRNASON
frá Refshöfða, Jökuldal,
til heimilis að Ártröð 8, Egilsstöðum,

sem lést fimmtudaginn 11. apríl, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 20. apríl kl. 11. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Auður Jónsdóttir
Bjarni Helgason
Gyða Árný Helgadóttir
Jón Helgason
Anna Guðný Helgadóttir
og barnabörn.
Anna María Snorradóttir
Sigfús Þór Ingólfsson
Sigurður Arnarsson

HARALD & SIGURÐUR

cu2

Vegna jarðarfarar Sigurðar Leifssonar verður lokað hjá okkur föstudaginn 19. apríl frá kl. 12.00 á hádegi.

Harald Ísaksen

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

BJÖRG KOFOED-HANSEN
Sléttuvegi 19,
áður Dyngjuvegi 2, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 13. apríl sl. verður jarðsungin föstudaginn 19. apríl nk. kl. 15.00. Útförin fer fram frá Áskirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Astrid Kofoed-Hansen
Hólmfríður Kofoed-Hansen
Sophie Kofoed-Hansen
Björg Kofoed-Hansen
Agnar Kofoed-Hansen
barnabörn og aðrir afkomendur.
Einar Þorbjörnsson
Þorsteinn Ingólfsson
Constantin Lyberopoulos
Þorsteinn Tómasson
Þórður Jónsson
Baldína Hilda Ólafsdóttir

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, sonar, föður, tengdaföður, afa, bróður, mágs og frænda,

ÓLAFS H. ÓLAFSSONAR
matreiðslumeistara,
Suðurbraut 6, Hafnarfirði,

sem andaðist sunnudaginn 10. mars og var jarðsettur 20. mars. Sérstakar þakkir til Knattspyrnufélagsins Hauka, Golfklúbbsins Keilis og starfsfólks mötuneytis Alcan.

Jakobína Cronin
Sigríður O. Oddsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sandra Björk, Elísa Björg, Ólafía Björt
Jakobína Zíta og Zíta Kolbrún Benediktsdætur
Sverrir Oddur Gunnarsson
Guðrún Gunnarsdóttir
Valgerður J. Gunnarsdóttir
og fjölskyldur.
Benedikt Sigurvinsson
Gústaf Adolf Björnsson
Stefán Snær Konráðsson

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns,

HERMANNS STEFÁNSSONAR
Eskihlíð 20A.

Olga Halldórsdóttir

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

FINNBOGI HAUKUR SIGURJÓNSSON
Árskógum 8,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, þriðjudaginn 16. apríl. Útför hans fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 29. apríl kl. 15.00.

Bára Marteinsdóttir
Bragi Finnbogason
Birgir Finnbogason
Lárus Finnbogason
barnabörn og barnabarnabörn.
Reynir Eggertsson
Guðný Guðgeirsdóttir
Margrét Ásgeirsdóttir
Hulda R. Rúriksdóttir

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN ORMAR EDWALD

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 16. apríl.

Ágústa Úlfarsdóttir Edwald
Jón Haukur Edwald
Birgir Edwald
Helga Edwald
Eggert Edwald
Kristín Edwald
barnabörn og barnabarnabörn.
Álfheiður Magnúsdóttir
Ragnheiður Óskarsdóttir
Jacqueline McGreal

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU

EFTIR KARL ÁGÚST, LADDA OG SIGGA SIGURJÓNS

LADDI LENGIR LÍFIÐ

★★★★★
„Laddi er engum líkur
...Hann er þjóðargersemi.“
Pressan.is

„Stórkostleg sýning!“
- Heimir Karlsson, Bylgjunni

„Sprenghlægileg sýning
fyrir allan aldur!“
- Sirrý, Rás 2

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX Í DAG!

~~20.04.13~~	~~LAUGARDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
~~03.05.13~~	~~FÖSTUDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
~~04.05.13~~	~~LAUGARDAGUR~~	~~21:30~~	~~UPPSELT~~
~~08.05.13~~	~~MIÐVIKUDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
~~10.05.13~~	~~FÖSTUDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
~~11.05.13~~	~~LAUGARDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
~~12.05.13~~	~~SUNNUDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
17.05.13	FÖSTUDAGUR	20:00	NÝ SÝNING
~~24.05.13~~	~~FÖSTUDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
~~25.05.13~~	~~LAUGARDAGUR~~	~~20:00~~	~~UPPSELT~~
31.05.13	FÖSTUDAGUR	20:00	NÝ SÝNING
01.06.13	LAUGARDAGUR	20:00	NÝ SÝNING

Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. hróss, **6.** í röð, **8.** mælieining, **9.** hnoðað, **11.** bókstafur, **12.** land í Asíu, **14.** vefja, **16.** átt, **17.** inngangur, **18.** heyskaparamboð, **20.** tveir eins, **21.** sjúkdómur.

LÓÐRÉTT
1. afl, **3.** upphrópun, **4.** pensillín, **5.** slagbrandur, **7.** drollari, **10.** traust, **13.** loga, **15.** illgresi, **16.** pumpun, **19.** skóli.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** lofs, **6.** rs, **8.** júl, **9.** elt, **11.** ká, **12.** Kórea, **14.** rúlla, **16.** sa, **17.** dyr, **18.** orf, **20.** ff, **21.** gigt.

LÓÐRÉTT: **1.** þrek, **3.** oj, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** slóðari, **10.** trú, **13.** eld, **15.** arfi, **16.** sog, **19.** fg.

Megavikupítsur handa öllum!

BAKÞANKAR
Magnúsar Þorláks Lúðvíkssonar

ÞAÐ eru 1.512 Íslendingar í framboði til Alþingis, fleiri en nokkru sinni. Ef öllu þessu fólki yrði komið fyrir á fótboltavelli væru 69 fótboltalið á hvorum vallarhelmingi. Þetta er rosalega margt fólk. En þótt valkostirnir hafi aldrei verið fleiri er upplifun mín að í raun hafi valkostirnir aldrei verið færri. Ástæðan er sú að flokkarnir virðast fæstir uppteknir af því sem mestu máli skiptir: því að treysta hinn viðkvæma efnahagsbata og skapa skilyrði fyrir uppbyggingu stöðugs og kröftugs efnahagslífs. Þess í stað leggja flokkarnir áherslu á kosningaloforð sem varla er hægt að standa við í ljósi stöðu ríkissjóðs. Á það sem við kjósendur virðumst vilja, ekki það sem við þurfum.

MEST athygli í kosningabaráttunni hefur beinst að loforði um að nota peninga sem ríkið á ekki en gæti mögulega fengið að óvissum tíma liðnum til að fella niður skuldir hluta heimila landsins um 260 milljarða á máta sem gagnast mest hátekjufólki á höfuðborgarsvæðinu. Næstmesta athygli hefur loforð um stórfellda lækkun skatta fengið. Aðgerð sem mun, ef ekki verður gripið til niðurskurðar á móti, valda því að fjárlagahalli ríkissjóðs springur út á ný. Þar á eftir hafa komið heilbrigðismálin þar sem allir lofa auknum útgjöldum. Minna hefur hins vegar farið fyrir umræðu um raunhæfar leiðir til þess að auka verðmætasköpun og útflutning, hvernig búa má í haginn fyrir afnám gjaldeyrishafta og hvernig peninga- og húsnæðismálum verður háttað hér á landi en það er svo sem önnur saga.

AUÐVITAÐ ætti næsta ríkisstjórn að stefna að því að hefja uppbyggingu mennta- og heilbrigðiskerfisins eftir niðurskurð síðustu ára. Hún ætti líka að endurskoða skattkerfið og kanna hvort koma þurfi frekar til móts við þau heimili sem fóru verst út úr hruninu. Það má bara ekki kosta mjög mikinn pening. Það er vandamálið. Það er nefnilega eins og það hafi orðið til þögult samkomulag um að nefna ekki að ríkissjóður er ekki kominn í var eftir hrunið. Hann er enn rekinn með halla og skuldar 1.670 milljarða (þótt vissulega séu nokkrar eignir á móti). Af þessari skuld þarf á þessu ári að greiða 88 milljarða í vexti.

ÞETTA eru gríðarlegir peningar. Fyrir þá væri hægt að reka Landspítalann í 28 mánuði eða panta pítsu handa hverjum landsmanni næstu 197 Megavikur. Samt njótum við þess að ríkissjóður getur fjármagnað sig á óvenju ódýran hátt vegna haftanna. Ef okkur tekst að afnema þau á næstu misserum (eins og vonir standa auðvitað til) þá er líklegt að vaxtagjöldin fari vel yfir 100 milljarða. Við því verður að bregðast.

MYNDASÖGUR

PONDUS Eftir Frode Øverli

GELGJAN Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes



BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



PIPAR\TBWA·SÍA · 131260

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?

Verne Global er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kosið hafa Ásbrú sem sína bækistöð. Fyrsta áfanga gagnaversins er þegar lokið. Gagnaverið er knúið af grænum endurnýjanlegum orkugjöfum, auk þess sem það er sérhannað til þess að nýta vindkælingu á svæðinu.

*atvinnu-*Svona er lífið á Ásbrú

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

Nánari upplýsingar á www.asbru.is.

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ



Norðurpóllinn missir húsið

Leikhúsið Norðurpóllinn, sem hefur starfað úti við Gróttu á Seltjarnarnesi síðan í janúar 2010, mun missa húsnæði sitt í sumar og framtíð leikhússins er óviss. Nýjustu fréttir er síðasta sýning í húsinu.

Upphaflega var húsið keypt til niðurrifs, en svo kom kreppan og við fengum þarna inni að við héldum til fimm ára. En nú, þremur árum seinna, virðist kreppan vera búin og það á að hefja hér framkvæmdir í sumar," segir Íris Stefanía Skúladóttir, einn eigenda leikhússins, um tildrög þess að Norðurpóllinn missir húsnæði sitt nú í júní. „Okkur var bara tilkynnt þetta um áramótin og áttum þá meira að segja að rýma húsið strax, en gátum samið um að fá að vera hér fram á sumar. Leikhús eru auðvitað bókuð langt fram í tímann og við höfum þurft að hafna um fjörutíu fyrirspurnum fyrir sumarið og haustið."

Hvað tekur þá við hjá ykkur? „Það er góð spurning. Það liggur í loftinu að það þurfi að opna nýtt hús með svipaða starfsemi. Við bjuggumst aldrei við því að fá svona ótrúlega marga hópa inn til okkar og það er alveg ljóst að það er mikil þörf fyrir svona starfsemi. Sýningarnar sem verið hafa í Norðurpólnum þessi þrjú ár skipta hundruðum. Við erum að skoða málið, höfum enn ekki fengið neitt húsnæði en borgin veit af okkur, þótt við höfum ekki beinlínis leitað til hennar, og það er alveg til í dæminu að leita til borgaryfirvalda og sjá hvort þau lumi ekki á einhverju góðu fyrir okkur."

Síðasta verkið sem sýnt verður á Norðurpólnum er Nýjustu fréttir og verður fyrsta sýningin í kvöld. Auk þess standa yfir sýningar á verki Stúdentaleikhússins, Auka, en fleiri verða sýningarnar ekki í núverandi húsnæði. „Það verða sýningar núna um helgina og svo um næstu helgi en síðan ekki söguna meir," segir Íris. „Maí fer bara í pökkun og frágang og í júní verðum við farin."

Og allir þessir hópar sem hafa fengið inni hjá ykkur með sínar sýningar eiga þá ekki í nein hús að venda? „Nei, ekki á sama grunni og þeir hafa haft hér. Það er auðvitað alltaf hægt að leigja sali einhvers staðar en þessi starfsemi sem við höfum verið með er algjörlega einstök hérlendis. Við erum með þrjá sali og í raun fjóra á tímabili og hátíðir eins og artFart, Lókal, Reykjavík Dansfestival og fleiri hafa verið með margar sýningar í gangi í einu hjá okkur. Það býðst ekki víða."

KVEÐUR MEÐ TREGA Íris Stefanía Skúladóttir, einn eigenda Norðurpólsins, segist ekkert vita hvað sé fram undan, en það sé ljóst að þörf sé fyrir starfsemina. Með henni á myndinni er Arnar Ingvarsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þið hafið alfarið rekið þetta sjálf, ekki fengið neina opinbera styrki? „Já, við höfum fengið nokkra minniháttar styrki frá einkaaðilum, mest í efni en ekki peningum, en opinberir aðilar hafa ekki lagt neitt fé í starfsemina."

Eruð þið ekki með tárin í augunum yfir þessu? „Jú, eiginlega, en það eru samt blendnar tilfinningar sem fylgja þessu. Auðvitað hefur þetta verið mikil ábyrgð og mikil vinna, miklar væntingar frá fólki úti í bæ sem við höfum ekki haft bolmagn til að standa undir, enda bara fjögur sem rekum leikhúsið, og það hefur stundum verið erfitt. En þetta hefur líka verið óskaplega gaman og þroskandi. Jákvæði punkturinn er spennan sem fylgir því að finna út hvað gerist næst og hvað um okkur verður. Það er gaman að byrja upp á nýtt og prófa eitthvað annað þótt það sé erfitt."

fridrikab@frettabladid.is

Tilkynning frá Landskjörstjórn

Vegna mistaka við birtingu auglýsingar um framboð við alþingiskosningarnar 27. apríl 2013, sbr. 44. gr. laga um kosningar til Alþingis, er hér á ný auglýst framboð J - listans Regnbogans, fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun í Reykjavíkurkjördæmi norður:

J – listi Regnbogans, fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun:

1. **Harpa Njálsdóttir,** kt. 310146-3669, félagsfræðingur, Nönnugötu 14, Reykjavík.
2. **Atli Gíslason,** kt. 120847-2369, alþingismaður, Langagerði 3, Reykjavík.
3. **Björg Sigurðardóttir,** kt. 121243-2379, fyrrv. bankastarfsmaður, Mávahlíð 23, Reykjavík.
4. **Björn Birgir Þorláksson,** kt. 050780-4229, laganemi, Álftamýri 30, Reykjavík.
5. **Gunnlaugur Ingvarsson,** kt. 181155-3889, tryggingaráðgjafi, Vesturgötu 73, Reykjavík.
6. **Anna Bentína Hermansen,** kt. 180969-5199, kynjafræðingur og ráðgjafi hjá Stígamótum, Háaleitisbraut 43, Reykjavík.
7. **Kristín Þóra Jónasdóttir,** kt. 160981-3779, atvinnuleitandi, Fellsmúla 9, Reykjavík.
8. **Karla Dögg Karlsdóttir,** kt. 041064-2189, myndlistarkona og starfskona SUK, Flyðrugranda 10, Reykjavík.
9. **Jakobína Ingunn Ólafsdóttir,** kt. 160156-2289, stjórnsýslufræðingur og doktorsnemi, Dyngjuvegi 5, Reykjavík.
10. **Lóa Hrönn Harðardóttir,** kt. 220369-5369, náms- og starfsráðgjafi í HR, Tómasarhaga 16, Reykjavík.
11. **María A. Marteinsdóttir,** kt. 300754-3099, löggiltur snyrti- og fótaaðgerðafræðingur, Veghúsum 31, Reykjavík.
12. **Rannveig Þyri Guðmundsdóttir,** kt. 200868-4129, blómadropaþerapisti, Mæri, Reykjavík.
13. **Steinunn Gröndal,** kt. 250862-3429, öryrki, Jörfagrund 23, Reykjavík.
14. **Rúnar Sveinbjörnsson,** kt. 121250-7569, rafvirki, Nóatúni 25, Reykjavík.
15. **Eiríkur Ómar Sæland,** kt. 111158-4019, garðyrkjufræðingur, Skipasundi 44, Reykjavík.
16. **Róbert Ketilsson,** kt. 230789-2749, nemi, Háteigi 16, Akranesi.
17. **Þórunn Júlíusdóttir,** kt. 200962-7969, hjúkrunarfræðingur og BA í mannfræði, Hringbraut 39, Reykjavík.
18. **Vigdís Ingibjörg Pálsdóttir,** kt. 140390-2249, nemi, Selbraut 11, Seltjarnarnesi.
19. **Valdimar Tómasson,** kt. 130771-3009, ljóðskáld, Rauðarárstíg 1, Reykjavík.
20. **Monique Jacquette,** kt. 120149-5479, starfsmaður Landspítalans, Tjarnargötu 10b, Reykjavík.
21. **Guðrún Bjarnadóttir,** kt. 040946-2259, lífeindafræðingur, Laufrima 14b, Reykjavík.
22. **Gunnar Guttormsson,** kt. 311035-2749, vélfræðingur, Tómasarhaga 47, Reykjavík.

Landskjörstjórn
18. apríl 2013

Nýjustu fréttir

Nýjustu fréttir fjalla um samband okkar við fréttir á myndrænan og gamansaman hátt. Sýningin var unnin í spunavinnu af hópnum VAVaVúmm undir leikstjórn Söru Marti og þar fléttast saman brúðuleikhús, myndbandsverk, dansleikhús og lifandi tónlistarflutningur Sóleyjar Stefánsdóttur. Sýningin vakti mikla hrifningu og hlaut einróma lof gagnrýnenda, meðal annars gaf gagnrýnandi Fréttablaðsins sýningunni fimm stjörnur.

Prjár sýningar á Nýjustu fréttum verða í Norðurpólnum núna um helgina; föstudaginn 19. apríl kl. 20, laugardaginn 20. apríl kl 20 og sunnudaginn 21. apríl kl 15.00.

Upplýsingar um sýningartíma annarra sýninga og miðasala eru á midi.is.

Á ÆFINGU Mótettukórinn og Björn Sólberg, organisti í Hallgrímskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fagna endurnýjun pípuorgelsins

Hátíðatónleikar verða í Hallgrímskirkju sunnudaginn 21. apríl í tilefni af endurnýjun Klais-orgelsins.

Mótettukór Hallgrímskirkju og Björn Steinar Sólbergsson organisti flytja hátíðatónlist fyrir kór og orgel á sunnudaginn klukkan 17. Tilefnið er tuttugu ára afmæli Klais-orgels kirkjunnar og endurnýjun á því sem lauk rétt fyrir páska.

Burðarás dagskrárinnar er Hátíðamessa fyrir tvö orgel og kór eftir franska tónskáldið Louis Vierne sem frumflutt var árið 1900. Einnig verður flutt verk fyrir kór, trompet, hörpu, slagverk og orgel eftir Hafliða Hallgrímsson og annað eftir William Walton sem samið var fyrir krýningu Elísabetar Englandsdrottningar. Þá leikur Björn Steinar líka vinsælar orgelfantasíur eftir Vierne. Verkin eiga öll að túlka þakkargjörð til skaparans fyrir gjafir hans, lífið, kærleikann og listina.

Með kórnum koma fram Lenka Máteóvá organisti, Ásgeir H. Steingrímsson trompetleikari, Elísabet Waage hörpuleikari og Frank Aarnink slagverksleikari, auk Björns Steinars. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

- gun

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 31. STARFSÁR
HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 31. SEASON

KÓR OG 2 ORGEL
CHOIR WITH 2 ORGANS

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR MEÐ MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
Í TILEFNI AF ENDURNÝJUN KLAIS ORGELS HALLGRÍMSKIRKJU
SUNNUDAGINN 21. APRÍL 2013 KL. 17

FESTIVE CONCERT WITH THE HALLGRIMSKIRKJA'S MOTET CHOIR
TO CELEBRATE THE KLAIS ORGAN 20TH ANNIVERSARY
SUNDAY APRIL 21 AT 5 PM

STJÓRNANDI/ CONDUCTOR HÖRÐUR ÁSKELSSON
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU
BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON ORGEL /ORGAN

LENKA MÁTÉOVÁ ORGEL / ORGAN
ÁSGEIR H. STEINGRÍMSSON TROMPET/ TRUMPET
FRANK AARINK SLAGVERK / PERCUSSION
ELÍSABET WAAGE HARPA / HARP

FLUTT VERÐA GLÆSILEG VERK EFTIR LOUIS VIÉRNE: MESSA OP. 16 FYRIR KÓR OG 2 ORGEL OG ORGELVERK, WILLIAM WALTON: CORONATION TE DEUM FYRIR KÓR OG ORGEL, SAMIÐ FYRIR KRÝNINGU ELÍSABETAR ENGLANDSDROTTINGAR OG HAFLIÐA HALLGRÍMSSON: LOFIÐ GUÐ Í HANS HELGIDÓMI FYRIR KÓR, ORGEL, TROMPET, SLAGVERK OG HÖRPU

FESTIVE MUSIC COMPOSED FOR CHOIR AND ORGAN BY LOUIS VIÉRNE: MESSE OP. 16 FOR MIXED CHOIR AND TWO ORGANS, ORGANWORKS, WILLIAM WALTON: CORONATION TE DEUM FOR MIXED CHOIR AND BIG ORGAN, COMPOSED FOR THE CORONATION OF QUEEN ELÍSABET II, HAFLIÐI HALLGRÍMSSON: PRAISE THE LORD FOR CHOIR, ORGAN, TRUMPET, PERCUSSION AND HARP

MIÐAVERÐ /ADMISSION 3000 ISK
MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU, S. 510 1000, OPIÐ 9-17 ALLA DAGA
BOX OFFICE IN HALLGRIMSKIRKJA OPEN DAILY 9 AM - 5 PM
HALLGRIMSKIRKJA.IS - LISTVINAFELAG.IS

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FÖSTUDAGUR

Engin slagsmál bara ást

Katla Ásgeirsdóttir þeytir skífum ásamt Kristni Gunnari Blöndal á Kaffibarnum.

„Kristinn Gunnar er náttúrulega einn af uppáhaldsplötusnúðunum mínum. Við spiluðum óvænt saman í janúar og það var svo skemmtilegt að við ákváðum að endurtaka það. Við höfum talað um þetta nokkrum sinnum síðan þá og nú er komið að því," segir Katla Ásgeirsdóttir plötusnúður. Hún og Kristinn Gunnar Blöndal, sem kemur fram undir plötusnúðanafninu KGB, munu þeyta skífum saman á Kaffibarnum annað kvöld.

Spurð hvernig tvíleikur sem þessi fari fram segir Katla að þau muni að öllum líkindum skiptast bróðurlega á að spila lög út kvöldið. „Svo fer þetta bara eftir því í hvaða gír menn eru, kannski lendum við í brjáluðu plötusnúða „battli" og neyðumst svo til að útkljá kvöldið með hnefunum fyrir utan Kaffibarinn klukkan fimm um morguninn," segir hún en er fljót að bæta við: „Líklega verður það samt bara þannig að hann velur lag og ég vel eitthvað skemmtilegt út frá því. Ég geri mér í það minnsta vonir um að þetta samstarf muni einkennast af bróðurlegri ást og ekki slagsmálum."

Innt eftir því hvort búið sé að ákveða hvort þeirra hefji kvöldið svara Katla neitandi. „Ætli það verði ekki sá sem er frekari. Sem þýðir að ég mun líklega byrja."

Að skífuþeytingi undanskildum hyggst Katla eyða helginni í afslöppun og heimanám. „Ég ætla í sund, kíkja á útskriftarsýningu Listaháskólans og sjá rafpönkdúettinn Helmut Geldmacher spila á Kaffistofunni. Svo ætla ég að sofa, borða og gera skólaverkefni."

Katla og Kristinn Gunnar hefja leik á Kaffibarnum annað kvöld klukkan 23.

sara@frettabladid.is

TVÍLEIKUR Á KAFFIBAR Katla Ásgeirsdóttir plötusnúður mun þeyta skífum ásamt Kristni Gunnari Blöndal á Kaffibarnum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heart framkallaði baul

Plötusnúðar leggja mikið upp úr lokalagi kvöldsins og kveðst Katla gjarnan enda á rólegu nótunum. „Wicked Games hefur verið vinsælt lokalag hjá mér. Einu sinni endaði ég á laginu All I Want með hljómsveitinni Heart og þá var baulað á mig. Mér finnst þetta frábært lag og hugsanlega mun ég spila það aftur einhvern tímann, en þó ekki annað kvöld," segir Katla.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FÖSTUDAGUR 19. APRÍL 2013

Kvikmyndir

18.00 Norræna kvikmyndahátíðin heldur áfram í Norræna húsinu. Aðgangur er ókeypis á allar myndir og eru þær allar sýndar með enskum texta. Fyrst verður sýnd myndin Limbo(norsk) og svo klukkan 20.00 verður sýnd myndin Pögnin (finnsk).

Uppákomur

20.00 Íþróttafélagið Glóð verður með línudansball í Boðanum, Boðaþingi 7. Óli Geir stjórnar. Aðgangseyrir er kr. 1.000. Allir velkomnir.

20.00 Útskriftarsýning Fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands haldin í Hafnarhúsinu.

Málþing

15.00 Haldin verður málstofa um söfn og samfélag í Listasafni Íslands við Tjörnina í samstarfi við Félag íslenskra safnafræðinga. Málstofan er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Tónlist

12.00 Bjargræðiskvartettinn flytur tónlist á hádegistónleikum í Háteigskirkju. Almennt miðaverð er kr. 1.000.

12.15 Hrólfur Sæmundsson baritón kemur fram ásamt Nínu Margréti Grímsdóttur á hádegistónleikaröðinni Klassík í hádeginu. Þau flytja íslenska gullmola úr sönglagakistu þjóðarinnar. Aðgangur er ókeypis.

12.15 Pétur Máté, Guðný Guðmundsdóttir og Gunnar Kvaran flytja tónlist á tónleikum á Kjarvalsstöðum. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Meik-Kiss tribute-tónleikar verða haldnir á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

22.00 Breakbeat.is hætta nú störfum eftir 13 ára starfsemi og halda lokakvöld á Volta, Tryggvagötu 22. Þar koma fram margir af fremstu plötusnúðum senunnar og aðgangseyrir er kr. 500.

22.00 Guggurnar frá Höfn í Hornafirði skemmta á Café Rosenberg.

23.00 Ingvar Grétarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

Fyrirlestrar

14.00 Luisa Passerini, prófessor emeritus í sagnfræði við Turin-háskóla, heldur opinn fyrirlestur um evrópskar sjálfsmyndir frá sjónarhóli síðnýlendustefnu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

20.00 Halldór Haraldsson heldur fyrirlestur í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22, í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá frumflutningi Vorblóts Stravinskys. Leikin verða tóndæmi og sýndir hlutar úr upprunalega ballettinum af mynddiski.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.

→ Mendelssohn og Beethoven

Listasafn Reykjavíkur og Tríó Reykjavíkur hafa verið í samstarfi um ókeypis hádegistónleikaröð á Kjarvalsstöðum við góðar undirtektir. Tríó Reykjavíkur kemur fram með tvö öndvegistónskáld, þá Mendelssohn og Beethoven, föstudaginn 19. apríl kl. 12.15. Tónleikarnir hefjast og lýkur með Mendelssohn, sem verður eins og forréttur og eftirréttur, en Beethoven er aðalrétturinn að þessu sinni. Mendelssohn og Beethoven eru frægir fyrir stórkostleg kammerverk, ásamt öllum þeim fjölda sinfóníska verka sem eftir þá liggja. Tríó Reykjavíkur var stofnað árið 1988 af Halldóri Haraldssyni píanóleikara, Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara. Árið 1996 tók Peter Máté píanóleikari við af Halldóri. Á ferli sínum hefur tríóið komið fram á fjölmörgum tónleikum víða um Ísland, farið í tónleikaferðir til Danmerkur, komið fram í Þýskalandi, Finnlandi, Prag og London og leikið í hinu nýja tónlistarhúsi Grænlendinga.

Útskriftarsýning Fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands verður haldin með pompi og prakt í Hafnarhúsinu klukkan 20 í kvöld. Þar sýna útskriftarnemarnir fatalínur sínar og má búast við miklu sjónarspili. Eva Brá Barkardóttir, verslunarstjóri hjá Sruli Recht, ætlar ekki að láta sig vanta á sýninguna. „Ég útskrifaðist úr fatahönnunardeildinni í fyrra og hef fylgst með þessum krökkum. Þau eru svo hæfileikarík og frumleg og ég hlakka mikið til að sjá sýninguna," segir Eva Brá.

ÉG ER EKKI ALLRA.

ÞAÐ GETUR VERIÐ PÍNU ERFITT AÐ BÍTA Í MIG

ÉG HENTA VEL Í ALLSKONAR

BAKSTUR

OG ER FRÁBÆR Í ÍSGERÐ

ÞEIR SEM ELSKA MIG, ELSKA MIG

VERUM ALVEG **HREINSKILIN** | ÉG KEM EKKI **Í STAÐINN FYRIR MAT**

VERUM ALVEG HREINSKILIN

Ég kem ekki í staðinn fyrir mat. Ég er búinn til úr stökkum **karamellumöndlum** og umvafinn ljúffengu **mjólkursúkkulaði.**

Hugsaðu til mín næst þegar þú ert út í búð eða á bensínstöðinni OG ÞIG LANGAR Í EITTHVAÐ GÓMSÆTT.

- brakandi gott!

Hippatíska á Coachella

Coachella-tónlistarhátíðin fór fram í tólfta sinn um helgina sem leið. Hátíðin var fyrst haldin árið 1999 í Coachella-dalnum í Kaliforníu og hefur farið fram árlega frá árinu 2007. Meðal þeirra tónlistarmanna er komu fram á hátíðinni um helgina má nefna Red Hot Chili Peppers, The xx, Modest Mouse og íslensku sveitirnar Of Monters and Men og Sigur Rós.

MANNHAF Fjöldi fólks sótti hátíðina í ár líkt og fyrri ár.

HIPPATÍSKA

KÖGUR OG NEON Ákveðnir tískustraumar einkenna Coachella-hátíðina. Nútímavædd hippatíska virðist í hávegum höfð meðal tónleikagesta sem og neonlitir í anda „reif"-kynslóðarinnar.

„REIF" TÍSKA

JÓNSI Á SVIÐI Jón Þór Birgisson, söngvari Sigur Rósar, þenur raddböndin á sviðinu í Kalifornía.

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ

KJAFTFORI SIGURVEGARINN

Elsa Sæný Valgeirsdóttir blakkona sneri heim eftir átta ára keppnisferil í Danmörku og tók við þjálfun karlaliðs HK. Hún hefur enn ekki getað horft á upptökuna af þrumuræðunni sem kveikti í strákunum hennar í bikarúrslitunum í mars.

Spilar á allan skalann

Atli Rafn Sigurðarson fer með eitt mest krefjandi hlutverk sitt til þessa í Englum alheimsins í Þjóðleikhúsinu. Atli túlkar þessa þjóðfrægu persónu sem ólgar af krafti og geðveiki.

Ég er frábær bílstjóri

Íslendingar telja sig flestir meiri-háttar bílstjóra. En hvað segja rannsóknirnar? Fréttablaðið gerir úttekt á nýrri skoðanakönnun blaðsins.

Nauðgunarlyf á skemmtistöðum

Fólk sem hefur verið byrlað nauðgunarlyf á skemmtistöðum segir sögu sína. Erfitt er að greina efnin í blóði, en slíkt er ekki gert nema fórnarlambið hafi verið beitt ofbeldi.

HELGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Ómissandi hluti af góðri helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

LAGERHREINSUN

20%–70% AFSLÁTTUR

Frábær húsgögn fyrir heimilið og í sumarbústaðinn

Opnunartími lagersölu:
Föstudag kl.10 –18
Laugardag kl.11 –16
Ath. 2 dagar eftir

Gengið inn um anddyri LÚR og niður á neðstu hæð

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

PERSÓNULEG PLATA Rúnar Eff frá Akureyri gefur út persónulega sólóplötu í dag. MYND/DANÍEL STARRASON

Syngur um skilnað á nýrri sólóplötu

Rúnar Eff frá Akureyri gefur út persónulegu sólóplötuna Knee Deep í dag.

„Þetta er rosalega persónuleg plata," segir tónlistarmaðurinn Rúnar Eff frá Akureyri sem sendir frá sér sína aðra sólóplötu, Knee Deep, í dag.

„Hún fjallar að mestu leyti um sjálfan mig og það sem er búið að vera í gangi hjá mér síðastliðin ár. Ég skildi fyrir ári síðan og hún fjallar svolítið um aðdragandann að því. En það eru samt hress lög þarna, þetta er ekki eintómt þunglyndi," segir Rúnar Eff.

Hann byrjaði að semja lög á plötuna fyrir þremur árum en sú fyrri, Farg, kom út 2008. „Þetta er dálítið langur tími. Í staðinn fyrir að taka lán ákvað ég að vinna fyrir þessu. Ég er búinn að spila mikið og hef stokkið í tvö til þrjú lög í hljóðveri þegar ég hef átt pening."

Rúnar Eff komst í úrslit í danska raunveruleikaþættinum All Stars árið 2008. Hann segist ekkert hafa spilað í Danmörku undanfarið en er á leið til Svíþjóðar þar sem hann ætlar að spila lög af nýju plötunni í útvarpsþætti.

Helmingurinn af Knee Deep var einmitt tekinn upp í Svíþjóð með aðstoð Pontus Stenkvist. Hinn helminginn tók Vignir Snær Vigfússon upp hér heima. „Ég er gríðarlega heppinn að hafa hitt þá."

Í tilefni af útgáfunni efnir Rúnar til tónleika í Hofi á Akureyri á laugardagskvöld. Auk hóps hljóðfæraleikara og söngvara mun fimmtán manna kór aðstoða Rúnar. Sérstakir gestir verða Jógvan Hansen, Vignir Snær og Pontus Stenkvist. - fb

Myndband bannað

Ríkisrekin sjónvarpsstöð í Suður-Kóreu hefur bannað sýningu nýs myndbands með rapparanum Psy.

Myndband við nýtt lag suður-kóreska rapparans Psy hefur verið bannað í heimalandi hans.

Myndband við lagið Gentleman var frumsýnt á Youtube í síðustu viku og hefur þegar hlotið um 145 milljón áhorf. Sýningu myndbandsins hefur þó verið hætt á suðurkóresku sjónvarpsstöðinni KBS því rapparinn sést sparka í umferðarkeilu. KBS er ríkisrekin stöð og segja talsmenn hennar að stöðin vilji ekki ýta undir skemmdarverk á almenningseignum með sýningu myndbandsins.

BANNAÐ Myndband við lagið Gentleman verður ekki sýnt á ríkisreknu sjónvarpsstöðinni KBS í Suður-Kóreu. Psy sést þar sparka í umferðarkeilu. NORDICPHOTOS/GETTY

Góður vinur Kylie Jenner

Jaden Smith, sonur leikaranna Will Smith og Jada Pinkett-Smith, telur Kylie Jenner, litlu systur Kim Kardashian, til sinna bestu vina. Tvíeykið sást ítrekað saman í London í síðasta mánuði.

„Við höngum mikið saman í Los Angeles. Svo þegar ég fór til New York kom hún líka og svo kom hún mér á óvart með því að heimsækja mig í London. Það var frábært. Hún er ein af mínum bestu vinum," sagði hinn ungi Smith. Hann hefur fetað í fótspor föður síns og sinnir tón- og leiklistinni til jafns þrátt fyrir að vera aðeins fjórtán ára gamall.

EFNILEGUR Jaden Smith er góður vinur yngstu systur Kim Kardashian.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8 - 10	14
SCARY MOVIE 5	KL. 6 - 8 - 10	14
OBLIVION	KL. 8 - 10.40	12
OBLIVION LÚXUS	KL. 5.20 - 8 - 10.40	12
G.I JOE RETALATION 3D	KL. 8	12
ADMISSION	KL. 10.30	L
THE CROODS 3D ÍSL. TAL	KL. 3.30 - 5.45	L
THE CROODS 2D ÍSL.TAL	KL. 3.30 - 5.45	L
FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D	KL. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS — 5%

FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8 - 10	14
OBLIVION	KL. 6 - 9	12
KAPRINGEN	KL. 5.45 - 8 - 10.15	12
SAFE HAVEN	KL. 8 - 10.30	12
JAGTEN (THE HUNT)	KL. 5.30	12

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIDI.IS

FALSKUR FUGL	KL. 6 - 8	14
OBLIVION	KL. 8	12
GI JOE	KL. 10	16
SCARY MOVIE 5	KL. 6 - 10.15	14

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

FALSKUR FUGL	6, 8, 10	16
SCARY MOVIE 5	6, 8, 10	16
OBLIVION	5.30, 8, 10.30	12
THE CROODS 3D - ÍSL TAL	4	L
THE CROODS 2D - ÍSL TAL	4	L

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

GRJÓTHÖRÐ SPENNUMYND Í ANDA DIE HARD
OLYMPUS HAS FALLEN
FRÁ LEIKSTJÓRA TRAINING DAY
OG HANDRITSHÖFUNDINUM KATRÍN BENEDIKT

STÓRMYNDIN SEM TEKIN VAR UPP Á ÍSLANDI
OBLIVION

MÖGNUÐ GRÍNMYND
ÓFEIGUR gengur aftur
NÝJASTA MYND STEVEN SODERBERGH
SIDE EFFECTS

SAMbíóin ÁLFABAKKA

OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
OLYMPUS HAS FALLEN VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
BURT WONDERSTONE	KL. 5:50 - 8 - 10:10	12
G.I. JOE: RETALIATION 3D	KL. 5:40 - 8 - 10:20	12
SIDE EFFECTS	KL. 8	12
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50 - 8 - 10:10	L
JACK THE GIANT SLAYER 3D	KL. 10:30	12
OZ: GREAT AND POWERFUL	KL. 5:20	10

SAMbíóin KEFLAVÍK

OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 8 - 10:30	16
FALSKUR FUGL	KL. 8	14
OBLIVION	KL. 10	12
BURT WONDERSTONE	KL. 5:50	12
THE CROODS ísl.tal	KL. 5:50	L

SAMbíóin EGILSHÖLL

OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
OBLIVION	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
BURT WONDERSTONE	KL. 8 - 10:20	12
G.I. JOE: RETALIATION 3D	KL. 10:20	12
SIDE EFFECTS	KL. 8	12
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50	L
JACK THE GIANT SLAYER 2D	KL. 5:30	12

SAMbíóin KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
OBLIVION	KL. 5:20 - 8 - 10:40	12
BURT WONDERSTONE	KL. 8	12
SIDE EFFECTS	KL. 10:20	12
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50	L

SAMbíóin AKUREYRI

OLYMPUS HAS FALLEN	KL. 8 - 10:30	16
BURT WONDERSTONE	KL. 5:50 - 8 - 10:30	12
ÓFEIGUR GENGUR AFTUR	KL. 5:50	L

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:
NORRÆN KVIKMYNDA HÁTÍÐ
11.–21. APRÍL 2013
NORRÆNA HÚSIÐ
græna ljósið - betra bíó

FÖSTUDAGUR 19. APRÍL
18.00 Limbó (LIMBO). Noregur 2010/105 mín.
20:00 Þögnin (HILJAISUUS). Finnland 2011/110 mín.
Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina.
Nánari upplýsingar á norraenahusid.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SLÓ Í GEGN Á ÞÝSKUM KVIKMYNDADÖGUM

BÍÓ ★ PARADÍS
EUROPA CINEMAS

ON THE ROAD	(16)	20:00, 22:20
CHASING ICE	(L)	18:00
HANNAH ARENDT	(12)	17:50, 20:00
THE HUNT (JAGTEN)	(12)	17:50, 20:00, 22:10
DÁVALDURINN	(16)	22:10

Pabbi í fyrsta sinn

Leikarinn Edward Norton eignaðist son í mars.

Leikarinn Edward Norton og unnusta hans, Shauna Robertson, eignuðust lítinn son í mars. Þetta er fyrsta barn parsins sem trúlofaði sig árið 2011.

Norton og Robertson, sem starfar sem kvikmyndaframleiðandi, eru sögð einkar hamingjusöm með soninn. Leikarinn hefur þó ekki tjáð sig opinberlega um þennan gleðilega atburð en hann er þekktur fyrir hlédrægni sína. „Komi sú stund að ég neyðist til þess að hætta að ferðast með neðanjarðarlestinni, mun ég fá hjartaáfall," sagði leikarinn eitt sinn um frægðina.

FORELDRAR Edward Norton og unnusta hans, Shauna Robertson, eignuðust son í mars.
NORDICPHOTOS/GETTY

Eins og að fá greitt fyrir að vera í fríi

Leikarinn Peter Dinklage hefur gaman af vinnunni.

Leikarinn Peter Dinklage, sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt sem Tyrion Lannister í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones, svaraði tuttugu spurningum fyrir Playboy. Hann segir tökur á þáttunum fara víða fram og líður stundum eins og hann sé í fríi í vinnunni.

„Við tökum upp á Norður-Írlandi, í Króatíu, Marokkó og á Íslandi, en mest á Norður-Írlandi. Við skjótum í myndveri þar sem Titanic var byggt. Ekki kvikmyndin Titanic heldur skipið sem sökk. Það getur ekki boðað gott, er það? Mér finnst dásamlegt að eyða tíma þar. Það er nánast eins og að fá greitt fyrir að vera í fríi. En við höfum ekki mikið val, það er ekki eins og það sé hægt að taka upp þátt á borð við þennan í New Jersey," sagði Dinklage.

GAMAN Í VINNUNNI Peter Dinklage segir vinnuna við Game of Thrones nánast eins og að fá greitt fyrir að vera í fríi.
NORDICPHOTOS/GETTY

SESAR A Rappþulan er haldin í samstarfi við Sesar A.

Rappþulan hefst í kvöld

Rappþulan verður haldin í fyrsta sinn í kvöld. Um er að ræða fyrstu rappkeppnina fyrir þátttakendur 16 ára og eldri af öllu landinu. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu verður hún haldin í Molanum, ungmennahúsi Kópavogs, í nánu samstarfi við rapparann Sesar A.
Keppnin hefst klukkan 21 og kynnir kvöldsins verður Blaz Roca. Meðal þeirra sem koma fram verða Dj Kocoon, Sesar A og hugsanlega mun Cell 7 taka eitt lag. Sesar A ætlar annars að senda frá sér nýtt lag á næstunni sem nefnist Láttu renna. Þar er söngkonan BB sérstakur gestur.

ALLTAF HRÆDD Jennifer Aniston er alltaf hrædd því það er alltaf verið að bregða henni.
NORDICPHOTOS/GETTY

Kann ekki að bregða fólki

Jennifer Aniston var gestur í spjallþætti Ellen DeGeneres fyrir stuttu og þar var leikkonan beðin um að bregða grínistanum. Aniston tókst þó ekki ætlunarverk sitt og viðurkenndi að hún væri afskaplega léleg í því að skjóta fólki skelk í bringu.

„Hafðir þú aldrei brugðið neinum áður? Felurðu þig ekki þegar Justin [Theroux] kemur heim?" spurði DeGeneres leikkonuna, sem svaraði neitandi. „Hann gerir það við mig. Hann kallar það klæki og er stanslaust að fela sig á bak við gardínur. Ég er alltaf hrædd og þetta virðist aldrei hætta að koma mér á óvart," sagði leikkonan.

GUNNAR BERG Ætlar með Stjörnuna upp í N1-deild karla. FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI

Höfum engu að tapa

HANDBOLTI Lokaúrslitin í umspilskeppni N1-deildar karla hefjast í Vodafone-höllinni í kvöld en þá mætast Valur og Stjarnan. Það lið sem vinnur fyrst tvo leiki spilar í N1-deild karla á næstu leiktíð.

Valur hafnaði í sjöunda sæti N1-deildarinnar en Stjarnan í öðru sæti 1. deildarinnar. Gunnar Berg Viktorsson, þjálfari Stjörnunnar, segir að vissulega sé nokkur getumunur á liðunum.

„Ef Valsmenn hitta á góðan dag eru þeir með betra lið en við. En við höfum allt að vinna en engu að tapa," sagði Gunnar Berg við Fréttablaðið.

Hann segir að liðið hafi stefnt að því eftir áramót að komast upp í N1-deildina. „Við áttum reyndar ekki von á því að þurfa að kljást við jafn sterkt lið og Val í umspilinu. En við höfum verið að skoða þá og það verður gaman að mæta þeim."

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.30 og verður fylgst með honum í Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins. Liðin mætast svo í Mýrinni á sunnudag og í oddaleik ef þörf krefur á miðvikudaginn. - esá

Enginn dauðadómur

Arnór Atlason spilaði sinn fyrsta leik með Flensburg mánuði á undan áætlun eftir að hafa slitið hásin. Hann ætlar að njóta hverrar mínútu með liðinu á lokaspretti tímabilsins en í sumar söðlar hann um og heldur til Frakklands.

HANDBOLTI Það tók Arnór Atlason aðeins rétt tæpa fimm mánuði að koma sér aftur á völlinn með Flensburg í Þýskalandi eftir að hafa slitið hásin í leik gegn Hamburg í Meistaradeild Evrópu þann 18. nóvember síðastliðinn. Arnór spilaði í nokkrar mínútur með Flensburg þegar liðið vann Hannover-Burgdorf í fyrrakvöld, 32-26. Arnór skoraði ekki en fagnaði því fyrst og fremst að komast inn á handboltavöllinn á ný.

„Þetta gekk ágætlega, svo sem. Aðalmálið var að ná að spila. Það var þrælfínt," sagði Arnór við Fréttablaðið í gær. „Ég er þó enn aðeins takmarkaður og treysti mér ekki í allar aðgerðir hundrað prósent. En ég fékk „fílinginn" aftur og það var gott."

Þessi undraverði bati er ekki síst að þakka dugnaði Arnórs, sem hefur lagt hart að sér í endurhæfingunni. „Þetta er búið að ganga í raun frábærlega, enda er það að slíta hásinina ekki sami dauðadómur og það var fyrir nokkrum árum. Það eru komnar alls kyns nýjar leiðir og aðgerðir. Viðmiðið er 6-8 mánuðir en það er svo persónubundið hversu lengi hver og einn er að ná fullum bata."

Arnór hefur æft með liði sínu af fullum krafti í fjórar vikur og var búinn að fá samþykki úr mörgum áttum, eins og hann orðaði það, til að spila á ný. Hann óttast því ekki að fara of geyst af stað.

„Auðvitað getur komið bakslag eins og gengur og gerist en það þýðir ekkert annað en að vera áfram duglegur. Ég mun alla vega njóta hverrar mínútu sem ég fæ með Flensburg áður en ég fer í sumar," segir Arnór en hann var búinn að semja við franska liðið St. Raphäel áður en hann meiddist og fer þangað eftir að tímabilinu lýkur í Þýskalandi.

KOMINN AF STAÐ Arnór Atlason er hér í leik með Flensburg fyrr á tímabilinu, áður en hann sleit hásin í nóvember síðastliðnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Hann segir margt skemmtilegra en að vera í stífri sjúkraþjálfun og endurhæfingu en segir að góður stuðningur fjölskyldu sinnar hafi gert allt ferlið auðveldara.

„Það hefur auðvitað verið alveg vonlaust að missa af bæði HM á Spáni og ótrúlega mörgum skemmtilegum leikjum með Flensburg. En liðið er sem betur fer búið að standa sig vel í vetur," segir Arnór. Flensburg er í þriðja sæti deildarinnar og í baráttu um að vera í hópi þriggja efstu liðanna sem fá þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð.

Þjálfarinn Ljubomir Vranjes er að minnsta kosti viss um að liðið hagnist á því að endurheimta Arnór fyrir lokasprettinn. „Hann fékk smjörþefinn í kvöld og ég er þess fullviss að hann mun hjálpa okkur gegn Hamburg," sagði Vranjes en Flensburg mætir einmitt liðinu á sunnudaginn í fyrri leik liðanna í fjórðungsúrslitum Meistaradeildarinnar.

„Ég veit ekki hversu stóru hlutverki ég get gegnt á næstunni en vonandi stækkar það eftir því sem á líður. Það er bara fyrst og fremst gaman að vera kominn til baka," segir Arnór. eirikur@frettabladid.is

VERÐUR ÁFRAM Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur áfram forseti ÍSÍ

ÍÞRÓTTIR Ólafur Rafnsson verður forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands næstu tvö árin en Ólafur hefur setið á forsetastól undanfarin sjö ár. Honum barst ekkert mótframboð í formannsembættið fyrir Íþróttaþing ÍSÍ sem fram fer um helgina.

Ólafur var áður formaður Körfuknattleikssambands Íslands og hafði betur í kosningabaráttu gegn Sigríði Jónsdóttur, þáverandi varaforseta ÍSÍ, árið 2006.

Framkvæmdastjórn sambandsins verður þó ekki endurkjörin þar sem ný framboð bárust í stjórnina. - ktd

Norma nálægt lokaúrslitum

FIMLEIKAR EM í áhaldafimleikum stendur nú yfir í Rússlandi en íslensku keppendurnir kepptu allir í undankeppninni í gær. Enginn komst áfram, hvorki í fjölþraut eða á einstökum áhöldum, en Norma Dögg Róbertsdóttir, Gerplu, verður varamaður í úrslitum í stökki.

Hún náði ellefta sæti í greininni en átta efstu komast í úrslitin. - esá

Vinsælasti bíll heims á enn betra verði
FORD **FOCUS** TREND EDITION

Ford Focus, söluhæsti bíll í heimi árið 2012, er nú fáanlegur í nýrri útfærslu. 16" álfelgur eru undir bílnum og sérstakt Trend Edition áklæði á sætum. Loftkæling, öflug aksturstölva, regnskynjari í framrúðu og blátannarbúnaður eru einnig til staðar. Til viðbótar hefur verið hugað að fjölmörgum praktískum atriðum, svo sem sjálfvirkri dimmingu á baksýnisspegli og sniðugri hurðavörn. Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér vinsælasta bíl heims árið 2012.

FORD FOCUS TREND EDITION 5 DYRA FRÁ 3.390.000 KR.
FORD FOCUS TREND EDITION STATION FRÁ 3.540.000 KR.

FORD **FOCUS**
TREND EDITION
FRÁ
27.447KR./MÁN

Ford

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Focus Trend Edition 5 dyra, 1,0 EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO_2 114 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.750.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,60%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

ÚRSLIT

N1-DEILD KARLA

UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR

FH - FRAM 23-24 (10-10)

Mörk FH (skot): Einar Rafn Eiðsson 8/3 (13/3), Magnús Óli Magnússon 5 (11), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (2), Logi Geirsson 2 (5), Ásbjörn Friðriksson 2 (8), Andri Berg Haraldsson 1 (1), Þorkell Magnússon 1 (2), Sigurður Ágústsson 1 (3), Ragnar Jóhannsson 1 (7), Ari Magnús Þorgeirsson (1).

Varin skot: Daníel Fr. Andrésson 13 (37/1, 35%).

Hraðaupphlaup: 3 (Einar Rafn 2, Þorkell 1)

Fiskuð víti: 3 (Magnús Óli 1, Atli 1, Ragnar 1)

Utan vallar: 10 mínútur.

Mörk Fram (skot): Róbert Aron Hostert 8 (14), Jóhann Gunnar Einarsson 5/1 (6/1), Sigfús Páll Sigfússon 3 (4), Stefán Darri Þórsson 2 (4), Ólafur Magnússon 2 (4), Garðar B. Sigurjónsson 1 (1), Ægir Hrafn Jónsson 1 (1), Jón Arnar Jónsson 1 (3), Sigurður Eggertsson 1 (6).

Varin skot: Magnús Erlendsson 18 (39/1, 46%), Björn Viðar Björnsson (2/2, 0%).

Hraðaupphlaup: 6 (Róbert Aron 2, Jóhann Gunnar 1, Sigfús Páll 1, Ólafur 1, Ægir Hrafn 1)

Fiskuð víti: 1 (Ólafur Magnússon 1)

Utan vallar: 6 mínútur.

Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Fram.

HAUKAR - ÍR 25-24 (12-13)

Haukar - Mörk (skot): Gylfi Gylfason 5/3 (7/5), Tjörvi Þorgeirsson 5 (8), Freyr Brynjarsson 3 (4), Árni Steinn Steinþórsson 3 (5), Sigurbergur Sveinsson 3 (6/1), Elías Már Halldórsson 3 (8), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (2), Adam Haukur Baumruk 1 (4).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 13 (29/2, 45%), Giedrius Morkunas 7/1 (15/2, 47%).

Hraðaupphlaup: 2 (Gylfi 1, Árni Steinn 1)

Fiskuð víti: 6 (Gylfi 2, Jón Þ. 2, Freyr 1, Elías 1)

Utan vallar: 6 mínútur.

ÍR - Mörk (skot): Björgvin Hólmgeirsson 7 (11), Sturla Ásgeirsson 6/3 (8/4), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (4), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 3 (5), Guðni Már Kristinsson 2 (7), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Davíð Georgsson 1 (6), Daníel Ingi Guðmundsson (2).

Varin skot: Sebastian Alexandersson 13/1 (27/3, 48%), Kristófer F. Guðmundsson 2 (13/1, 15%).

Hraðaupphlaup: 6 (Björgvin 2, Sturla 1, Jón Heiðar 1, Sigurjón Friðbjörn 1, Ingimundur 1)

Fiskuð víti: 4 (Jón Heiðar 4)

Utan vallar: 8 mínútur.

Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Hauka.

SÆNSKA ÚRVALSDEILDIN

LOKAÚRSLIT, 1. LEIKUR

SUNDSVALL - SÖDERTÄLJE 66-72

Jakob Örn Sigurðarson skoraði 25 stig fyrir Sundsvall og **Hlynur Bæringsson** var með tíu stig og fjórtán fráköst. Næsti leikur í rimmunni fer fram á morgun.

LENGJUBIKAR KARLA

FJÓRÐUNGSÚRSLIT

KR - BREIÐABLIK	**1-3**
VALUR - FYLKIR	**2-0**
ÍA - VÍKINGUR Ó.	**2-4**

STYRKPEGARNIR Fimm afreksíþróttamenn fengu styrk frá Viljastyrki í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fengu fimm milljónir

ÍÞRÓTTIR Fimm íþróttamenn fengu samtals fimm milljónir í styrkveitingu frá nýjum sjóði, Viljastyrk, sem er fjármagnaður af veitingastaðakeðjunni Saffran.

Fyrsta úthlutunin fór fram í gær en framvegis verður hægt að sækja um úthlutun á hverju ári. Það er sérstakt fagráð sem tekur ákvörðun um hverjir njóti styrkjanna hverju sinni.

Fram kemur í tilkynningu frá sjóðnum að það sé von aðstandenda Viljastyrks að fleiri styðji við unga íslenska íþróttamenn, enda mikill kostnaður sem fylgi bæði því að fjármagna þjálfun og ferðalög sem fylgja því að vera afreksmaður í fremstu röð.

Þau sem fengu úthlutun nú eru Kári Steinn Karlsson hlaupari, Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari, Þorbjörg Ágústsdóttir skylmingarkona, Jón Margeir Sverrisson sundkappi og Vignir Sverrisson, sem keppir í þríþraut. - esá

Þurftum smá heppni

Fram og Haukar í lykilstöðu í úrslitakeppninni.

HANDBOLTI Fram og Haukar hafa nú 2-1 forystu í einvígjum sínum gegn FH og ÍR í undanúrslitum úrslitakeppni N1-deildar karla eftir sigra í gær. Bæði lið eru því í vænlegri stöðu og geta klárað rimmurnar á morgun.

Fram vann FH, 24-23, en leikur liðanna fer seint í sögubækurnar fyrir fegurð en spennandi var hann. Liðin héldust í hendur nær allan leikinn en taugar Framara voru sterkari undir lokin og lukkan var einnig með þeim.

„Ef maður ætlar að vinna svona leik þá þarf maður smá heppni með sér. Heppnin var okkar megin í dag og ég held að við höfum líka unnið fyrir því," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir leikinn.

„Ég held að næstu leikir verði sama spenna. Bæði lið áttu sína slöku leiki í fyrstu leikjunum og nú verður þetta spenna til enda geri ég ráð fyrir."

Haukar unnu ÍR, 25-24, eftir æsilegar lokamínútur þar sem Hafnfirðingar komu til baka eftir að hafa verið mest fimm mörkum undir, 19-14. - esá, hbg

STOPP Magnús Óli Magnússon, leikmaður FH, tekur hér á Framaranum Jóhanni Gunnari Einarssyni, í leik liðanna í Kaplakrika í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

VIÐURKENNDIR BÓKARAR Í HR

Opni háskólinn í HR hefur opnað fyrir skráningar í undirbúningsnám samhliða vinnu til viðurkenningar bókara. **Námið hefst þann 19. ágúst.**

Námið er á háskólastigi og undirbýr nemendur fyrir próf á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til viðurkenndra bókara, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

Námið er kennt undir leiðsögn reyndra sérfræðinga á þessu sviði og hannað til að nýtast nemendum strax í starfi.

Reikningshald: Dýpkar skilning þátttakenda á meginreglum reikningshalds og því lagaumhverfi sem bókhald og reikningsskil eru byggð á. Mikil áhersla er lögð á notkun tölvuforritsins Excel.

Skattskil og upplýsingakerfi: Veitir þátttakendum almenna innsýn í skattalög og reglur varðandi skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga. Auk þess er lögð áhersla á að bæta þekkingu þátttakenda á upplýsingaskyldu og verklagi varðandi virðisaukaskatt og aðra vörsluskatta.

Leiðbeinendur: Lúðvík Þráinsson, Emil Viðar Eyþórsson og Páll Daði Ásgeirsson, löggiltir endurskoðendur hjá Deloitte.

Opni háskólinn í HR býður persónulega þjónustu og framúrskarandi kennsluumhverfi.

Umsóknarfrestur er til 5. júní

Við hlökkum til að taka á móti þér.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

opnihaskolinn.is
opnihaskolinn@opnihaskolinn.is
Síma 599 6200

Hnetusmjörið hérna er allt öðruvísi

Aaron Broussard bauð áhorfendum í Grindavík upp á sýningu í körfubolta á miðvikudagskvöldið. Stigin voru 39 áður en yfir lauk, auk þess sem enginn á vellinum tók fleiri fráköst. Broussard unir sér vel með eiginkonu sinni og tíu mánaða gömlum syni í Grindavík.

KÖRFUBOLTI Broussard er alinn upp rétt sunnan við borgina Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna. Þar lauk hann háskóla síðastliðið vor og horfði út fyrir landsteinana eftir möguleika á að lifa af íþrótt sinni.

„Ég hafði ekki mörg tilboð á þeim tíma. Grindavík var eitt það fyrsta og hljómaði spennandi," segir Broussard, sem býr í Grindavík ásamt eiginkonu sinni Katie og tíu mánaða syni þeirra Aiden.

„Ég hef ekki kynnt svona smáum bæ áður en það er gaman að kynnast fólkinu, sem er afar gestrisið. Það hefur ekki verið erfitt að venjast lífinu hérna," segir Broussard. Hann hafi helst verið hræddur við veðurfarið, sem sé þó nokkuð svipað og hann á að venjast í Seattle.

„Við höfðum séð fyrir okkur miklu meiri kulda og snjókomu en þetta hefur verið frekar mildur vetur að því er mér skilst."

Spurður hvers hann sakni helst frá Bandaríkjunum kemur matur fyrst í umræðuna. Tengdaforeldrar hans heimsóttu fjölskylduna í febrúar með fullar ferðatöskur af mat.

„Í mánuð höfðum við bandarískt hnetusmjör en þegar það kláraðist urðum við að fara í Nettó. Hnetusmjörið þar bragðast allt öðruvísi," segir Broussard og hlær. Hnetusmjörið setur hann á brauð ásamt sultu en samlokuna mætti kalla þjóðarrétt Bandaríkjamanna.

Þau hjónin segjast verja miklum tíma með syni sínum Aiden sem var fjögurra mánaða við komuna til Íslands.

„Svo glápum við mikið á sjónvarpið. Maður myndi halda að hver dagur liði hægt því við erum mikið innandyra en sannleikurinn er sá að tíminn hefur flogið. Við skemmtum okkur konunglega," segir Broussard. Í bæjarblöðum í Seattle er Broussard lýst sem hógværum leikmanni sem er í takt við það sem sést hefur til hans hér á landi. Í körfubolta leggja margir mikið upp úr því að hafa munninn fyrir neðan nefið. Ekki Broussard.

„Það er ekki minn stíll. Ég reyni frekar að láta verkin tala. Sumir andstæðingar reyna þó að kveikja í mér og stundum hreyti ég einhverju í þá í gríni," segir Broussard af yfirvegun. Þrátt fyrir stórsigur í fyrsta leiknum gegn Grindavík telur Broussard sína menn geta bætt sig.

„Þeir tóku fleiri fráköst og mörg sóknarfráköst. En með þeirra lið og líkamlegan styrk kemur það ekki á óvart. Ef við takmörkum þá við eitt skot í sókn þá eigum við góðan möguleika á útisigri." Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 og er í beinni á Stöð 2 Sport.

kolbeinntumi@365.is

Í STUÐI Grindvíkingum leiddust ekki tilþrif Broussard gegn Stjörnunni á fjölum Rastarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



STUÐNINGSMENN NÚMER EITT Katie og Aiden mæta á alla heimaleiki og marga útileiki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Flest stig í fyrsta leik í 19 ár

Fara þarf alla leið til lokaúrslitanna 1994 til að finna leikmann sem hefur skorað fleiri stig í leik eitt í úrslitaleik karla en Aaron Broussard.

Rondey Robinson á metið en hann skoraði 50 stig í leik eitt í lokaúrslitum 1994. Sá leikur fór einnig fram í Röstinni í Grindavík.

Auk stiga sinna var Broussard með tólf fráköst, fjórar stoðsendingar og níu fiskaðar villur í þessum leik. Broussard þurfti líka bara 19 skot til þess að skora þessi 39 stig en hann hitti úr 11 af 19 skotum utan af velli (57,8 prósent) og 13 af 16 vítum (81,3 prósent). Petta er það mesta sem hann hefur skorað í einum leik á tímabilinu en Broussard hafði mest skorað 36 stig í tapleik á móti Keflavík í byrjun þessa árs.

Hér fyrir neðan má sjá þá sem hafa skorað flest stig í leik eitt í lokaúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn en þeir Valur Ingimundarson, Teitur Örlygsson og Hjörtur Harðarson eiga Íslandsmetið – 37 stig. - óój

Flest stig í leik eitt í lokaúrslitum:

Rondey Robinson 50
(Njarðvík - Grindavík 1994)
Aaron Broussard 39
(Grindavík - Stjarnan 2013)
Nick Bradford 38
(Grindavík - KR 2009)
Hjörtur Harðarson 37
(Grindavík - Njarðvík 1994)
Teitur Örlygsson 37
(Njarðvík - Keflavík 1991)
Valur Ingimundarson 37
(Njarðvík - Haukar 1985)
Herman Myers.....33
(Grindavík - Keflavík 1997)
Corey Dickerson.....33
(Snæfell - Keflavík 2004)
Guðjón Skúlason.....32
(Keflavík - KR 1990)
Jónatan J. Bow 31
(Keflavík - Haukar 1993)

SPORT HD FORMÚLA 1 Í OPINNI DAGSKRÁ

BESTU ÖKUÞÓRAR HEIMS RÁÐA FERÐINNI UM HELGINA

Misstu ekki af æsispennandi kappakstri í Formúlu 1. Allt í beinni útsendingu frá Barein - í leiftrandi háskerpu.

ÚTSENDINGARTÍMAR UM HELGINA

ÆFING 1 ..... FÖSTUDAGUR KL. 07:00
ÆFING 2 ..... FÖSTUDAGUR KL. 11:00
ÆFING 3 ..... LAUGARDAGUR KL. 07:55
TÍMATAKA ..... LAUGARDAGUR KL. 10:50
KAPPAKSTUR ... SUNNUDAGUR KL. 11:30

Arion banki Egils ORKA

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

SPORT HD

LA-Z-BOY®

LIFÐU LÍFINU ÞÆGILEGA!

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

89.990
VERÐ: 109.990

LA-Z-BOY

ASPEN La-z-boy stóll. Áklæði í mörgum litum. B:80 D:85 H:102 cm.

99.990
VERÐ: 119.990

LA-Z-BOY

EDEN La-z-boy stóll.
Brúnt áklæði. B:80 D:80 H:102 cm.

104.990
VERÐ: 124.990

LA-Z-BOY

PINNACLE La-z-boy stóll.
Svartur, ljós eða rauðbrúnn .
B:80 D:85 H:104 cm.

129.990
VERÐ: 159.990

LA-Z-BOY

ASPEN La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.

LA-Z-BOY

PINNACLE
La-z-boy stóll.
Svart, ljóst eða brúnt leður.
B:80 D:85 H:104cm.

159.990
VERÐ: 179.990

FULL BÚÐ AF NÝJUM STÓLUM FRÁ LA-Z-BOY

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

DAGSKRÁ

> Stöð 2 kl. 20.15
Spurningabomban

Fjörið heldur áfram í Spurningabombunni hjá Loga Bergmann á Stöð 2 í kvöld. Að þessu sinni sameina Saga Garðarsdóttir og Hugleikur Dagsson krafta sína og mæta þeim Sigmari Vilhjálmssyni og Sólmundi Hólm í bráðskemmtilegum spurningaleik.

Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON LEIKSTJÓRI

Ekkert sjónvarp, bara netið
Ég á ekki sjónvarp en horfi á bíómyndir og sjónvarpsþætti á löglegan hátt á netinu. Ég horfi aldrei á íþróttir.

SKJÁR EINN KL. 20.10

1 **Family Guy** Ég er búinn að sjá allar seríurnar og er mikill aðdáandi.

RÚV KL. 23.45



2 **Knocked Up** Það eru frábærar gamanmyndir sem hafa komið frá þessum leikstjóra, Judd Apatow.

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 17.05

3 **The Invention of Lying** Ricky Gervais er snillingur. Ég reyni að sjá allt sem hann gerir.

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskastundin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sjúkdómsgreining: Ást **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Hamingjuboð **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir Afríku **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

15.00 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið *(e)*

15.35 Ástareldur *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.

17.20 Babar

17.42 Unnar og vinur

18.05 Hrúturinn Hreinn

18.15 Táknmálsfréttir

18.25 Hljómskálinn *(1:4) (e)*

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.00 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaga. Seinni undanúrslitaþáttur.

21.10 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið Talsmaður Landsbyggðarflokksins situr fyrir svörum.

21.45 Ákærð fyrir samsæri *(The Conspirator)* Mary Surratt er eina konan sem er ákærð fyrir samsærið um að myrða Abraham Lincoln. Þjóðin fordæmir hana og hún reiðir sig á að lögmaður hennar komist að sannleika málsins og bjargi lífi hennar. Leikstjóri er Robin Redford og meðal leikenda eru Robin Wright, James McAvoy, Evan Rachel Wood, Kevin Kline og Tom Wilkinson. Bandarísk bíómynd frá 2010.

23.45 Einnar nætur gaman *(Knocked Up)* Skemmtanaljóninu Ben Stone bregður í brún þegar stelpa sem hann svaf hjá eina nótt segir honum að hún sé ófrísk. Leikstjóri er Judd Apatow og meðal leikenda eru Seth Rogen, Katherine Heigl og Paul Rudd. Bandarísk mynd frá 2007. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.

01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

12.15 The Invention Of Lying

13.50 Charlie St. Cloud

15.30 Bowfinger

17.05 The Invention Of Lying

18.45 Charlie St. Cloud

20.25 Bowfinger

22.00 Adventures Of Ford Fairlaine

23.40 The Goods: Live Hard, Sell Hard

01.10 Get Him to the Greek

02.55 Adventures Of Ford Fairlaine

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2

08.05 Malcolm In The Middle *(9:22)*

08.30 Ellen *(127:170)*

09.15 Bold and the Beautiful

09.35 Doctors *(63:175)*

10.20 Celebrity Apprentice *(3:11)*

11.55 The Whole Truth *(10:13)*

12.35 Nágrannar

13.00 Two and a Half Men *(3:24)*

13.25 All Hat Hressilegur gaman-vestri frá Kanada.

15.00 Barnatími Stöðvar 2

16.50 Bold and the Beautiful

17.10 Nágrannar

17.35 Ellen *(128:170)*

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.55 Kappræður oddvitanna Oddvitar stærstu sex flokka í Suðvesturkjördæmi sitja fyrir svörum fréttamanna Stöðvar 2 í opinni dagskrá.

19.50 Týnda kynslóðin *(30:34)* Frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.

20.15 Spurningabomban *(17:21)* Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.

21.05 American Idol *(28:37)* Tólfta þáttaröð þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Randy Jackson er á sínum stað en honum til halds og traust eru að þessu sinni Mariah Carey, Keith Urban og Nicki Minaj.

22.30 The Double Hörkuspennandi mynd með Richard Gere í hlutverki sérsveitarmanns á eftirlaunum sem fenginn er aftur til starfa til að rannsaka morð á þingmanni.

00.05 Vampires Suck Gamanmynd sem dregur dár að Twilight-myndunum.

01.25 King of California Michael Douglas fer hér með hlutverk andlega veiks föður sem reynir að sannfæra dóttur sína um að gull sé grafið undir úthverfum Kalifornía.

02.55 w Delta z

04.35 Spurningabomban *(17:21)*

05.20 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.00 Formúla 1: Barein - Æfing # 1 BEINT

11.00 Formúla 1: Barein - Æfing # 2 BEINT

18.00 Spænsku mörkin

19.00 Dominos deildin: Stjarnan - Grindavík

21.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur

21.30 La Liga Report

22.00 Dominos deildin: Stjarnan - Grindavík

23.30 Cage Contender XVI Árni Ísaksson er meðal keppenda.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.55 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.

17.10 Reading - Liverpool

18.50 Arsenal - Norwich

20.30 Premier League World 2012/13

21.00 Premier League Preview Show 2012/13 Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

21.30 Football League Show 2012/13

22.00 Arsenal - Everton

23.40 West Ham - Man. Utd.

krakkar

07.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími

13.00 Lalli

13.15 Refurinn Pablo

13.20 Áfram Diego, áfram!

13.45 Waybuloo

14.05 Svampur Sveinsson

14.30 Könnuðurinn Dóra

14.55 Doddi litli og Eyrnastór

15.05 UKI

15.10 Strumparnir

15.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar

15.55 Histeria!

16.15 Ofurhundurinn Krypto

16.35 Lukku Láki

17.00 Njósnaskólinn *(4:13)*

17.30 Ofurhetjusérsveitin

17.55 iCarly *(34:45)*

POPPTÍVÍ

17.00 Simpson-fjölskyldan *(6:22)* Fjölskyldan fær boð um að eyða helgi á heilsuhæli og þar reynir einhver að myrða Hómer.

17.25 Íslenski listinn

17.50 Gossip Girl *(24:24)*

18.35 Sjáðu

19.00 Friends *(1:24)*

19.25 How I Met Your Mother *(10:24)*

19.45 Simpson-fjölskyldan *(4:22)*

20.10 Crusoe *(1:13)* Ævintýralegir spennuþættir sem byggðir eru á klassískri sögu Daníels Defoe um mann að nafni Robinson Crusoe og líf hans á afskekktri eyðieyju eftir að hafa siglt þar í strand.

20.55 The O.C *(17:25)* Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.

21.40 Hellcats *(13:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.

22.25 Dollhouse *(9:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig. Echo er ein af þeim en virðist vera að gera sér grein fyrir aðstöðu sinni og og ákveður að reyna að losna úr þessum fjötrum og fær óvænt utanaðkomandi aðstoð.

23.10 Crusoe *(1:13)*

23.50 The O.C *(17:25)*

00.35 Hellcats *(13:22)*

01.20 Dollhouse *(9:13)*

02.05 Tónlistarmyndbönd Popptíví

GULL

18.20 Doctors *(15:175)*

19.00 Ellen *(128:170)*

19.40 Það var lagið

20.45 A Touch of Frost

22.30 American Idol *(29:37)*

23.40 Það var lagið

00.45 A Touch of Frost

02.55 Tónlistarmyndbönd Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dr. Phil

08.40 Dynasty *(15:22)*

09.25 Pepsi MAX tónlist

16.20 Necessary Roughness *(3:12)*

17.05 The Office *(2:24)*

17.30 Dr. Phil

18.10 An Idiot Abroad *(8:8)*

19.00 Everybody Loves Raymond *(10:25)*

19.25 Minute To Win It Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Kynnirinn Guy Fieri gerir sitt besta til að hjálpa þátttakendunum, þeim Rachel Adams og Mark Staniec, að næla sér í milljón dali.

20.10 Family Guy - LOKAPÁTTUR *(16:16)* Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum.

20.35 America's Funniest Home Videos *(18:44)*

21.00 The Voice *(4:13)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki.

23.30 Green Room With Paul Provenza *(8:8)*

00.00 Ljósmyndakeppni Íslands *(4:6)*

00.30 Excused

00.55 Lost Girl *(3:22)*

01.40 Color me Kubrick

03.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.00** RBC Heritage **2013** *(1:4)* **11.00** Golfing World **11.45** RBC Heritage **2013** *(1:4)* **14.45** Inside the PGA Tour *(16:47)* **15.10** RBC Heritage **2013** *(1:4)* **18.10** Golfing World **19.00** RBC Heritage **2013** *(2:4)* **22.00** Golfing World **22.50** Presidents Cup Official Film **2009** *(1:1)* **23.40** ESPN America

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Randveri **21.30** Eldað með Holta

ÚTVARP
FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

HELGARTILBOÐ

Gildir fimmtudag til sunnudags

VERÐ SPRENGJA

Takmarkað magn!
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

80 partíbitar: Kartöflubátar, laukhringir og kjúklingapopparar
~~verð áður 1.299 kr. pk.~~
499 kr. kg

SS lambabógur, 2 í pakka, frosnir
~~verð áður 1.098 kr. kg~~
699 kr. kg

ESJA GÆÐAFÆÐI

Súpukjöt úr lambabóg, frosið
~~verð áður 1.098 kr. kg~~
777 kr. kg

FLOTTIR BITAR

MÁLTÍÐ FYRIR EINN

Tilbúin á 10–14 mín

Kjúklingur í súrsætri sósu
399 kr. pk.

Spaghetti Bolognese
399 kr. pk.

Kjúklingur í karrí
399 kr. pk.

Nautalasagne
399 kr. pk.

HVÍTLAUKSBRAUÐ Á TILBOÐSVERÐI

Ostafyllt hvítlauksbrauð
299 kr. pk.

6 hvítlauksbrauð með osti
299 kr. pk.

12 hvítlauksbollur
299 kr. pk.

10 hvítlauksbrauð
299 kr. pk.

Hvítlauksbrauð 2 stk.
299 kr. pk.

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

Lengri afgreiðslutími!

Opið frá kl. **9–20** alla daga
Engihjalla og Granda

Iceland

FÖSTUDAGSLAGIÐ

„Lagið Enjoy The Silence með Depeche Mode kemur mér alltaf í gott stuð.“

Sigríður Thorlacius söngkona

Kvikmynd Þóris Snæs keppir í Cannes

Þórir Snær Sigurjónsson framleiðir Only God Forgives með Ryan Gosling sem keppir um Gullpálmann.

„Maður er í skýjunum. Maður er búinn að reyna að koma mynd þarna inn í fimmtán ár,“ segir Þórir Snær Sigurjónsson.

Hann er einn af aðalframleiðendum Only God Forgives með Ryan Gosling í aðalhlutverki, sem verður ein þeirra kvikmynda sem keppa um Gullpálmann, aðalverðlaun kvikmyndahátíðarinnar í Cannes, í maí. Tilkynnt var um þetta í gær en leikstjóri myndarinnar er Daninn Nicolas Winding Refn.

„Cannes er miklu meiri draumur fyrir mig en Óskar eða eitthvað annað. Það hefur alltaf verið markmiðið að koma mynd í aðalkeppnina,“ segir Þórir Snær. Hann er sonur Sigurjóns Sighvatssonar sem vann Gullpálmann

➜ Íslenska myndin Hvalfjörður keppir um Gullmpálmann í flokki stuttmynda í ár.

árið 1990 með myndinni Wild at Heart. Aðspurður segist Þórir vonast til að feta í fótspor föður síns og vinna keppnina. „Ég tók þessa ákvörðun þegar Wild at Heart var sýnd 1990 að vinna keppnina.“

Á meðal mynda sem etja kappi við Only God Forgives eru Liberace, The Great Gatsby, og Inside Llewyn Davis eftir Coen-bræður. Yfirmaður dómnefndar er Steven Spielberg. „Þetta getur farið á báða bóga. Maður veit ekkert hvernig viðbrögðin verða.“ - fb

Í SKÝJUNUM Þórir Snær Sigurjónsson keppir loksins um Gullpálmann í Cannes. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hver eru umhverfisáhrif íslensks matvælaiðnaðar?

EcoTrophelia Iceland 2013 & opið málþing

um íslenskan matvælaiðnað, umhverfismál og vistvæna nýsköpun

laugardaginn 20. apríl kl. 13-17
í stofu 103 á Háskólatorgi Háskóla Íslands

Fjallað verður um græna hagkerfið og stefnu stjórnvalda í þeim málum. Sagt verður frá Evrópuverkefnunum EcoTroFood (www.ecotrophelia.eu) og Converge (www.convergeproject.org) og hvernig staðið er að því að minnka umhverfisáhrif í matvælaiðnaði á Íslandi.

Verkefni í nemendakeppninni EcoTrophelia Iceland, í vistvænni nýsköpun matvæla, verða sýnd og verðlaun veitt fyrir besta verkefnið.

Nánari upplýsingar á vefnum:
matis.is/um-matis/frettir/nr/3704
nmi.is/frettir/2013/04/hver-eru-umhverfisahrif-islensks-matvaelaidnadar/

Þriðja stúlkan sem er Ræðumaður Íslands

Sigríður María Egilsdóttir er þriðja stúlkan sem hlýtur titilinn Ræðumaður Íslands á Morfís, ræðukeppni framhaldskólanna. Sigríður María segir löngu tímabært að kona hreppi hnossið, enda fjórtán ár síðan það gerðist síðast.

„Mig langaði virkilega að fá þennan titil,“ segir Verslunarskólaneminn Sigríður María Egilsdóttir. Hún hlaut titilinn Ræðumaður Íslands á úrslitakvöldi Morfís fyrir viku síðan.

Sigríður er þriðja stúlkan sem hlýtur þennan titil í 29 ára sögu keppninnar. Fjórtán ár eru síðan kona var valin síðast þegar Hadda Hreiðarsdóttir var valin Ræðumaður Íslands fyrir hönd Menntaskólans á Akureyri. Sigríður er á síðasta ári í Verslunarskólanum og var í ræðuliði skólans sem sigraði Flensborgarskólann í úrslitaviðureigninni fyrir viku síðan.

„Það var löngu orðið tímabært að kona hlyti þennan titil en það var óhjákvæmilegt vegna þess að stúlkur hafa sótt í keppnina í auknum mæli undanfarin ár,“ segir Sigríður, sem hlaut 1.000 stig á úrslitakvöldinu. „Þetta var síðasta tækifærið mitt til að reyna að ná þessum titli og ég er fegin að það tókst.“

Umræðuefni kvöldsins var hjarðeðlið þar sem Sigríður talaði á móti þessari tilhneigingu mannsins til að fylgja hjörðinni hugsunarlaust. Sigríður segir viðfangsefnið hafa verið skemmtilegt en þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún lætur til sín taka við ræðupúltið. Fyrir ári síðan sigraði hún ræðukeppni ESU, sem fer fram á ensku. „Ég slysaðist í þetta fyrir þremur árum og heillaðist. Þetta er áskorun og ákveðin sælutilfinning þegar ræðunni er lokið. Undarleg adrenalínvíma en það er enn þá stressandi að stíga í púltið. Það venst seint.“

Sigríður stefnir á lögfræði er framhaldsskólaferlinum lýkur í vor en ætlar fyrst að halda út fyrir landsteinana. „Mig langar að ferðast og upplifa smá ævintýri áður en ég sest aftur á skólabekk.“

alfrun@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÁNÆGÐ MEÐ TITILINN Sigríður María Egilsdóttir hlaut titilinn Ræðumaður Íslands á úrslitakvöldi Morfís sem fór fram á dögunum en hún er þriðja stúlkan sem hlýtur þann titil í 29 ára sögu keppninnar.

Fetar í fótspor frægra

Meðal ræðumanna Íslands í gegnum tíðina er að finna þekkt nöfn:

Helgi Hjörvar - 1986
Illugi Gunnarsson - 1987
Sigmar Guðmundsson - 1988 og 1990
Gísli Marteinn Baldursson - 1992
Rúnar Freyr Gíslason - 1993
Inga Lind Karlsdóttir - 1994
Bergur Ebbi Benediktsson - 2000
Jóhann Alfreð Kristinsson - 2003
Björn Bragi Arnarsson - 2004 og 2005

Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum www.17juni.is en umsóknum má einnig skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 10. maí.
Upplýsingar í síma 411 5502 eða á 17juni@hitthusid.is

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is

Fótboltapartí í stað kvöldverðar

Búist er við nokkur hundruð Íslendingum í fótboltapartí í Brussel á þriðjudag.

„Ég held að menn séu afar fegnir að komast úr jakkafötunum eftir langan dag á sýningunni og klæðast gallabuxum og óformlegri fatnaði, slaka á og njóta þess að horfa á leikinn í góðum félagsskap,“ segir Ólafur William Hand, forstöðumaður kynningar- og markaðsmála hjá Eimskip.

Sennilega verður eitt stærsta Íslendingapartí á erlendri grundu í háa herrans tíð haldið í Brussel í Belgíu á þriðjudagskvöld. Búist er við hundruðum Íslendinga á barinn Café des Halles þar sem leikur Barselóna og Bayern München í undanúrslitum Meistaradeildarinnar verður sýndur á tveimur risaskjáum. Eimskip býður í fótboltapartíið, sem er haldið í tengslum við sjávarútvegssýninguna í Brussel sem hefst einmitt á þriðjudag.

„Þetta er ein stærsta sjávarútvegssýning sem haldin er og mikill fjöldi Íslendinga fer þangað árlega. Það hefur skapast sú hefð síðustu þrjú ár að margir hafa viljað horfa á undanúrslit Meistaradeildarinnar sem ávallt eru á sama tíma og sýningin er haldin,“ segir Ólafur. „Undanfarin ár höfum við boðið viðskiptavinum okkar á Café des Halles til að horfa á undanúrslitin. Við ákváðum nú í stað þess að halda fínt kvöldverðarboð fyrir Íslendinga og erlenda viðskiptavini fyrirtækisins að bjóða öllum formlega í bjór og barmat og horfa á leikinn saman á barnum. Við búumst við hundruðum Íslendinga á staðinn og slæðingi af útlendingum að auki,“ segir hann. - fb

MESSI Messi og félagar í Barselóna verða á stórum skjá í Brussel.

Kletthálsi 13 - Sími 660 0023

Lagersprengja

Aðeins í nokkra daga

Við flytjum lagerinn

Allt á að seljast!

og þá meinum við allt!

20-70% afsláttur

af öllum sýnishornum, skiptidýnum, útlitsgölluðum dýnum, húsgögnum o.fl.

VALHÖLL 2013 **40% afsl.**

Vönduð 5 svæðaskipt pokagormadýna.
Verð með PU leðurbotni og fótum

Stærð	Verð	Verð nú
80cm	64,900.-	38.940.-
90cm	66,900.-	40,140.-
100cm	69.900.-	41.940.-
140cm	84.900.-	50.940.-
153cm	89,900.-	53.940.-
160cm	94,900.-	56,940.-
180cm	99,900.-	59,940.-

Þór heilsudýna 100 cm
með botni og fótum
Nú kr. 89.900.-
Verð áður kr. 119.900.-

Svefnsófar
50% afsl.
Takmarkað magn

Vandaður 3ja sæta hægindasófi með ljósu leðri á slitflötum
verð kr. 189,900
Tilboðsverð kr. 149.900.-

Hægindastóll
með ljósu leðri á slitflötum
Nú kr. 79.900.-
Verð áður kr. 89.900.-

25% afsl.
af lökum og hlífðardýnum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Svefn & heilsa

Kletthálsi 13 - Sími 660 0023
Opið kl. 12:00 - 18:00
laugardag 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikill fjöldi skynjar Gísla Pálma

Yfir 12.000 manns höfðu horft á myndband við nýjasta lag rappbófans **Gísla Pálma** í gærmorgun. Lagið sem heitir Skynja mig hafði þá aðeins verið inni á vefsíðunni Youtube í þrjá daga. Það þýðir að allt að manns 170 manns hafi skoðað myndbandið á klukkustund eða um þrír á mínútu frá því að það var sett inn á vefinn. „Þetta eru engar smá viðtökur og eiginlega einsdæmi í rapptónlistinni hér heima að lag fái svona mikla hlustun strax," segir Gísli Pálmi í samtali við Fréttablaðið. Hann er að vonum ánægður með viðtökurnar sem óhætt er að segja að séu frábærar.

- mlþ

Spurði Bjarna í beinni

Fréttakonan Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir er farin í fæðingarorlof en henni virðist hafa láðst að ganga almennilega frá tölvunni sinni á Fréttastofu Stöðvar 2. Logi Bergmann er annálaður stríðnispúki og lét það tækifæri ekki fram hjá sér fara er hann sendi inn spurningu í Sigríðar nafni á formann Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktsson, er hann sat fyrir svörum á beinni línu DV. Þar spurði Sigríður Bjarna hvernig honum fyndist hún taka sig út á skjánum í þáttunum Ísland í dag. Bjarni svaraði um hæl: „Æ, bara alveg óaðfinnanlega. Alltaf svo einlæg." Sigríður var ekki par sátt við uppátæki Loga en þetta er ekki fyrsta sinn sem hann hrekkir sjónvarpskonuna.

- áp

Mest lesið vísir

1. Pótt hann sé formaður - er hann samt alltaf pabbi minn
2. „Víktu burt, drullusokkur!"
3. Eldhaf eftir sprengingu í Waco
4. Telur að eitrað hafi verið fyrir Jordan
5. Íslenskur læknir í Boston aldrei upplifað annað eins

LEVANTO hægindastóll með skemli
Verð kr. 97.980
Til í rauðu og gráu áklæði.
Einnig til í leðri, svart, hvítt og rautt.
VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 8.450 kr. á mán.

TIMEOUT hægindastóll með skemli
VERÐ NÚ 341.982
Fullt verð 379.980
Til í mörgum litum og útfærslum.
VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 29.495 kr. á mán.

Opus hægindastóll með skemli
Verð kr. 169.980
Til í orange og gráu áklæði.
Einnig til í leðri, svart og hvítt.
VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 14.660 kr. á mán.

TEMPUR CLOUD heilsurúm

TEMPUR CLOUD
Verðdæmi 160x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. 299.000
Aukahlutur á mynd gafl.

Fæst einnig í stærðunum
80x200 cm
90x200 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
152x203 cm
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 26.129 kr. á mán.

C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud

Með fjarstýringu

C&J STILLANLEGT
með Tempur Cloud dýnu
Verðdæmi 2x90x200 cm
Verð kr. 699.000
Aukahlutur á mynd gafl.

Fæst einnig í stærðunum
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 60.629 kr. á mán.

C&J PLATINIUM heilsurúm

C&J PLATINIUM
Verðdæmi 180x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. 147.500
Aukahlutur á mynd gafl.

Fæst einnig í stærðunum
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
160x200 cm
180x210 cm
192x203 cm

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN* Aðeins 13.062 kr. á mán.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16